Bændablaðið

3. tölublað 2015 • Fimmtudagur 12. febrúar • Blað nr. 436 • 21. árg. • Upplag 32.000

Úr risavöxnu og hátæknivæddu þýsku kjúklingasláturhúsi. Mynd /HKr.

Nær 300% aukning á kjötinnflutningi á fimm árum:

Aðallega frá löndum sem nota lyf sem vaxtarhvata í stórum stíl

Á síðustu fimm árum hefur innflutningur á kjöti samkvæmt innflutningsskýrslum aukist um 277%. Árið 2014 jókst hann um 38% frá fyrra ári.

Langmest aukning varð í innflutningi nautgripakjöts, eða sem nemur 8,5-földun á magni á fimm árum. Svínakjötsinnflutningur hefur aukist um 351% á sama tíma og innflutningur á alifuglakjöti um 155%.

Yfir 64% nautakjötsinnflutningsins, um 40% innflutnings á svínakjöti og rúmlega 60% af innfluttu kjúklingakjöti kemur frá Þýskalandi sem notar jafnframt í heild mest allra Evrópuþjóða af lyfjum í landbúnaði samkvæmt tölum Evrópsku lyfjastofnunarinnar (EMA– European Medicine Agency).

Læknar um allan heim hafa árum saman varað við ofnotkun sýklalyfja sem leiðir til sýklalyfjaónæmis. Það á bæði við um beina notkun einstaklinga og notkun sýklalyfja við dýraeldi og sem vaxtarhvetjandi efnis.

Það sem hefur þó valdið sprengingu í áunnu ónæmi fólks fyrir sýklalyfjum er þó talið vera ofnotkun þeirra sem vaxtarhvata í landbúnaði víða um heim, aðallega við eldi á nautgripum, kjúklingum og svínum. Þrátt fyrir allt regluverkið fara um 70 til 80% af öllum sýklalyfjum til notkunar í landbúnaði.

– Sjá nánar bls. 2 */HKr.*

Skinnauppboð í Kaupmannahöfn:

Fremur jákvætt útlit á fyrstu dögunum

Ágætt útlit var á skinnamarkaðinum Copenhagen Fur í Kaupmannahöfn í gær.

Að sögn Einars E. Einarssonar, ábyrgðarmanns í loðdýrarækt hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, gekk sala á sjaldgæfari litategundunum vel tvo fyrstu dagana. Blaðamaður náði tali af Einari þegar sala var nýhafin á brúnu skinnunum, en um 70 prósent íslenskra minkaskinna eru einmitt brún á lit.

„Það virðist í það minnsta allt vera að seljast, sem er mjög gott," segir Einar. „Mér sýnist verðið vera svipað og það var á janúaruppboðinu, en þá var hækkun að meðaltali um tíu prósent. Enn þá er þó of snemmt að segja til um hvernig útkoman verður.

Skinnamarkaðir hafa á heildina verið að mjaka sér í rétta átt eftir að hafa tekið mikla dýfu á síðasta ári. Metár var árið 2013, þegar meðalverð á skinnum fór í 12 þúsund krónur." */smh*

Sívaxandi innflutningur á svínakjöti farinn að valda svínabændum miklum áhyggjum:

Svínakjötsframleiðsla gæti lagst af

— segir Hörður Harðarson, formaður Svínaræktarfélags Íslands, og segir að samkeppnin við útlönd sé alls ekki á jafnréttisgrunni

Innflutningur á svínakjöti á síðasta ári var hátt í 600 tonn en rúm 460 tonn árið 2013. Hörður Harðarson, formaður Svínaræktarfélags Íslands, segir íslenska framleiðendur vel geta annað eftirspurn fái þeir að keppa á jafnréttisgrundvelli.

„Starfsumhverfi íslenskra svínabænda er á engan hátt sambærilegt við það sem bændur búa við í þeim löndum sem eru að selja svínakjöt hingað til lands. Bændur þar geta aukið vaxtarhraða svínanna með því að blanda sýklalyfjum í fóður auk þess sem reglugerðir hér eru mun strangari þegar kemur að aðbúnaði og velferð dýranna," segir Hörður.

Ekki sömu reglur

Verðmyndun á afurð eins og svínakjöti ræðst af þeim kostnaði sem fellur til við framleiðsluna. Allar heimildir sem lækka þann kostnað lækka því framleiðslukostnaðinn. Dæmi um það eru fyrrnefndir vaxtarhvatar auk stuðningskerfis hins opinbera í viðkomandi löndum. Þar á ég meðal annars við styrki frá hinu opinbera til fjárfestinga, til endurbóta á gripahúsum vegna aukinna krafna um dýravelferð og meðhöndlunar á húsdýraáburði svo fátt eitt sé nefnt. Víða erlendis fá bændur einnig styrki á hverja flatareiningu lands sem hefur áhrif til lækkunar á fóðurverði sem aftur hefur áhrif á verðmyndun þeirra afurða sem verða til úr fóðrinu.

Allt þetta samandregið og samanlagt skiptir svo sköpum þegar kemur að verðlagningu afurðanna þegar þær eru seldar á milli landa og samkeppnisstöðu á markaði. Að mínu mati er ekki

Hörður Harðarson.

sanngjarnt að bændur hér á landi, sem ekki njóta styrkja og þurfa að uppfylla mun strangari kröfur um dýraheilbrigði, eigi að keppa við slíkan innflutning," segir Hörður.

Tæp 600 tonn flutt inn 2014

Að sögn Harðar á svínakjötsframleiðsla hér á landi mjög undir högg að sækja um þessar mundir og ekki síst í ljósi þess hvað stjórnvöld sýna greininni lítinn skilning.

„Mat á þörf fyrir innflutning á svínakjöti er mjög brenglað að mínu áliti," segir Hörður. „Hér gildir tvíhliða samningur við Evrópusambandið sem gerir ráð fyrir að hingað megi flytja inn 200 tonn af svínakjöti á ári á lágmarkstollum. Samningurinn gerir aftur á móti ekki ráð fyrir að við flytjum út eitt einasta tonn á móti.

Innflutningur á svínakjöti á síðasta ári er hátt í 600 tonn og var rúm 460 tonn árið 2013. Þetta er gert þrátt fyrir að svínakjötsframleiðendur hér geti í flestum tilfellum annað allri eftirspurn á landsvísu."

Veruleikafirrt stjórnvöld

Hörður segir að ef skoðaðar séu tölur frá Hagstofu Íslands yfir innflutt kjöt sem er að mestu áframunnið hér, reykt og saltað, sjáist að verð á því sé stígandi og að ekkert lát virðist vera á því.

„Verðlagning á innfluttu kjöti til neytenda fylgir nánast neysluvísitölunni og hækkar samhliða henni. Kjöt sem er nýtt eða frosið og að mestum hluta íslenskt lækkar í verði.

Mín skoðun er sú að til þess að svínakjötsframleiðsla í landinu leggist ekki af verði stjórnvöld að horfast í augu við veruleikann sem við blasir og hvað það þýðir að hætta framleiðslu svínakjöts hér á landi." */VH*

Fréttir

Gríðarlegur vöxtur í kjötinnflutningi

Árið 2014 jókst innflutningur á kjöti samkvæmt innflutningsskýrslum um 38% frá fyrra ári.

Þegar litið er fimm ár aftur í tímann er aukningin 277%. Langmest aukning varð í innflutningi nautgripakjöts eða sem nemur 8,5-földun á magni á fimm árum. Svínakjötsinnflutningur hefur aukist um 351% á sama tíma og alifuglakjötsinnflutningur um 155%.

Ekki er nóg með að innflutningur hafi aukist að magni heldur hefur hlutdeild hans í neyslu þessara kjöttegunda hér innanlands einnig vaxið hröðum skrefum. Árið 2010 nam hann 6% af neyslu þessara þriggja kjöttegunda en 21% árið 2014.

Verðmæti þessa innflutnings komið að hafnarbakka hér á Íslandi (cif) árið 2014 nam alls 1.611,5 millj. kr. Þar af var verðmæti innflutts nautakjöts 912 millj.kr., svínakjöts 271,5 millj. kr. og kjúklingakjöts 428 millj. kr.

Þegar nánar er rýnt í innflutningstölur má sjá frá hvaða löndum kjöt er flutt inn til Íslands.

Þær upplýsingar er áhugavert að setja í samhengi við tölur um lyfjanotkun frá Evrópsku lyfjastofnuninni (EMA – European Medicine Agency). Lyfjanotkun er lýst með PCU (Population correction unit) sem mælir lyfjanotkun á massa (þyngd) búfjár.

Stofnun gefur árlega út skýrslu um lyfjanotkun í Evrópu. Meðfylgjandi töflur sýna lyfjanotkun í nokkrum löndum, m.a. þeim sem mest er flutt inn af kjöti frá til Íslands.

Hér er aðeins horft til fjögurra búgreina, þ.e. þeirra sem mest er neytt af kjöti af.

Minnst lyfjanotkun á Íslandi

Lyfjanotkun er minnst í Noregi mælt á massa dýra samkvæmt EMA en næstminnst á Íslandi. Heildarlyfjanotkun er hins vegar minnst á Íslandi. Í þessum samanburði er lyfjanotkun á Íslandi mælt í mg/PCU aðeins 2% af því sem gerist á Spáni og 3% af því sem gerist í Þýskalandi. Þá notar Ísland innan við 1% af því magni sem Danir og Hollendingar bera í sitt búfé en landið er 2,5 sinnum stærra.

Dapurleg niðurstaða fyrir íslenska neytendur

Erna Bjarnadóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, segir þessa niðurstöðu vera dapurlega fyrir íslenska neytendur.

„Stærstur hluti innflutts kjöts kemur frá mesta lyfjanotanda í landbúnaði í Evrópu samkvæmt skýrslu EMA. Holland, lítið land að flatarmáli, er 12 stærsti lyfjanotandinn. Hefur íslensk verslun ekki meiri metnað en þetta, eða er hún einfaldlega að mæta kröfum forkólfa neytenda sem telja innflutning kjötvara eitt stærsta hagsmunamál þeirra?“ */HKr.*

Kjötneysla og innflutningur í tonnum

Kjúklinga- og kalkúnakjöt (innflutningi umbreytt í skrokka)

	2010	2011	2012	2013	2014
Heildarneysla	7.887	8.142	8.935	9.437	9.454
Þar af innflutningur*	697	1.094	1.135	1.549	1.777
Innflutningur af neyslu í %	**8,84%**	**13,44%**	**12,70%**	**16,41%**	**18,80%**

Nautakjöt (innflutningi umbreytt í skrokka)

	2010	2011	2012	2013	2014
Heildarneysla	4.100	4.580	4.439	4.542	5.245
Þar af innflutningur	184	724	329	443	1.746
Innflutningur af neyslu í %	**4,50%**	**15,80%**	**7,40%**	**9,80%**	**33,28%**

Svínakjöt (innflutningi umbreytt í skrokka)

	2010	2011	2012	2013	2014
Heildarneysla	6.243	6.454	6.105	6.543	6.682
Þar af innflutningur	218	600	493	776	983
Innflutningur af neyslu í %	**3,50%**	**9,30%**	**8,10%**	**11,90%**	**14,71%**

**Meðtalinn innflutningur á tollnúmeri 02109990, en algengast er að þar sé skráður innflutningur á sprautusöltuðum kjúklingabringum.*

Meðfylgjandi tafla sýnir þróun innflutnings þessara þriggja kjöttegunda og hlutdeild innflutnings í heildarneyslu árin 2010 – 2014



Innflutningur á kjöti til Íslands í kg

Tímabilið janúar til desember ár hvert

Vörutegundir	2014	2013
Alifuglakjöt	1.066.228	929.241
Nautakjöt	1.047.456	265.990
Svínakjöt	589.563	465.374
Aðrar kjötvörur af áðurtöldu	55.245	48.401
Samtals:	**2.758.492**	**1.709.006**

Aukningin nemur 1.050 tonnum eða 38% frá fyrra ári.



Lyfjanotkun við framleiðslu nautakjöts

Miðað við massa dýra		*Röðun í sæti eftir notkun*	
Framleiðsluland	**Hlutdeild**	**mg/PCU**	**Notkun alls**
Þýskaland	64,80%	5	1
Danmörk	10,90%	17	11
Spánn	10,80%	4	2
Holland	3,50%	12	7
Pólland	2,90%	8	4
Ísland		27	28

Lyfjanotkun við framleiðslu holdakjúklinga

Miðað við massa dýra		*Röðun í sæti eftir notkun*	
Framleiðsluland	**Hlutdeild**	**mg/PCU**	**Notkun alls**
Þýskaland	60,30%	5	1
Danmörk	32,20%	17	11
Litháen	7,30%	21	17

Lyfjanotkun við framleiðslu svínakjöts

Miðað við massa dýra		*Röðun í sæti eftir notkun*	
Framleiðsluland	**Hlutdeild**	**mg/PCU**	**Notkun alls**
Þýskaland	40,10%	5	1
Danmörk	35,30%	17	11
Spánn	20,00%	4	2
Holland	4,60%	12	7

Lyfjanotkun við kjötframleiðslu getur skipt miklu máli fyrir heilsu manna:

Læknar um allan heim vara við sýklalyfjaónæmi

Læknar um allan heim hafa árum saman varað við ofnotkun sýklalyfja. Það á bæði við beina notkun einstaklinga og notkun sýklalyfja við dýraeldi og sem vaxtahvetjandi efnis.

Samkvæmt upplýsingum Evrópumiðstöðvar sjúkdómavarna ECDC látast um 25.000 Evrópubúar árlega vegna sýklalyfjaónæmis. Sýklalyfin virka einfaldlega ekki til að meðhöndla sjúkdóma þessa fólks og þessi vandi fer ört vaxandi. Það sem hefur þó valdið sprengingu í áunnu ónæmi fólks fyrir sýklalyfjum er þó talið vera ofnotkun þeirra sem vaxtarhvata í landbúnaði víða um heim, aðallega við eldi á nautgripum, kjúklingum og svínum. Um 70 til 80% af öllum sýklalyfjum fara til notkunar í landbúnaði. */HKr.*

Sprettur
ÁBURÐUR

Taktu sprettinn...2015

Minna ryk - meiri gæði - betri spretta

	Áburðartegund	N	P	K	Ca	Mg	S	Se	B	vatns uppl. P	Greitt fyrir 15 mars (1)	Greitt fyrir 15 maí (2)	greiðslu-dreifing (3)
	Sprettur N27	27			4,3	1,8					65.696	67.109	70.641
	Sprettur N26+S	26			3,6	1,5	3,6				67.982	69.444	73.099
NÝTT	Sprettur N22-0-11	22		9,1	3,5	1,5					73.066	74.637	78.565
	Sprettur 25-5	25	2,2		3,3	1,4	2,5			93%	72.465	74.024	77.920
SELEN	Sprettur 25-5+Avail+Selen	25	2,2		3,3	1,4	2,5	0.002		93%	76.812	78.464	82.593
	Sprettur 26-13	26	5,7		1,3	0,5	2			93%	78.725	80.418	84.650
	Sprettur 22-7-6	22	3,1	5	2,9	1,2	2,5			93%	76.410	78.053	82.161
SELEN	Sprettur 22-7-6+Selen	22	3,1	5	2,9	1,2	2,5	0,002		93%	79.452	81.161	85.432
SELEN NÝTT	Sprettur 22-5-5+Vorvaki	22	2,2	4,1	2,9	1,2	2,5	0.002		93%	82.548	84.324	88.762
SELEN	Sprettur 20-5-13+Avail+Selen	20	2,2	11	2,4	1.0	2,5	0,002		93%	81.090	82.834	87.194
	Sprettur 20-10-10	20	4,4	8,3	2,2	0,9	2,5			93%	78.984	80.683	84.929
SELEN	Sprettur 20-10-10+Selen	20	4,4	8,3	2,2	0,9	2,5	0.002		93%	81.792	83.551	87.948
SELEN	Sprettur 20-12-8+Selen	20	5,2	6,6	2,1	0,9	2,5	0.002		93%	82.728	84.507	88.955
	Sprettur 27-6-6	27	2,6	5			2			93%	78.128	79.808	84.008
	Sprettur 22-6-13	22	2,6	11			2			93%	78.984	80.683	84.929
	Sprettur 22-14-9	22	6,1	7,5			2			93%	83.430	85.224	89.710
	Sprettur 22-10-10	22	4,4	8,3			2			93%	79.078	80.779	85.030
	Sprettur 25-9-8	25	3,9	6,6			2			93%	82.133	83.899	88.315
	Sprettur 16-15-12	16	6,5	10	1,3	0.5	2,5			93%	81.438	83.190	87.568
GARÐ-ÁBURÐUR	Sprettur 12-12-20+Avail+Bór	12	5,2	17	1,1	0,6	7,2		0.02	93%	100.746	102.913	108.329
	Sprettur DAP	18	20							93%	96.996	99.082	104.297
	Sprettur Calciprill (kornað kalk)				36,4	0,1					34.739	35.486	37.354
NÝTT	Sprettur Magprill (Kornað Ca&Mg)				24,4	9,1					50.444	51.529	54.241

Öll verð eru í íslenskum krónum pr.tonn og **án vsk**. Verðlisti getur breyst án fyrirvara.

Reykjavík
Aron Baldursson
sími: 444 3009
gsm: 840 3009
aron@skeljungur.is

Borgarfjörður, Kjós og Hvalfjörður
Einar Guðmann Örnólfsson
Sigmundarstöðum
gsm: 862 5075
einargudmann@vesturland.is

Snæfellsnes og Mýrar
Sigurjón Helgason
Mel, Mýrum
gsm: 867 8108
melur@emax.is

Dalir
Sigurður Sigurbjörnsson
Búðardalur
gsm: 899 1976
sprettur@budardalur.is

Norðvesturland
Bændaþjónustan
Eymundur Þórarinsson
Saurbæ, Skagafirði
gsm: 892 8012
saurbaer@saurbaer.is

Eyjafjörður
Þórarinn Ingi Pétursson
Grund
gsm: 899 3236
grytubakki@gmail.com

Eyjafjörður
Bernharð Arnarson
Auðbrekka 1
gsm: 659 0578
audbrekka.1@simnet.is

Norðausturland
Hallgrímur Hallsson
sími: 464 1067
gsm: 893 4094
hallgrimurh@simnet.is

Austurland
Steinn Björnsson
Þernunesi
gsm: 896 0314
steinnb@visir.is

Suðurland
Búaðföng
Lúðvík Bergmann
Stórólfsvöllum
sími: 487 8888
gsm: 896 9980
bu@bu.is

Bú Aðföng

GREIÐSLUFYRIRKOMULAG 2015

(1) **Fyrirframgreiðsla, greitt fyrir 15. mars**

(2) **Greitt fyrir 15. maí**

(3) **Greiðsludreifing / greitt fyrir 15. október**
Í boði eru 7 jafnar vaxtalausar mánaðarlegar greiðslur með gjalddaga 1. hvers mánaðar frá maí til nóvember eða ein vaxtalaus greiðsla með gjalddaga 1. október 2015.

Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga
Dragist greiðsla fram yfir eindaga reiknast dráttarvextir frá gjalddaga. Öll verð eru án/vsk. og leggst 24% vsk. ofan á verð við útgáfu reiknings.

Eldsneyti, smurolíur og aðrar rekstrarvörur á hagstæðum kjörum. Kynntu þér málið!

www.skeljungur.is

Skeljungur

Landbúnaðarháskóli Íslands:

Björn Þorsteinsson rektor til 31. maí

Dr. Björn Þorsteinsson mun sitja áfram sem rektor við Landbúnaðarháskóla Íslands til 31. maí næstkomandi.

Björn var settur tímabundið á síðasta ári til nýliðinna áramóta. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur nú ákveðið að tillögu háskólaráðs Landbúnaðarháskóla Íslands að framlengja tímabundna setningu Björns sem rektors Landbúnaðarháskóla Íslands til 31. maí 2015. Ástæðan er að ráðningarferli nýs rektors er ekki lokið. */VH*

Dr. Björn Þorsteinsson.

Nýr ábyrgðarmaður hrossaræktar hjá RML:

Spennandi verkefni fram undan

Dr. Þorvaldur Kristjánsson tók við starfi ábyrgðarmanns hrossaræktar RML um síðustu áramót. Þorvaldur er einn reyndasti kynbótadómari landsins og fjallaði doktorsritgerð hans um ganghæfni íslenskra hrossa.

Þorvaldur segir að í starfi sínu sem ábyrgðarmaður hrossaræktar sinni hann meðal annars skipulagi kynbótasýninga, samskiptum við dómara, skýrsluhaldi og samskiptum við hrossaræktarfélög erlendis sem rækta íslenska hesta auk fræðslu, leiðbeininga- og kynningarstarfs til hestamanna innanlands.

Ýmsar breytingar í skoðun

„Að mínu mati er stærsta verkefnið fram undan að endurskoða dómskalann fyrir kynbótahross og uppsetningu og framkvæmd kynbótasýninga. Ég tel að það sé kominn tími til að uppfæra skalann, skilgreina margt í honum á nákvæmari hátt og endurskoða uppsetningu kynbótasýninganna þannig að það standist betur kröfur samtímans.

Ég er enn að koma mér fyrir í starfi en hlakka til að takast á við verkefnin sem bíða mín," segir Þorvaldur.

Doktor í ganghæfni hrossa

Þorvaldur er fæddur árið 1977 í Reykjavík, sonur Geirlaugar Þorvaldsdóttur, leikkonu og kennara, og Ernis Kristjáns Snorrasonar læknis. Eftir grunnskóla fór Þorvaldur í Menntaskólann í Hamrahlíð og í framhaldi af því á Hóla í Hjaltadal. Að loknu búfræðiprófi á Hólum, þar sem megináherslan var á hrossarækt og tamningar, lá leiðin að Hvanneyri þar sem Þorvaldur útskrifaðist árið 2001 með Bsc-gráðu í búvísindum. Framhaldsmenntun Þorvaldar í kynbótafræðum fór jafnframt fram við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri en árið 2005 lauk hann meistaraprófi sínu frá skólanum en mastersritgerð hans fjallaði um erfðafjölbreytileika í íslenska hrossastofninum.

Dr. Þorvaldur Kristjánsson.

Þorvaldur varði doktorsverkefni sitt frá skólanum í nóvember á síðasta ári og er titill þess: Ganghæfni íslenskra hrossa – Áhrif sköpulags og breytileika í DMRT3 erfðavísinum.

Verkefnið fjallaði fyrst og fremst um það að kanna samband byggingar og hæfileika og styrkja hið huglæga mat á byggingu í kynbótadómum. Þorvaldur hefur starfað sem kynbótadómari í rúman áratug og er í dag einn reyndasti starfandi dómari landsins. */VH*

Orlofsdvöl í sumarhúsum BÍ

Í sumar stendur félögum í búnaðarsamböndum og búgreinafélögum, sem eiga aðild að BÍ, að sækja um orlofsdvöl í sumarhúsum BÍ.

Í boði eru orlofshús á Hólum í Hjaltadal og á Flúðum í Hrunamannahreppi. Á báðum stöðunum eru margar náttúruperlur í seilingarfjarlægð, bændur sem bjóða heim í gegnum Opinn landbúnað og áhugaverðir kaupstaðir svo fátt eitt sé nefnt. Frestur til að skila inn umsóknum rennur út 29. mars 2015 og gildir í þessu sem öðru að fyrstur kemur, fyrstur fær. Nánari upplýsingar má fá hjá Halldóru Ólafsdóttur í síma 563-0300 eða á ho@bondi.is

Yfirlit (afurðamiði) vegna skattframtals 2015:

Komið inn í Bændatorgið

Búnaðarstofa hefur nú sett yfirlit (afurðamiði) vegna skattframtals 2015 inn á Bændatorgið.

Það má finna undir Rafræn skjöl, Skattyfirlit. Rétt er að vekja athygli á því að þessi yfirlit verða að þessu sinni ekki send í venjulegum pósti.

Allir bændur eiga að hafa aðgang að Bændatorginu, en þeir sem ekki eru komnir með aðgang skal bent á að sækja um aðgang á www.bondi.is (Nýr notandi - efst í hægra horni má sjá Bændatorgið).

Verðlaunahafarnir. Frá vinstri: Sigurjón Sigurðsson, Kotlaugum, Ingimundur Vilhjálmsson, Ytri-Skógum og Guðgeir Sigurðsson, Skammadal. Ljósmynd/Búnaðarsamband Suðurlands. Mynd / MHH

Verðlaun fyrir frábæran árangur á sunnlenskum kúabúum

Á aðalfundi Félags kúabænda á Suðurlandi sem haldinn var á Árhúsum á Hellu á dögunum veitti Sveinn Sigurmundsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Suðurlands, verðlaun til þriggja kúabúa á Suðurlandi fyrir frábæran árangur á síðasta ári.

Verðlaun fyrir afurðahæsta búið og handhafi Huppustyttunnar var Ytri-Skógar með 7.832 kg/árskú og 555 kg MFP. Afurðahæsta kýrin 2014 var Stytta 336 frá Kotlaugum en hún mjólkaði 12.700 kg mjólkur og þyngsta ungneytið átti Guðgeir Sigurðsson, Skammadal en það vó 411,7 og fór í UNI*A.

Fundurinn var vel sóttur en auk hefðbundnu aðalfundarstarfa kynnti Runólfur Sigursveinsson form og fyrirkomulag ættliðaskipta á jörðum og fékk til liðs við sig aðila úr bankageiranum. Þá fór Sigurður Loftsson, formaður Landssambands kúabænda, yfir stöðu verkefna hjá félaginu. */MHH*

Álftir og gæsir við Seljaland undir Eyjafjöllum. Mynd / HKr.

Ágangur álfta og gæsa í ræktarlöndum bænda:

Tilkynnt var um tjón á um 2.500 hektara lands

Í maí á síðasta ári hófu Bændasamtök Íslands og umhverfis- og auðlindaráðuneytið samstarf um vinnu við skipulegri kortlagningu á tjóni í ræktarlöndum bænda af völdum gæsa og álfta. Nú liggur fyrir að á síðasta sumri og fram á haust skráðu og tilkynntu bændur um tjón á um 2.500 hektara lands, í um 200 tjónatilkynningum.

Samstarfið kemur til í framhaldi af ályktun Búnaðarþings 2014, þar sem farið var fram á að safnað yrði frekari upplýsingum um tjón af þessum völdum. Á grundvelli þeirra gagna verði svo ákveðið hvort heimildarákvæði verði sett í lög um tímabundna skotveiði á álft og gæs í tilraunaskyni á ræktarlöndum bænda.

„Þessir fuglar valda víða miklum skemmdum, en vantað hefur skipulega og áreiðanlega samantekt á eðli og umfangi þessa tjóns," segir Jón Geir Pétursson, skrifstofustjóri í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. „Ákveðið var að nýta rafræna upplýsingagátt Bændasamtaka Íslands, Bændatorgið, til að ná til bænda og óska eftir skráningu á tjóni af völdum álfta og gæsa í ræktunarlandi bænda. Rafræn tjónatilkynning í Bændatorginu gerði síðan kröfu um skráningu á spildum og stafrænum túnkortum í JÖRÐ. IS, www.jord.is, sem bændur eru vanir að nota við skýrsluhald í jarðrækt. Eins hefur verið kallaður saman vettvangur aðila til að vinna að þessu, en það eru, auk Bændasamtakanna og umhverfis- og auðlindaráðuneytis fulltrúar frá Umhverfisstofnun, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Fuglavernd, Náttúrufræðistofnun Íslands og Landbúnaðarháskólans."

Hægt að skrá margvíslegar upplýsingar

Að sögn Jóns Geirs fór skráning bænda fram með rafrænum hætti, inn í sérútbúinn gagnagrunn sem var sérstaklega settur upp vegna verkefnisins. „Þar er rafrænt skráningarform þar sem bændur geta skipulega skráð tjón af völdum fuglanna á ræktunarlandi sínu og skráð ýmsa þætti tjónsins, svo sem hvar á landinu (spildur tengdar stafrænu túnkorti), hvaða fuglar ollu tjóni, umfang tjóns, hvaða forvarnir voru reyndar, hvenær ársins tjónið átti sér stað og fleira. Töluverð kynning fór fram í fyrra meðal bænda til að hvetja þá til að taka þátt í þessu á vegum Bændasamtakanna og búnaðarsambanda um allt land. Ágæt þátttaka var meðal bænda sem skráðu tjón í gagnagrunninn og sendu sumir einnig inn ljósmyndir af tjóninu. Úttektaraðilar búnaðarsambanda sáu síðan um úttektir í samræmi við skilyrði Umhverfisstofnunar síðastliðið haust til að sannreyna skráðar upplýsingar frá bændum.

Þessi vinna lofar mjög góðu um að nú sé loksins komið gott form á að afla skipulegra upplýsinga um þennan ágang og reikna fram tjónið af hans völdum hjá einstökum bændum. Slíkar upplýsingar eru jafnframt forsenda þess að til geti orðið áætlun um aðgerðir til að reyna að koma í veg fyrir þetta tjón og/eða bæta það. Þar er eins áhugavert að leita í smiðju nágrannalanda eins og til Noregs eða Bretlandseyja, þar sem mikil reynsla og þekking er á ýmsum árangursríkum aðgerðum til að taka á þessum vanda."

Bændatorgið hentar vel til skráningarinnar

„Svo virðist sem gagnagrunnur Bændasamtakanna henti vel til að skrá inn tjón af völdum fuglanna og megi nýta til framtíðar til að skrásetja skemmdirnar. Þetta var auðvitað fyrsta árið sem þetta var hægt og til þess að taka, að rafræna skráningin í gagnagrunninn opnaði ekki fyrr en í byrjun sumars. Nú er verið að vinna niðurstöður úr þeim gögnum sem bárust og Umhverfisstofnun og Bændasamtökin hafa yfirfarið.

Jafnframt er verið að skoða möguleika á að keyra saman þessar niðurstöður við aðra gagnagrunna, svo sem ýmis náttúrufarsgögn hjá Náttúrufræðistofnun Íslands til að fá enn betri yfirsýn yfir tjónið og eðli þess. Þegar nákvæmar niðurstöður liggja fyrir er ætlunin að kynna þær rækilega fyrir bændum og öðrum. Ætla umhverfisyfirvöld og Bændasamtökin að halda opinn kynningarfund nú um miðjan mars til að kynna rækilega niðurstöður þessara fyrstu mælinga á þessu tjóni og ræða jafnframt hvernig best verði staðið að því að draga úr því.

Verður fundurinn auglýstur hér í Bændablaðinu þegar nær dregur," segir Jón Geir. */smh*

Bústólpi

FÓÐUR OG ÁBURÐUR

PREMIUM PRO-FIT

Kúafóður sem hámarkar fitu, prótein og afurðamagn samtímis

Inniheldur ríkulegt magn af hágæða fiskimjöli

PREMIUM PRO-FIT 13 & 17

inniheldur MEGAFAT kalsíumhúðaða fitu (aðallega C:16)

- MEGAFAT stuðlar að aukinni fitu í mjólk
- MEGAFAT er mjög orkuríkt og dregur úr hættu á súrdoða og lömun
- MEGAFAT stuðlar að aukinni frjósemi

www.bustolpi.is

PREMIUM PRO-FIT er mest selda kúafóður Bústólpa

Bústólpi ehf · fóður og áburður · Oddeyrartanga · 600 Akureyri · bustolpi@bustolpi.is · Sími 460 3350 · Fax 460 3351

Bændablaðið

Málgagn bænda og landsbyggðar

Bændablaðið kemur út hálfsmánaðarlega. Því er dreift til allra bænda landsins og fjölmargra annarra er tengjast landbúnaði.
Bændablaðinu er dreift ókeypis til þeirra er stunda búskap en þéttbýlisbúar geta gerst áskrifendur að blaðinu.
Árgangurinn kostar kr. 7.500 en sjötugir og eldri og lífeyrisþegar greiða kr. 3.750. Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík. Sími: 563 0300– **Fax:** 562 3058 – **Kt**: 631294-2279
Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími**: 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál**: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is
Blaðamenn: Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is
Auglýsingastjóri: Erla H. Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – **Sími**: 563 0303 – **Frágangur fyrir prentun**: Prentsnið.
Netfang blaðsins (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is** Netfang auglýsinga er **augl@bondi.is** Vefsíða blaðsins er **www.bbl.is**
Prentun: Landsprent ehf. – **Upplag**: sjá forsíðu – Landsprent og Íslandspóstur annast dreifingu blaðsins. ISSN 1025-5621

LEIÐARINN

Villandi tölvuleikir Viðskiptaráðs

Viðskiptaþing er nú haldið undir yfirskriftinni „Tölvan segir nei“. Í þessum dálki var í síðasta tölublaði vikið að könnun sem Viðskiptaráð lét gera í tilefni þingsins þar sem meðal annars var spurt um hvort að svarendum þætti rétt að Bændasamtökin fengju rekstrarstyrk á fjárlögum.

Hluti af niðurstöðum könnunarinnar var birt samhliða viðtali við framkvæmdastjóra ráðsins í Morgunblaðinu fyrir skömmu. Þar kom fram að meirihluti svarenda væri mótfallinn því að samtök bænda væru fjármögnuð af fjárlögum.

Staðreyndum snúið á hvolf

Þetta væri mögulega sanngjörn spurning ef Bændasamtökin fengju slíkan styrk. Það er hins vegar fjarri lagi eins og margoft hefur verið leiðrétt. Jafnframt kom fram í síðasta blaði að haft var samband við framkvæmdaaðila könnunarinnar og bent á að þarna væri verið að spyrja um hlut sem ætti sér ekki stað. Svarið var að eins mætti skilja spurninguna sem svo að hún snerist um hvort Bændasamtökin ættu að fara að fá rekstrarstyrk á fjárlögum þó það væri ekki þannig nú!

Ef að samtökin hefðu verið spurð í könnuninni um hvort þeim hugnaðist að fá opinberan rekstrarstyrk hefði svarið klárlega verið nei. Það er ekki eftirsóknarverð staða fyrir hagsmunasamtök sem hafa heilmiklar skoðanir á því sem ríkisvaldið er að gera hverju sinni, að eiga allt undir árlegum fjárframlögum þess sama ríkisvalds. Bændasamtökin eru frjáls félagasamtök og í bókhaldi þeirra er skilið á milli þeirra fjármuna sem koma frá ríkinu vegna búnaðarlagasamnings og fjármuna sem fara í að reka hagsmunabaráttu bænda.

Það er til fyrirmyndar hjá Viðskiptaráði að taka til umræðu skilvirkni og umbætur í rekstri hins opinbera á Viðskiptaþingi. Enn fremur er eðlilegt að Viðskiptaráð spyrji um og hafi skoðanir á því hvernig opinberu fé er varið. Það er réttur okkar allra að spyrja gagnrýninna spurninga, en þær þurfa að vera málefnalegar og byggja á staðreyndum. Þegar staðreyndum er snúið á hvolf eins og í þessu tilfelli hefði nú líklega verið betra að tölva Viðskiptaráðs hefði sagt nei!

Andleg og líkamleg næring

Bændur þekkja vel umræðuna um stuðning við landbúnað. Ýmsir telja að þeim fjármunum sem varið er til þeirra verkefna sé illa varið. Margoft hefur verið farið yfir rökin fyrir stuðningi við landbúnað á síðum Bændablaðsins og sú umræða mun vafalítið halda áfram.

Matvælaframleiðsla er mikilvæg fyrir hverja þjóð, raunar svo að allar þjóðir láta sig hana varða á einhvern hátt. Það þarf ekki að fjölyrða um hvað mikilvægt er að tryggja fæðuöryggi.

Við verðum öll að borða og við viljum alltaf hafa stöðugan og öruggan aðgang að nægu framboði gæðamatvara. Að því markmiði hafa stjórnvöld hérlendis alltaf unnið að með einhverjum hætti og gera það nú með beinum stuðningi annars vegar og tollvernd hins vegar. Þrátt fyrir það flytjum við inn landbúnaðarvörur fyrir 52 milljarða á ári, en út fyrir rúma 8.

Ýmsir gætu sagt að þar væri ekki sérlega langt gengið við að efla innlenda framleiðslu. Vissulega munum við aldrei framleiða innanlands allar þær landbúnaðarvörur sem fluttar eru inn, en það er alveg örugglega tækifæri til að sækja þarna fram.

Sitjandi ríkisstjórn starfar eftir stjórnarsáttmála þar sem meðal annars eru fyrirætlanir um að efla matvælaframleiðslu. Tími er kominn til að eitthvað fari að sjást til verka þar til dæmis með því að hefja vinnu við að móta starfsskilyrði landbúnaðarins á næstu árum.

Greinin bæði þarf og vill sækja fram á næstu árum. Næstu búvörusamningar þurfa því að vera sóknarsamningar. Það er ekkert vit í öðru.

En það er líka önnur næring sem skiptir samfélagið máli fyrir utan þá líkamlegu. Það er hin andlega næring. Rétt eins og framlög til landbúnaðarmála eru stundum gagnrýnd þá eru oft hnýtt í framlög til lista- og menningarmála. Stundum eru þá notuð svipuð rök að framlög til menningarmála skili litlum eða óljósum ávinningi. Hagsmunasamtök hinna skapandi greina hafa meðal annars látið skrifa skýrslur um hvað þær skili raunverulega miklum efnahagslegum ávinningi í ríkissjóð eða til landsframleiðslunnar. Ekki skal farið ofan í þær niðurstöður hér, enda er það staðreynd að hver þjóð þarf að styðja við sína menningu, hver sem hin raunverulegi hagnaður er. Sá hagnaður verður heldur ekki mældur í krónum eða aurum. Listir og menning hafa fylgt manninum eins langt og þekking okkar nær og þeirra gætir í öllum samfélögum. Löngu fyrir nútímann fann fólk hjá sér þörf fyrir að skapa, skreyta og túlka veruleikann með sínum hætti, þrátt fyrir að það væri ekki beinn hluti hinnar baráttu til að hafa í sig og á. Hin Íslenska alfræðiorðabók Arnar og Örlygs segir að menning sé „sú heild þekkingar, siðferðis, trúar og tákna sem er undirstaða mannlegs samfélags“. Ef við viljum hafa með okkur samfélag er hin andlega næring ekki síður mikilvæg en sú líkamlega. Þar þarf líka að sækja fram.

Spennandi tímar

Nú nálgast Búnaðarþing og í næsta blaði verður umfjöllun um helstu mál sem liggja fyrir þinginu. Bændasamtökin eru stolt af ýmsum verkefnum sem hafa fengið framgang eftir stefnumörkun Búnaðarþings hverju sinni. Eitt af þessum verkefnum er Opinn landbúnaður, sem felur í sér að hópur bænda hefur tekið að sér að opna bú sín til þess að skapa aukin tækifæri fyrir íbúa og gesti landsins til að kynna sér landbúnað og sveitamenningu.

Ástæða er til þess að þakka þessum aðilum óeigingjarnt starf. Opinn landbúnaður og opin umræða á að vera okkar keppikefli. Það er þess vegna fagnaðarefni að nú liggja fyrir Búnaðarþingi nokkur stór mál sem ætla má að fái góða umræðu og farsælar lyktir á fulltrúaþingi okkar sem hefst 1. mars. Meira um það síðar.

/SSS

LOKAORÐIN

Dulin markmið?

Það eru mörg baráttumálin hjá hagsmunasamtökum og pólitískum öflum á Íslandi. Nokkur þeirra virðast hafa það að höfuðmarkmiði að ganga af íslenskum landbúnaði dauðum. Þannig að hann sé ekki að þvælast fyrir kaupmönnum sem vilja óheft frelsi í innflutningi og álagningu á landbúnaðarvörur.

Í þessari baráttu skiptir engu máli hvaða rök íslenskir bændur bera fram né íslenskir og erlendir vísindamenn og virtir fræðimenn í þróun matvælaframleiðslu á heimsvísu. Hinn íslenski Mammon þarf aukið olnbogarými á markaðnum.

Fyrrverandi ritstjóri á Fréttablaðinu og núverandi framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda talaði í viðtali í Bítinu á Bylgjunni 5. febrúar um nauðsyn á frelsi í innflutningi á kjötvörum og sagði m.a.:

„Okkar röksemdafærsla hjá Félagi atvinnurekenda hefur fyrst og fremst verið sú að neytendur eigi að geta valið. Það á að vera hægt að flytja inn kjöt á lágum eða helst engum tollum … og það þarf að vera umræða og upplýsing á meðal neytenda.“

Það er einmitt það. Er þá ekki rétt að ræða um aðvörunarorð lækna og tölur frá Evrópsku lyfjastofnuninni (EMA – European Medicine Agency) um lyfjanotkun í landbúnaði? Upplýst hefur verið að megnið af innflutta kjötinu komi frá Þýskalandi sem er mesti lyfjanotandi í landbúnaði í Evrópu!

Framkvæmdastjórinn sagði frá því að erlendir birgjar íslenskra kjötinnflytjenda uppfylltu strangar kröfur um innra og ytra eftirlit með heilbrigði og hollustu, vottuð gæðakerfi og rekjanleika vörunnar niður á einstakar skepnur.

Einmitt það. Í sjónvarpsþætti á RÚV fyrir skömmu var heimildamynd um kjötflutninga á milli landa sem sýndi vel fáránleika upprunamerkinga sem ESB gefur út. Þar var m.a. greint frá grísum sem aldir voru upp í Litháen, Finnlandi og í Danmörku og fluttir lifandi til Póllands. Eftir stutt áframeldi í Póllandi fóru þeir í pólsk sláturhús og var pakkað samkvæmt reglum ESB. Og viti menn, þá var upprunaland grísanna Pólland. Svipuð tilvik hafa komið upp varðandi kjúklinga-, hrossa- og nautakjöt. Menn vita lítið um raunverulegan uppruna.

Þessi skrípaleikur er farinn að ganga mjög nærri úrvinnsluiðnaði í Danmörku og finnskir bændur óttast að þegar búið verði að hrekja þá af heimamarkaði muni innflutt kjöt stórhækka í verði. – Getur verið að það sé líka undirliggjandi markmið með óheftum innflutningi á kjöti til Íslands? */HKr.*

Ný bók komin út um þjálfun fjárhunda

Ný bók um fjárhunda, þjálfun þeirra og uppeldi er komin út. Höfundurinn er Elísabet Gunnarsdóttir, en hún er menntaður hundaþjálfari og hefur haldið fjölmörg námskeið.

Bókin heitir Border Collie fjárhundar – leiðarvísir um þjálfun og uppeldi. Í formála bókarinnar kemur fram að framboð á íslensku fræðsluefni um Border Collie fjárhunda – og tamningu þeirra – hafi ekki aukist í takt við aukna útbreiðslu tegundarinnar. „Margir þeir sem eiga slíka hunda gera sér ekki endilega grein fyrir hvaða væntingar þeir geta haft til hundsins eða hvaða vinna liggur að baki tömdum hundi. Allt of algengt er að bændur fari með hund í smalamennskur án þess að nokkur markviss tamning hafi átt sér stað og skammi svo hundinn þegar hann gegnir ekki. Það er því miður hlutskipti margra hunda sem vel gætu orðið ágætis fjárhundar, að sinna mjög takmörkuðum verkefnum eða vera jafnvel lokaðir inni þegar á að fást við fé. Útgáfa þessarar bókar mun vonandi stuðla að jákvæðri breytingu þar á,“ segir í formálanum.

Elísabet með brúnu tíkina Lúsý.



Forsíða bókarinnar.

Bókin er til sölu í móttöku í Ásgarði á Hvanneyri og kostar 3.500 kr. Hægt er að panta bókina í síma 433-5000 eða á netfanginu dagny@lbhi.is. */smh*

Æðarbændur í Innri-Hjarðardal í Önundarfirði farnir að hugsa til vorsins:

Síðasta sumar var gjöfult en stöðugt þarf að vakta tófuna

Æðarbændurnir Sólveig Bessa Magnúsdóttir og Björgvin Sveinsson í Innri-Hjarðardal í Önundarfirði eru með eitt stærsta æðarvarpið í firðinum eða um 1.200 til 1.300 kollur. Gekk æðarvarpið mjög vel á síðastliðnu sumri og afraksturinn góður.

Björgvin segir að þau hjón hafi hætt kúabúskap fyrir nokkrum árum en séu nú með nokkrar kindur svona meira til að sýnast. Annars stundi þau bæði vinnu utan búsins, Sólveig Bessa vinnur hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða á Ísafirði og Björgvin er verktaki og vinnur m.a. fyrir Vegagerðina auk þess að stunda leigubíla- og rútuakstur.

Þau eru nú að huga að því að koma upp aðstöðu þannig að veita megi ferðamönnum aðgengi að varpinu.

Æðarvarp í stað kúabúskapar

Í innri-Hjarðardal var kúabúskapur, en svo er ekki lengur.

„Við hættum með kýrnar og erum nú bara með æðarvarpið og þessar kindur. Síðan erum við líka að sinna ferðamönnum á sumrin.“

– Hvernig var æðarvarpið í fyrrasumar?

„Það var mjög gott og heldur aukning hjá okkur í varpinu á meðan það fækkaði hjá öðrum. Ég held að varnirnar eigi sinn þátt í því, en við erum stanslaust á ferðinni allar nætur og allan tímann sem varpið stendur yfir. Ég er þá með byssuna en það er mikið af tófu og ekkert lát virðist vera á stofninum. Við erum líka svolítið stífir hér í vetrarveiði því sá refur sem er skotinn á vetri eignast ekki afkvæmi. Það er samt af nógu að taka því tófan er með greni út með öllum fjörðum þar sem við náum ekki til hennar.“

Þar sem Björgvin er vanur refaveiðum og á vaktinni allar nætur á vorin hafa aðrir æðarbændur líka fengið hann til að fylgjast með varpinu hjá sér.

Sólveig Bessa Magnúsdóttir æðarbóndi að tína dún í æðarvarpinu í Innri-Hjarðardal.

Björgvin Sveinsson með Drottningunni í Innri-Hjarðardal, sem er aldursforsetinn í fjárhúsinu og að verða sex vetra. Mynd / SBM

Björgvin segir að í varpinu hjá þeim, sem er reyndar mjög þéttsetið, séu um 1.200 til 1.300 æðarkollur. Síðan eru nokkur vörp innar í Önundarfirðinum. Hann segir að þau njóti þess í Innri-Hjarðardal að snjó taki yfirleitt fljótt af hjá þeim sem getur skipt sköpum fyrir varpið.

Drottning í 30 kinda hópi

Bændablaðinu á skotnaðist skemmtileg mynd af Björgvini með elstu kindinni á bænum fyrir nokkru. Þótti vel við hæfi að spyrja hann út í þessa fallegu kind.

„Hún er kölluð Drottningin þar sem hún er elsta ærin okkar. Hún kemur alltaf til að fá klapp þegar maður kemur í fjárhúsið. Þar sem við erum með svo fáar kindur eru þær allar handvanar og koma hlaupandi til manns þegar maður birtist.

Drottningin er að verða sex vetra, en hún hefur ekki alltaf verið svona blíðlynd. Það kom út af því að það þurfti að venja undir hana lamb og meðan lambið saug þá var kindinni strokið um hausinn til að róa hana. Þetta fannst henni svo gott að það varð að vana og síðan hefur hún alltaf komið hlaupandi til manns.

Annars erum við bara með 30 kindur og erum aðallega með þær til að hafa eitthvað að gera þegar við erum í smölun annað en að reka fé annarra. Það er svona meira til að vera með og fyrir fjörið, en þetta borgar sig engan veginn,“ segir Björgvin. */HKr.*

Vélfang opnað á nýjum stað við Frostagötu á Akureyri

– verkstæðið tekur við öllum tegundum og stærðum tækja

Vélfang hefur nú fært starfsemi sína norðan heiða að Frostagötu 2a á Akureyri. Starfsaðstaða og aðstaða fyrir viðskiptavini batnar til muna og hvetja Vélfangsmenn alla viðskiptavini til að kíkja í kaffi og skoða nýju aðstöðuna.

Vélfang hefur verið með aðstöðu hjá Finni ehf. undanfarin ár. Eyjólfur Pétur Pálmason, forstjóri Vélfangs, segir í tilkynningu að nú ætli þeir að flytja að heiman og standa á eigin fótum.

„Við viljum nota tækifærið og þakka Finni Aðalbjörnssyni og starfsmönnum hans kærlega fyrir samstarfið og aðstöðuna undanfarin ár.“

Vélfang ehf. er sölu- og þjónustufyrirtæki sem þjónar landbúnaði, sveitarfélögum og vinnuvélaeigendum. Helstu umboð eru CLAAS, Fendt, JCB, Kuhn og Kverneland ásamt fjölda annarra vörumerkja.

Vélfang hefur nú flutt aðstöðu sína á Akueryri að Frostagötu 2a.

Verkstæðið við Frostagötu getur tekið á móti öllum tegundum og stærðum tækja og verður þar öllum veitt þjónusta óháð því hvort Vélfang hefur umboð fyrir viðkomandi tæki eða ekki. Starfsmenn Vélfangs á Akureyri eru þaulreyndir og benda Vélfangsmenn á að Örvar Snær Haraldsson sé kominn til baka eftir stutt frí. Hann muni nú einbeita sér í auknum mæli að sölu á nýjum og notuðum vélum. Einnig verður hann Hermanni Hafþórssyni til taks í þjónustunni, einkum á álagstímum, og munu þeir eiga helstu síur og slitfleti á lager.

„Strákarnir ætla að leysa hvers manns vanda“, eins og segir í tilkynningu frá Vélfangi.

Afgreiðslutími á nýja staðnum er alla virka daga frá 8–17 og símanúmerið er 580 8221.

MÆLT AF MUNNI FRAM

123

Af einskærum dónaskap birti ég í síðasta vísnaþætti vísu **Einars Kolbeinssonar** um hrakfarir íslenska handboltalandsliðsins í Katar. Ekki hafði ég til þess formlegt leyfi Einars, og er ég hugðist rækja við hann vinskap daginn sem blaðið kom út, þá var kveðjan fremur kuldaleg:

Um það verður engu breytt
þó í mér gremjan syngi.
Hún var aldrei hugsuð neitt
handa almenningi.

Daginn eftir var Einar þó búinn að átta sig á því, að e.t.v. fengi hann aldrei birtar vísur eftir sig í þessum þáttum, og því hyggilegt að kyngja stoltinu:

Áfram vinskap mæta munt
hjá mér, hvað sem á dynur,
enda ristir afar grunnt
í mér gremjan vinur.

Það reyndust fleiri hafa haldgóðar skýringar á frammistöðu íslenska landsliðsins í Katar. Indriði Aðalsteinsson á Skjaldfönn er skorinorður að vanda:

Af áhyggjum ég illa sef,
orsök ? – Tékka fantar.
Alveg ljóst að Óla Stef
einfaldlega vantar.

Ugglítið hafa einhverjir lesendur veitt því eftirtekt, að lítið hefur um langa hríð sést til **Péturs Pétursonar** læknis í þessum þáttum. Því hringdi ég til hans á dögunum í og með til að leita frétta úr Bragheimi. Lét Pétur lítið yfir andlegri iðju sinni, enda hefði ég frjáls afnot af efni frá **Einari Kolbeinssyni** og þyrfti tæpast annars með. Leið svo lítil stund:

Væflast ég í vetrarmuggu,
varla neitt á blað ég set,
og á Þorra engri tuggu
upp í Geirhjört stungið get.

Afturreka er hann gerður
enn skal reynt á garpsins þol,
því áfram jórtra víst hann verður
vísnabálka Einars Kol.

Líða svo fáeinir dagar í fálæti og leyfði ég lækninum að sleikja sárin í friði eða allt fram til 2. febrúar að ég sendi honum árlega afmæliskveðju. Ekki var honum sérlega glatt í geði þann daginn enda bíður hann enn bata eftir verulega slæmt slys í göngum sl. haust. Hestur hnaut undir Pétri með þeim afleiðingum að hann fékk mikið höfuðhögg og missti við það sjón á öðru auga. Gætir því engrar bjartýni í kveðskap afmælisbarnsins:

Lukkan við þeim lítið hlær
sem leka fram af makkanum.
Enn ég færst hef ári nær
andskotans grafarbakkanum.

Öðru hvoru hafa samband við mig málvöndunarmenn, og þá helst ef einhver ambaga birtist í Bændablaðinu. Auðvitað var verulega pínlegt að sjá á forsíðu síðasta tölublaðs ranga beygingu á orðinu „kýr“, og verður það að teljast óheppilegt í sjálfu málgagni bændastéttarinnar. **Björn Ingólfsson**, fv. skólastjóri á Grenivík, orti strax að loknum lestri forsíðu síðasta Bændablaðs:

Laglegt er Bændablaðið nú.
Blöskrar mér aðeins þó að sjá
framan á, þar er falleg „kú“,
mér finnst ætti líka að vera „á“.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com

Fréttir

Skólahaldi verður hætt á Hallormsstað

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti á fundi sínum í liðinni viku að hætta skólahaldi á Hallormsstað. Aðein tíu börn eru í skólanum þetta skólaár. Unnið verður að nýjum samningi um samstarf við Fljótsdalshrepp um samstarf í skólamálum.

„Hallormsstaðaskóli á farsæla sögu allt frá því skólinn var settur í fyrsta sinn í upphafi árs 1967. Undanfarin ár hefur börnum í skólahverfi skólans hins vegar farið stöðugt fækkandi og sum þeirra sækja skólavist í aðra skóla en sinn heimaskóla. Nemendur Hallormsstaðaskóla fylla á skólaárinu 2014–2015 aðeins einn tug," segir í tillögu sem lögð var fram á fundinum og samþykkt samhljóða.

Ekki vísbending um breytingar

Enn fremur segir að þar sem ekki eru vísbendingar um breytingar á þessari þróun sé það mat þeirra sem að skólanum standa, þ.e. sveitarfélaganna Fljótsdalshéraðs og Fljótsdalshrepps, að ekki séu lengur forsendur fyrir að skólahaldi í Hallormsstaðaskóla verði haldið þar áfram og er lagt til að því verði hætt frá og með næsta skólaári. Í framhaldi af því þurfa sveitarstjórnirnar að skipa sem fyrst starfshóp sem fái það verkefni að vinna drög að nýjum samningi á milli sveitarfélaganna um samstarf í grunn-, leik- og tónlistarskólaþjónustu.

Starfshópur skipaður

Jafnframt taki sveitarstjórnirnar afstöðu til þess hvernig skuli farið með þær eignir er hýst hafa skólastarf á Hallormsstað á umliðnum árum.

Í starfshópnum sitji oddviti Fljótsdalshrepps, ásamt öðrum fulltrúa frá Fljótsdalshreppi og bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs, ásamt öðrum fulltrúa frá Fljótsdalshéraði. Með hópnum starfi fræðslufulltrúi og starfsmaður eignasviðs Fljótsdalshéraðs. Stefnt verði að því að starfshópurinn taki sem fyrst til starfa og að drög að nýjum samningi milli sveitarfélaganna liggi fyrir eigi síðar en 1. mars 2015. Bæjarráði verði falið að ganga frá skipan í starfshópinn.

Bæjarstjórn óskar eftir því við fræðslunefnd að hún fjalli um frágang við lok skólahalds á Hallormsstað í samráði við sveitarstjórn Fljótsdalshrepps. Afgreiðsla bæjarráðs að öðru leyti staðfest." */MÞÞ*

Útflutningur á sauðfjárafurðum 2014:

Verðmætið nam 3,1 milljarði króna

Í tölum sem Hagstofa Íslands hefur birt kemur fram að sauðfjárafurðir voru fluttar úr landi á síðasta ári fyrir ríflega 3,1 milljarð króna. Um bráðabirgðatölur er að ræða.

Samkvæmt upplýsingum af vef Landssamtaka sauðfjárbænda (LS) er það heldur minna en á árinu 2013, þegar verðmæti afurðanna nam 3,5 milljörðum króna. Stærstur hluti afurðanna er kjöt og ýmsar kjötafurðir, eða 74,2 prósent. Gærur skiluðu 13,3 prósentum og ull 12,5 prósentum.

Þá var magn afurða sömuleiðis minna eða 6.889 tonn í stað 7.861 árið 2013. Vegna verðlækkana á mörkuðum með gærur dróst útflutningur á þeim saman um 1.000 tonn og verðmætið um tæpar 350 milljónir – og munar mest um þann samdrátt. Krónan styrktist líka á árinu og því minnka útflutningstekjurnar í samræmi við þá þróun.

Í upplýsingunum frá LS kemur enn fremur fram að 77 prósent afurðanna, miðað við verðmæti, hafi farið til Evrópu, þar af 42 prósent til aðildarlanda Evrópusambandsins (ESB) en 35 prósent til landa utan ESB; einkum Noregs, Rússlands og Færeyja. Til Asíu fóru 15 prósent og átta prósent til N-Ameríku. Noregur er sem fyrr verðmætasta útflutningslandið, en tekjur vegna útflutnings þangað námu um 600 milljónum króna. */smh*

Með því að rækta úrvalsbirki aukast líkurnar á því að upp vaxi hávaxnara og beinvaxnara birki en algengt er að sjá í íslenskri náttúru. Mynd / VH

Samningur sem tryggir framhald birkikynbóta:

Skógrækt ríkisins fóstrar „Emblu"

Skógrækt ríkisins, Garðyrkjufélag Íslands og Skógræktarfélag Íslands hafa undirritað samning um frærækt og viðhaldskynbætur á birkiyrkinu 'Emblu'. Skógrækt ríkisins sér um frærækt hins kynbætta birkis og miðlun fræsins til ræktenda.

Samningurinn tryggir að áfram verði unnið að kynbótum á íslensku birki og eykur möguleika trjáræktenda á að fá til ræktunar úrvalsbirki sem er bæði harðgert, beinvaxið og hraðvaxta.

Gróðurbótafélagið

Birkikynbætur hófust með formlegum hætti innan hóps sem kenndi sig við Gróðurbótafélagið árið 1987. Í félaginu voru fulltrúar Skógræktar ríkisins, Skógræktarfélags Íslands, Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins, Garðyrkjufélags Íslands, Garðyrkjuskóla ríkisins og Gróðrarstöðvarinnar Markar auk áhugamanna um bætt erfðaefni til garðyrkju og skógræktar í landinu.

Árangur starfsins endurspeglast í yrkinu Embla sem í samanburðartilraunum hefur reynst jafnbesta innlenda yrkið sem völ er á til ræktunar hér á landi.

Embla eftirsótt

Skógrækt ríkisins vinnur nú að því að endurskipuleggja þá þjónustu við trjárækt í landinu sem felst í að útvega fræ af heppilegu erfðaefni. Í frétt á heimasíðu Skógræktar ríkisins segir að í útboðsgögnum vegna skógræktar sé í vaxandi mæli óskað eftir Emblu og því þurfi að efla frærækt af yrkinu.

Þorsteinn Tómasson mun í umboði Garðyrkjufélags Íslands, Skógræktarfélags Íslands og Skógræktar ríkisins stýra fræræktinni á Tumastöðum til loka árs 2016.

Skógrækt ríkisins mun tilnefna starfsmann sem mun taka við faglegri ábyrgð á viðhaldskynbótum og frærækt Embluyrkisins af Þorsteini eftir árslok 2016.

Birki í brennidepli þessa dagana

Með því að rækta úrvalsbirki aukast líkurnar á því að upp vaxi hávaxnara og beinvaxnara birki en algengt er að sjá í íslenskri náttúru. Úr verða bæði fallegri og nytsamlegri skógar en kræklótta birkikjarrið og meiri möguleikar á að skógurinn gefi af sér tekjur. Jafnframt er kynbætt birki fagnaðarefni fyrir garðrækt í landinu. */VH*

Ekkert eftirlit er með innfluttri lífrænt vottaðri matvöru

Ekkert eftirlit er með matvöru sem flutt er til landsins sem lífrænt vottuð, frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Að sögn Einars Arnar Thorlacius, lögfræðings hjá Matvælastofnun, sem hefur lögbundið eftirlitshlutverk, hefur þessi málaflokkur að einhverju leyti orðið útundan.

„Matvælastofnun býr við naumar fjárveitingar og mannskap og verður að forgangsraða málum. Við þá forgangsröðun hefur málaflokkurinn lífræn framleiðsla orðið sem sagt nokkuð útundan og kannski ekki fengið þá athygli sem hann á skilið.

Matvælastofnun fylgist fyrst og fremst með innflutningi á matvælum frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins, enda frjálst flæði vöru innan þess svæðis eins og kunnugt er. Ekki er sérstaklega fylgst með lífrænni vottun við innflutning á vörum frá þriðju ríkjum [utan EES] umfram þær skyldur sem reglugerð um eftirlit með innflutningi á dýraafurðum frá ríkjum utan EES, leggur Matvælastofnun á herðar.

Það liggur þó fyrir að Bandaríkin eru á lista yfir þriðju lönd sem heimilt er að flytja inn vörur frá og inn á EES. Það merkir að það sem er vottað lífrænt í Bandaríkjunum samræmist stöðlum sem í gildi eru í ESB.

Reglugerð ESB/1235/2008 gildir um innflutning á lífrænum vörum frá þriðju ríkjum. Það ber þó að hafa í huga að Ísland hefur ekki enn tekið upp „nýjustu" (frá 2008) ESB-reglugerð um lífræna framleiðslu. Gamla reglugerðin heldur því enn gildi sínu (ísl.nr. 74/2002)," segir Einar.

Eftir því sem næst verður komist er ekki heldur fylgst með því magni af matvöru sem flutt er inn til landsins, sem lífrænt vottuð. Engin tollnúmer eru til fyrir þessar vörur, nema nú nýlega fyrir lífrænt vottaða mjólk. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið úthlutaði tollkvóta fyrir þá vöru frá 10. nóvember á síðasta ári sem gildir til 1. maí á þessu ári.

Vegna skorts á þessum upplýsingum er erfitt að átta sig á hver eftirspurnin eftir þessum vörum er í raun og veru. */smh*

Q10 plus
NIVEA
NIVEA
Q10 plus
ANTI-WRINKLE
SERUM
PEARLS
KRAFTMESTA
BLANDAN OKKAR
AF Q10
NÝJUNG
ÓMÓTSTÆÐILEGAR Q10 SERUM PERLUR
SEM DEKRA VIÐ HÚÐINA

Fréttir

Landbúnaðarnefnd Blönduósbæjar:

Óánægja með úrskurð óbyggðanefndar

Landbúnaðarnefnd Blönduósbæjar lýsir yfir óánægju með úrskurð óbyggðanefndar sem úrskurðaði í síðasta mánuði að Skrapatungurétt, Fannlaugarstaðir og Skálahnjúkur teldust til þjóðlendna.

Nefndin hvetur sveitarstjórn Blönduósbæjar til þess að áfrýja úrskurðinum til dómstóla en hver sá sem ekki vill una úrskurði óbyggðanefndar skal höfða einkamál innan sex mánaða frá útgáfudegi þess Lögbirtingablaðs sem útdráttur úr úrskurði sé birtur í. Óbyggðanefnd kvað upp úrskurð sinn 19. desember síðastliðinn í ágreiningsmálum um þjóðlendur á svonefndu svæði 8 norður. Svæðið tekur til Húnavatnssýslu vestan Blöndu ásamt Skaga og skiptist í svæðin Skaga, Húnavatnshrepp, Húnaþing vestra, syðri hluta og Vatnsnes. Í úrskurðinum er m.a. fallist á að Skrapatungurétt, ágreiningssvæði vegna Fannlaugarstaða og ágreiningssvæði vegna Skálahnjúks væru þjóðlendur.

Elfar Guðni Þórðarson listmálari mun sýna verk sín á sólarkaffinu á Stað á Eyrarbakka 15. febrúar.

Sólarkaffi Vestfirðinga á Suðurlandi 15. febrúar

Nokkrir Vestfirðingar, sem búa á Suðurlandi, boða til sólarkaffis að hætti Vestfirðinga sunnudaginn 15. febrúar 2015 í Félagsheimilinu Stað á Eyrarbakka kl. 15.00.

Alsiða er í byggðum Vestfjarða að drekka sólarkaffi með pönnukökum þegar sólin sést aftur eftir skammdegið. Þessi siður hefur ekki verið á Suðurlandi enda sést sól þar alla daga ársins. Með þessu vilja aðfluttir Vestfirðingar á Suðurlandi gefa sveitungum að vestan kost á að hittast í sólarkaffi og jafnframt kynna þennan góða sið fyrir Sunnlendingum og öðrum hér um slóðir.

Á sólarkaffinu verður Elfar Guðni Þórðarson, listmálari á Stokkseyri, með málverkasýningu á Stað sem nefnist Frá Djúpi til Dýrafjarðar. Elfar Guðni hefur fimm sinnum á þessari öld dvalið á Sólbakka í Önundarfirði í samtals þrjá mánuði og málað mikið í vestfirskri náttúru. Hann segist hvergi utan heimaslóðar sinnar hafa orðið fyrir jafn sterkum áhrifum til listsköpunar eins og vestra og má sjá þetta á sýningunni.

Vestfirska forlagið að Brekku á Þingeyri fagnaði nýlega 20 ára afmæli og mun í tilefni þess gleðja tuttugu þátttakendur í sólarkaffinu á Eyrarbakka með veglegum bókaverðlaunum.

Allir hjartanlega velkomnir meðan húsrúm leyfir.

STARRI
VARANLEG LAUSN
Öflugar og skilvirkar fuglafælur sem byggja á hljóðtækni. Búnaðurinn er sjálfvirkur og notar viðvörunarhljóð fuglanna sjálfra. 25 ára reynsla frá Bretlandi í fuglafælum og er leiðandi á heimsvísu.

Nánari upplýsingar:
sími 896-1013 eða
sala@fuglavarnir.is
SCARECROW BIO-ACOUSTIC SYSTEMS
fuglavarnir.is

Klúka í Miðdal. Mynd / Íris Björg Guðbjartsdóttir

Útsending sjónvarps næst ekki í Miðdal á Ströndum:

Á Klúku er aðeins boðið upp á rauða rönd á skjánum fyrir 68.800 kr. á ári

Útsendingar sjónvarps hafa ekki náðst á fjórum bæjum í Miðdal frá því breyting var gerð á sjónvarpsdreifikerfinu í byrjun mánaðar, þegar farið var úr hliðrænu dreifikerfi yfir í stafrænt.

Miðdalur liggur á milli Steingrímsfjarðar og Gilsfjarðar og tilheyrði Kirkjubólshreppi á Ströndum í eina tíð.

Íris Björg Guðbjartsdóttir býr á Klúku ásamt eiginmanni sínum, Unnsteini Árnasyni, og börnum, en þar reka þau sauðfjárbú. Þau eiga gamalt sjónvarpstæki og notuðust áður við loftnet sem staðsett var uppi á þaki íbúðarhússins.

Kaupa græjur en ekkert dugar

Íris segir að ýmislegt hafi verið reynt til að ná útsendingum en allt komi fyrir ekki. Starfsmenn Vodafone hafa komið við á Klúku og segir Íris að þeir hafi náð útsendingu úti á hlaði.

„Þannig að við höldum alltaf að við séum að gera eitthvað vitlaust en við reynum áfram," segir hún. Ábúendur hafa keypt þar til gerðar græjur til að freista þess að ná útsendingum, m.a. stafrænan móttakara, sérstakan magnara og fleira. Áður en magnarinn var settur upp gaf sjónvarpið til kynna að það næði 18% merki, en 34% á eftir. „Það er allt of sumt, örlítil framför en alls ekki nóg," segir Íris.

„Við höfum síðustu daga gert margvíslegar tilraunir með staðsetningu á loftneti, en ekkert gengur.

Úr því Vodafone-menn náðu sendingu úti á hlaði höldum við alltaf að við séum að gera eitthvað rangt. Næst á dagskrá er að kaupa nýjar loftnetssnúrur og sjá hvort það skili tilætluðum árangri," segir Íris.

Fjórir íbúar á Klúku greiða útvarpsgjald, samtals 68.800 krónur á ári, og segir hún að þau eins og aðrir landsmenn sem greiða skattinn vilji sjá eitthvað annað í sjónvarpinu en rauða rönd. En það er það eina sem í boði hefur verið á Klúku síðustu tíu daga. */MÞÞ*

Erla Sólveig tekur vel á móti gestum sem koma til hennar í vínbúðina á Kópaskeri. Mynd / Framsýn

Ánægð með viðtökurnar

Ein minnsta Vínbúð landsins var opnuð á Kópaskeri í lok nýliðins árs. Hún er staðsett inn af versluninni Skerjakollu að Bakkagötu 10, en hún er í flokki minnstu Vínbúðanna. ÁTVR rekur nú 49 Vínbúðir um allt land.

Erla Sólveig Kristinsdóttir heldur utan um starfsemi ÁTVR á Kópaskeri í góðu samstarfi við vínbúðina á Húsavík. Hún sagðist ánægð með viðtökurnar og ekki væri annað að heyra en viðskiptavinir vínbúðarinnar væru ánægðir með verslunina.

Afgreiðslutími Vínbúðarinnar nú í vetur er mánudaga til fimmtudaga frá 17–18 og föstudaga frá 14–18. Þetta kemur fram á vefsíðu Framsýnar.

Meindýraveiðar í Árborg:

Sjötíu minkar veiddir á síðasta ári

Feðgarnir Haraldur Ólason og Emil Ingi Haraldsson eru með samning við Sveitarfélagið Árborg um minkaveiði innan marka sveitarfélagsins, auk þess sem þeir sjá líka um kanínu- og refaveiðar.

„Staðreyndirnar eru þær að hér í Árborg hefur í mörg ár verið samningur við minkabana þar sem borgað er meira en þau skottaverðlaun sem minkabanar fá.

Á síðasta tímabili greiddi Árborg alls 462 þúsund fyrir veiðar á mink, bæði til þess aðila sem er með samning um veiðar fyrir sveitarfélagið og til þeirra sem eru að ná einum og einum mink yfir árið.

Ásta Stefánsdóttir.

Minnkandi framlag ríkisins

Alls voru veiddir sjötíu minkar og nam endurgreiðslan sem sveitarfélagið fær frá ríkinu 138 þúsund krónur. Framlag ríkisins til eyðingar á mink og ref hefur farið minnkandi síðustu ár," segir Ásta Stefánsdóttir, bæjarstjóri í Árborg. */MHH*

Laus við fótaóeirð

ICECARE kynnir Melissa Dream-töflurnar fá þig til að slaka á, sofa betur og vakna endurnærð/ur. Þetta er ekki lyf heldur náttúruleg vítamín og jurtir.

Svefntruflanir geta stuðlað að vanlíðan. Við búum í hröðu og erilsömu samfélagi sem veldur því að svefntruflanir eru gríðarlega algengar. Ef þú færð ekki nægan svefn geturðu fengið bauga undir augun, húðin orðið föl og einnig getur það valdið þyngdaraukningu þar sem þú eykur framleiðslu á hormónum sem kalla fram hungurtilfinningu.

Sigríður Helgadóttir

LAUS VIÐ FÓTAÓEIRÐ

Sigríður Helgadóttir fór að nota Melissa Dream þegar hún var búin að eiga nokkrar andvökunætur vegna fótaóeirðar sem truflaði svefn hennar. „Fótaóeirðin var mjög óþægileg og hélt fyrir mér vöku en ég er ekki vön að vera andvaka. Ég fór að leita mér ráða, þá sá ég reynslusögur í blöðunum um Melissa Dream. Ég fór að lesa mér til um vöruna og ákvað að prófa, því það sakaði ekki að reyna.“

Sigríður tekur tvær töflur klukkutíma fyrir svefn þegar henni finnst hún þurfa á því að halda. „Þá næ ég að sofna fljótlega og svo finn ég ekki fyrir þessum fótapirringi. Það sem mér finnst líka æðislegt við þessar töflur er að þær eru náttúrulegar og hafa engin eftirköst þegar maður vaknar. Ég þarf ekki að taka þær á hverju kvöldi en mér finnst ég ná að slaka svo vel á þegar ég tek þær.

Ég er mjög ánægð með Melissa Dream og ég mæli með því fyrir alla sem eiga erfitt með svefn”.

SKAÐLEGT FYRIR LÍKAMANN

Svefnleysi veldur því að líkaminn endurnýjar sig hægar, sem getur veikt ónæmiskerfið. Í raun getur svefnleysi verið mjög skaðlegt fyrir líkamann.

SOFÐU BETUR MEÐ MELISSA DREAM

Í gegnum aldirnar hefur sítrónumelis (lemon balm), melissa officinalis, verið vinsæl meðal grasalækna. Þaðan dregur varan nafn sitt, Melissa Dream. Þessar vísindalegu samsettu náttúruvörur eru hannaðar til að aðstoða þig við að sofa betur og vakna endurnærð/ur og innihalda ekki efni sem hafa sljóvgandi áhrif. Sítrónumelis taflan inniheldur náttúrulegu amínósýruna L-theanine, sem hjálpar til við slökun auk alhliða B-vítamína, sem stuðla að eðlilegri taugastarfsemi. Auk þess inniheldur taflan mikið af magnesíum, sem stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi og dregur þar með úr óþægindum í fótum og handleggjum og bætir svefn.

Mig langar að deila með ykkur reynslu minni af Melissu Dream töflunum sem hjálpa mér að slaka á og sofa betur.

Ég hafði verið í vandræðum með svefn og slökun í töluverðan tíma. Ég starfa sem klæðskeri og hönnuður og með starfinu fylgir oft mikið álag. Ég segi það sjálf að stundum er ég nánast ofvirk og hausinn oft fullur af hugmyndum sem ég þarf að framkvæma.

Ég náði alltaf að sofna en náði ekki að sofa alla nóttina, var oft vöknuð um kl. 4 á næturnar og átti erfitt með að sofna aftur. Það góða líka við Melissu er að nú heyrir fótapirringur sögunni til, en ég átti það til að vera slæm af fótapirringi þegar ég var komin í háttinn.

Ég las mér til um Melissu Dream töflurnar frá New Nordic, eftir að ég sá þær auglýstar í blaðinu og ákvað að prófa. Mér leist líka vel á þær þar sem þetta er náttúruleg lausn mér líkar það betur.

Ég hef prófað mjög margar lausnir til að ná að hvílast og sofna, en ekkert annað hefur reynst mér svona vel. Ég verð að segja það að þetta er það eina sem hefur hjálpað mér hingað til!

Mér líiður svo miklu betur eftir að ég næ fullum svefni, er í betra jafnvægi allan daginn og þá verður allt annað í svo miklu betra jafnvægi. Dæmi um það þá fer ég alltaf einu sinni á ári til læknis í eftirlit og mælingar. Eftir síðustu heimsókn, þá fékk ég bestu niðurstöður sem ég hef hingað til fengið – það sannast að svefninn er svo mikilvægur fyrir heilsuna og alla líðan!

Frábærar töflur sem ég mæli með!

Elsa Ásgeirsdóttir

Femarelle er dásamlegt fyrir konur á breytingaskeiði

Fermarelle er náttúruleg vara, unnin úr soya og vinnur á einkennum tíðahvarfa hjá konum. Hitakóf, nætursviti, skapsveiflur og verkir í liðum og vöðvum eru algeng einkenni tíðahvarfa. Virkni þess hefur verið staðfest með fjölda rannsókna á undanförnum 13 árum.

Eva Ólöf Hjaltadóttir

„Ég las um Femarelle og leist vel á að prófa hormónalausa meðferð og hef tekið það inn í nokkra mánuði og er búin að endurheimta mitt fyrra líf,“ segir Eva Ólöf Hjaltadóttir, 71 árs. „Mér hafði ekki liðið nógu vel og var farið að finnast óþægilegt að vera mikið innan um fólk. Mér fannst ekki gott að vera í hávaða og hafði því einangrast félagslega,“ segir hún.

„Eftir að ég hafði tekið Fermarelle í sex mánuði hætti ég að svitna eins og áður og er núna í sama bolnum allan daginn og er hætt að finna fyrir verkjum. Það besta er að börnin mín og tengdabörn hafa orð á því hvað ég sé orðin hress. Að auki hef ég misst 11 kíló án þess að reyna það sérstaklega. Ástæðan er sú að mér líður betur og ég get hreyft mig óhindrað. Ég er svo ánægð með Femarelle hylkin að ég mæli með þeim við allar vinkonur mínar.“

Soffía Káradóttir

„Ég ákvað að prófa Femarelle síðasta vetur eftir að hafa lesið frásögn konu í blaði þar sem hún lýsti ánægju sinni með vöruna,“ segir Soffía Káradóttir sem á þeim tíma var að byrja á breytingaskeiðinu en vildi ekki nota hormóna. „Ég fann fyrir hitakófum, fótaóeirð, skapsveiflum, líkamlegri vanlíðan og vaknaði oft upp á nóttunni.“

Eftir að Soffía hafði tekið Femarelle inn í aðeins 10 daga hurfu öll einkenni breytingaskeiðsins. „Nú fæ ég samfelldan svefn, finn ekki lengur fyrir hitakófum eða fótaóeirð og líður mun betur á allan hátt og er í góðu jafnvægi. Ég get ekki ímyndað mér hvernig mér liði í dag ef ég hefði ekki kynnst þessu dásamlega undraefni.“

Ég var byrjuð að finna fyrir einkennum breytingaskeiðsins, þó væg en langaði engu að síður til þess að losna við þau áður en einkenni myndu aukast. Helstu einkennin hjá mér voru pirringur, væg hitakóf sem stóðu stutt yfir og svefninn var slitróttur. Fyrir rúmlega ári síðan las ég grein um Femarelle í blöðunum, þannig að ég ákvað að prófa og sjá hvort þetta virkaði fyrir mig.

Ég fann fljótlega mun á mér, eða eftir um það bil 3 vikur og fann að Femarelle gerði mér gott. En eins og stundum vill gerast þá hætti ég að taka inn Femarelle. Það var eins og við manninn mælt, ég fór aftur að finna fyrir einkennum breytingaskeiðsins og ákvað að byrja aftur á Femarelle. Ég finn það alveg greinilega að Femarelle virkar mjög vel á mig og líðanin er betri. Þess vegna mun ég halda áfram að taka Femarelle.

Takk fyrir Brynja Guðjónsdóttir

Fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu **IceCare, www.icecare.is.**

Við erum á Facebook

IceCare Þín heilsa

FRUM - www.frum.is

Fréttir

Farmallinn á Íslandi sjötugur

– alls voru 25 dráttarvélar í fyrstu sendingunni sem kom með flutningaskipinu Gyda 18. febrúar árið 1945

Fyrstu Farmall A dráttarvélarnar komu til landsins fyrir 70 árum, eða þann 18. febrúar 1945 með flutningskipinu „Gyda“.

Þóroddur Már Árnason, vélvirki í Neskaupstað, hefur tekið saman gögn um þessar vélar sem ekki hafa áður verið birt opinberlega. Hann sagði í samtali við Bændablaðið að eftir að bækur Sambands íslenskra samvinnufélaga (SÍS) voru opnaðar fyrir nokkrum misserum, þá hafi hann látið afrita skýrslur um dráttarvélainnflutning Sambandsins. Er samantekt Þórodds eftirfarandi:

25 vélar og kostaði hver þeirra 5.960 krónur

Í þessari fyrstu sendingu árið 1945 voru 25 vélar með þyngdarklossum og reimskífu. Kostuðu vélarnar 5.960 krónur.

Öllum vélunum fylgdi sláttuvél

Öllum þessum vélum fylgdi sláttuvél af gerðinni 16A. Flestum vélunum fylgdi plógur af gerðinni IH192A. Rúmum helmingi vélanna fylgdi diskaherfi, ýmist af gerð, 10A eða No.17-12 diska. Plógnum var lyft með pústinu og var kúturinn einatt notaður til að lyfta heyýtum sem smíðaðar voru á marga Farmall A. Með þessum fyrstu Farmall A dráttarvélum hófst í raun dráttarvélaváeðing íslenskra sveita. Næsta sending, 50 stk., kemur svo í apríl. Alls flutti Sambandið inn 174 Farmalvélar þetta ár. Með startara og ljósum koma Farmalarnir ekki fyrr en 22.6 1946. 100 fyrstu Farmalarnir er komu það ár, voru framleiddir 1945.

Búinn að rekja saman raðnúmer og kaupendur nokkurra véla

Þóroddur er búinn að rekja saman raðnúmer (serial no.) og kaupendur á sjö af 25 Farmall A dráttarvélunum sem komu til landsins 1945. Hin raðnúmerin af vélum úr sömu sendingu eru birt hér til hliðar. Þeir sem hafa vélar með þessum númerum eða vita um kaupendur þeirra og sögu geta haft samband við Þórodd Má Árnason í Neskaupstað í síma **477-1618** eða sent honum upplýsingar á netfangið **mar2@simnet.is**. */HKr.*



Kaupendur fyrstu Farmall A árið 1945

		Gerð	Raðnúmer	Staðfestir handhafar raðnúmers	Önnur raðnúmer Óstaðfest á kaupanda	
1	Þorgímur Bjarnason Dældarkoti Snæf.	FAA			FAA	110631
2	Ræktunarfélag Stykkishólms.	FAA			FAA	110632
3	Guðmundur Magnússon Hóli Bolungavík.	FAA	110906	Guðmundur Magnússon Bolungarvík.	FAA	110683
4	Búnaðarfélag Neskaupstaðar Norðfirði.	FAA	110634	Búnaðarfélag Neskaupstaðar Norðfirði.	FAA	110839
5	Kaupfélag Árnesinga Sigtúnum.	FAA			FAA	110840
6	Kaupfélag Árnesinga Sigtúnum.	FAA			FAA	110841
7	Albert Guðmundsson Nýjabæ Miðneshreppi.	FAA			FAA	110843
8	Kristján Davíðsson Oddstöðum Borg	FAA	110594	Kristján Davíðsson Oddsstöðum Borg.	FAA	110845
9	Jón Gíslason Skeljabrekku Borg	FAA	110844	Jón Gíslason Innri-Skeljabrekku Borg.	FAA	110846
10	Hvanneyrarbúið.	FAA	110908	Skólabúið Hvanneyri Borg.	FAA	110883
11	Sveinbjörn Högnason Breiðabólsstað Fljótshlíð.	FAA			FAA	110884
12	Kaupfélag Önfirðinga Flateyri.	FAA			FAA	110886
13	Sigurður Sigurðsson Efstadal Árn.	FAA			FAA	110889
14	Ræktunarfélag Hafnarkauptúns Hornaf.	FAA			FAA	110891
15	Félagsbúið Hæli Gnúpverjahreppi Árn.	FAA			FAA	110905
16	Jóhann Kolbeinsson Hamarsheiði Árn.	FAA			FAA	110907
17	Sigurður Gíslason Hvaleyri Hafnarfirði.	FAA			FAA	110909
18	Eyþór Stefánsson Eyvindarstöðum Álftanesi.	FAA			FAA	110910
19	Kristbjörn Guðlaugsson Arnarstapa Snæf.	FAA				
*20	Eiríkur Þorsteinsson Glitsstöðum Borg	FAA	110593	Eiríkur Þorsteinsson Glitstöðum Borg.		
21	Kaupfélag Skaftfellinga Vík Mýrdal.	FAA				
22	Kaupfélag Skaftfellinga Vík Mýrdal.	FAA				
23	Bændaskólinn Hólum Hjaltadal.	FAA				
24	Björn Björnsson Grjótnesi Sléttu.	FAA				
25	Árni Ögmundsson Galtafelli Árn.	FAA	110682	Árni Ögmundsson Galtafelli Hrun.		

*Vél Eiríks Björnssonar FAA 110539 er með lægsta raðnúmerið af vélunum 25
Þessi vél er því vera fyrsta Farmal A vélin sem framleidd var í sendingunni 1945
Hún er nú staðsett í Landbúnaðarsafninu á Hvanneyri

Victron energy
hleðslutæki í úrvali

Fylgdu okkur á Facebook

Hágæða hleðslutæki sem auka líftíma rafgeyma og verja gegn skemmdum.

Vatns, ryk og efnaþolin.
“Smart charge algorithm”.
Endurlífga “dauða” geyma.
Sjálfvirk spennugjafastilling.

NAUST marine
Miðhellu 4 · 221 Hafnarfirði
S. 414 8080 · www.naust.is

victron energy
BLUE POWER

Ljósleiðaravæðing fyrir vestan

Hringtenging ljósleiðara um Vestfirði virðist komin á dagskrá. Í fjárlagafrumvarpinu sem samþykkt var nú í desember síðastliðnum er gerð tillaga um 300 milljóna tímabundið framlag til fyrsta áfanga framkvæmda við fyrirhugaða fjarskiptaáætlun.

Í henni eru m.a. sett fram töluleg markmið um ljósleiðaravæðingu og uppbyggingu annarra fjarskipta á komandi árum. Það er Fjarskiptasjóður sem fær framlagið og gert er ráð fyrir að um 200 milljónum af upphæðinni verði varið í verkefni sem snýst um að tengja ótengda staði og hringtengingar ljósleiðara á ákveðnum landsvæðum. Samkvæmt því sem fram hefur komið, m.a. á fundi þingmanna og sveitarstjórnarmanna á Reykhólum í haust, er hringtenging ljósleiðara um Vestfirði þar fremst í forgangsröðinni.

Haukadalur í Dýrafirði. Mynd / HKr.

Má því reikna með að ljósleiðari verði lagður um sunnanverðar Strandir næsta sumar, frá Brú í Hrútafirði til Hólmavíkur og jafnvel á Drangsnes. Síðan yrði hringnum lokað með lagningu ljósleiðara um Djúpið. Framkvæmdin væri mikið framfaraskref fyrir Strandir sem hafa ekki verið tengdar ljósleiðarakerfinu til þessa, að því er fram kemur á vefnum strandir.is.

/MÞÞ

ÞVOTTADAGAR

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

*Afsláttur af öllum **AEG** þvottavélum, þurrkurum og uppþvottavélum.*

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ

AEG

ÞVOTTAVÉL
Lavamat 60260FL
Tekur 6 kg af þvotti. 1200 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Íslensk notendahandbók.

Nú kr. 87.920,-
Verð áður kr. 109.900,-

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ

AEG

ÞVOTTAVÉL
Lavamat 60460FL
Tekur 6 kg af þvotti. 1400 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Íslensk notendahandbók.

Nú kr. 95.920,-
Verð áður kr. 119.900,-

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ
10 ÁRA ÁBYRGÐ Á MÓTOR

AEG

ÞVOTTAVÉL
Lavamat 75470FL
Tekur 7 kg af þvotti. 1400 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótor. Íslensk notendahandbók.

Nú kr. 119.920,-
Verð áður kr. 149.900,-

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ
10 ÁRA ÁBYRGÐ Á MÓTOR

AEG

ÞVOTTAVÉL
Lavamat 75670FL
Tekur 7 kg af þvotti. 1600 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótor. Íslensk notendahandbók.

Nú kr. 127.920,-
Verð áður kr. 159.900

AEG

ÞURRKARI - BARKALAUS
T61270AC
Tekur 7 kg af þvotti. Ný tegund af tromlu sem minnkar slit og dregur úr krumpum. Snýr tromlu í báðar áttir og er með rakaskynjara.

Nú kr. 95.920.-
Verð áður kr. 119.900,-

AEG

UPPÞVOTTAVÉL
FSILENCM2P
Topplaus, undir borðplötu. Hljóðlát 39db með 5 þvottakerfi og þurrkun.

HVÍT Nú kr. 103.920,-
Verð áður kr. 129.900,-

STÁL Nú kr. 111.920,-
Verð áður kr. 139.900

AEG

UPPÞVOTTAVÉL
F66692MOP
Topplaus, undir borðplötu. Hljóðlát 43db með 5 þvottakerfi og þurrkun.

HVÍT Nú kr. 119.920,-
Verð áður kr. 149.900,-

STÁL Nú kr. 127.920,-
Verð áður kr. 159.900

ZANUSSI

ÞVOTTAVÉL
ZWGB6120K
Tekur 6 kg af þvotti, 1200 snúninga vinda og sjálfvirk vatnsskömmtun.

Nú kr. 69.900,-

0%
VEXTIR
Vaxtalausar raðgreiðslur í 12 mánuði.
3,5% lántökugjald.

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

OPIÐ
VIRKA DAGA
KL. 10-18 ·
LAUGARDAGA
KL. 11-15

ORMSSON	ORMSSON	KS	SR · BYGG	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	GEISLI
KEFLAVÍK	ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI	SAUÐÁRKRÓKI	SIGLUFIRÐI	AKUREYRI	HÚSAVÍK	VÍK-EGILSSTÖÐUM	PAN-NESKAUPSTAÐ	ÁRVIRKINN-SELFOSSI	VESTMANNAEYJUM
SÍMI 421 1535	SÍMI 456 4751	SÍMI 455 4500	SÍMI 467 1559	SÍMI 461 5000	SÍMI 464 1515	SÍMI 471 2038	SÍMI 477 1900	SÍMI 480 1160	SÍMI 481 3333



Endurkortlagning náttúrulegra birkiskóga og -kjarrs á Íslandi:

Birki þekur 1,5% landsins

– útbreiðsla birkiskóga aukist um 10% frá 1989

Endurkortlagningu náttúrulegra birkiskóga og -kjarrs á Íslandi er lokið. Niðurstaða kortlagningarinnar sýnir að í fyrsta sinn frá landnámi eru birkiskógar landsins að stækka og þekja nú hálft annað prósent landsins. Mest hafa skógarnir breiðst út á Vestfjörðum og Suðurlandi.

Á kynningarfundi Rannsóknastöðvar Skógræktar Íslands að Mógilsá sagði Aðalsteinn Sigurgeirsson forstöðumaður að hnignun skóganna sem hófst við upphaf byggðar í landinu sé lokið og birkiskógarnir farnir að breiðast út á ný.

Arnór Snorrason skógfræðingur, sem stýrði verkefninu, rakti stuttlega sögu birkikortlagningar á Íslandi og hvernig hún hefði nýst við endurkortlagninguna sem tók fimm ár. Því næst rakti Björn Traustason landfræðingur helstu niðurstöður verkefnisins.

Björn Traustason landfræðingur kynnti niðurstöður verkefnisins.

Arnór Snorrason skógfræðingur, sem stýrði verkefninu, rakti stuttlega sögu birkikortlagningar á Íslandi.

Útbreiðsla birkiskóga aukist um 10% frá 1989

Í máli Björns kom fram að í dag þeki birki 1,5% landsins eða 1.506 ferkílómetra lands. Flatarmál þess hefur aukist um tæp 10% frá árinu 1989 eða um130 ferkílómetra.

Til samanburðar benti Björn á að aukin útbreiðsla skóganna væri 50% meir en núverandi flatarmál Nornahrauns í Holuhrauni.

Misjafnt er hversu mikið birkiskógarnir hafa breiðst út eftir landshlutum. Mest er aukningin á Vestfjörðum og Suðurlandi en minnst á Norður- og Austurlandi. Skýringuna á þessu má hugsanlega rekja til þess að meðalhiti hefur hækkað meira á vestanverðu landinu síðustu áratugi en á austurhelmingi landsins.

Jón Loftsson skógræktarstjóri færði Sigrúnu Magnúsdóttur umhverfisráðherra prentað kort af Íslandi þar sem birkiskóglendið hefur verið merkt inn.
Myndir / VH

Landshlutar	Flatarmál birkis árið 2014 (km²)	Hlutfall birkis eftir landshlutum	Nýliðun frá 1989 (km²)	Nýliðun hlutfall
Vesturland	391	26%	28	7%
Vestfirðir	310	21%	44	14%
Norðurland	287	19%	8	3%
Austurland	186	12%	7	4%
Suðurland	332	22%	43	13%
Flatarmál alls	1.506	100%	129	

Tré fullvaxta tveggja metra há

Á fundinum kom fram að samkvæmt íslenskri skilgreiningu verði trjágróður fullvaxta þegar hann nær 2 m hæð og og geti þá kallast skógur. Annars er talað um kjarr.

Íslenska birkið skiptist þannig að birkikjarr telst nú þekja hálft prósent landsins, um 547 km2, en birkiskógur þar sem fullvaxin tré eru tveir metrar eða hærri þekur um eitt prósent af heildarflatarmáli landsins, um 960 km2. Ef nota ætti alþjóðlega skilgreiningu um skóg þyrfti birkið að ná fimm metra hæð eða meira fullvaxið og þá teldust einungis um 115 km2 íslenska birkiskóglendisins vera skógur.

Mikið verk óunnið úr gögnum

Þrátt fyrir að niðurstöður liggi fyrir um flatarmál íslenskra birkiskóga er enn mikil vinna eftir sem tengist kortlagningunni og útbreiðslu einstakra birkiskóga í landinu.

Kortlagningin sýnir að flatarmál birkis á Þórsmörk hefur aukist um 10 km2 frá eldri kortlagningu sem sýndi 4 km2. Útbreiðsla birkisins þar er því geysimikil sem má meðal annars þakka 80 ára friðun svæðisins fyrir beit. Borgarbyggð er það sveitarfélag á landinu sem mældist mest af birkiskógi og birkikjarri á landinu.

Umhverfisráðherra ánægð með niðurstöðurnar

Undir lok kynningarinnar færði Jón Loftsson skógræktarstjóri Sigrúnu Magnúsdóttur umhverfisráðherra prentað kort af Íslandi þar sem birkiskóglendið hefur verið merkt inn. Af því tilefni sagðist Sigrún fagna gjöfinni og lýsti ánægju sinni með þær niðurstöður sem kynntar voru á fundinum.

Vefsjá og „app“

Í tengslum við kynningu niðurstaðnanna hefur skóglendisvefsjá Skógræktar ríkisins verið uppfærð á vef stofnunarinnar (skogur.is). Vefsjáin sýnir allt skóglendi sem upplýsingar eru til um á Íslandi, bæði náttúrulegt birkiskóglendi og ræktaða skóga. Enn fremur hefur verið útbúið smáforrit eða app sem nota má til að skoða vefsjána í símum og spjaldtölvum. /VH

Bændablaðið
Kemur næst út
26. febrúar

Flotvinnugallar

FLADEN
RESCUE SYSTEM

Léttir - Liprir- Hlýir
Öryggir - Sterkir
Vandaður og sterkur vinnufatnaður frá Svíþjóð. Bæði til heilir samfestingar og tvískiptir jakki og smekkbuxur

15% AFSLÁTTUR ÚT FEBRÚAR

Vesturröst
Sérverslun veiðimanna Laugavegi 178 - s: 551 6770 - www.vesturrost.is

B&B Guesthouse
Á leiðinni til útlanda?
2 manna herbergi 9.000 kr
Innifalið í verði er gisting, morgunverður, keyrsla í flug, geymsla á bíl og skil á bíl við flugstöð við heimkomu
Hringbraut 92, í miðbæ Keflavíkur 867-4434 & 421-8989
www.bbguesthouse.is

Artoficeland.is
Listaverk úr náttúru Íslands

Fæst meðal annars hjá:
The Viking Akureyri
Upplifun Hörpunni
Ísbirninum Laugarveg
Galleri Alþýðulist Varmahlíð Skagafirði
Rammagerðin Hafnarstræti Reykjavík
Gestastofan Þorvaldseyri
Artoficeland.is
sala@artoficeland.is
Sími 8631626

ORKUSJÓÐUR

Orkusjóður auglýsir rannsóknarstyrki 2015

Í 2. grein reglugerðar um Orkusjóð nr. 514/2003 eru tilgreindar eftirtaldar heimildir til styrkveitinga úr Orkusjóði:

- *að veita styrki eða áhættulán til hönnunar eða smíði frumgerðar tækja og búnaðar til rannsóknar og nýtingar orkulinda*
- *að veita styrki til sérstakra verkefna á sviði hagkvæmrar orkunotkunar, þ.m.t. til fræðslu og upplýsingastarfsemi*
- *að veita styrki til verkefna sem stuðla að nýtingu á innlendri orku í stað jarðefnaeldsneytis og styrkja alþjóðasamvinnu um slík verkefni*

Við úthlutun styrkja 2015 verður sérstök áhersla lögð á:

- *hagkvæma orkunýtingu og orkusparnað*
- *innlenda orkugjafa*
- *vistvænt eldsneyti og sparnað jarðefnaeldsneytis*
- *öflun þekkingar á þessum sviðum og miðlun hennar*
- *rannsóknir, þróun og samstarf sem að þessu miðar*
- *atvinnusköpun*

Umsóknarfrestur er til 6. mars 2015

Orkustofnun fylgir stefnu stjórnvalda um rafræna stjórnsýslu og skal senda rafrænar umsóknir af vef Orkustofnunar **www.os.is**

Nánari upplýsingar á www.os.is, og hjá Orkusjóði, Rangárvöllum við Hlíðarfjallsveg, 603 Akureyri í símum 569 6083 - 894 4280 - Netfang Orkusjóðs er **jbj@os.is**

ORKUSTOFNUN ORKUSJÓÐUR

Leifs Æðardúnn
Óska eftir dúni til útflutnings
Greiðsla yfir 180.000 nettó
Símar: 893 8554 eða +47 930 37 099
Ég hringi til baka! leifm@simnet.is

STEKKUR

Endalok menningarinnar

Um miðjan janúar varð mér litið undir rúmið í svefnherberginu heima hjá mér og brá heldur betur í brún. Sama dag keypti ég mér róbóta sem ryksugar þegar ég er að heiman.

Eftir að hafa horft á afrakstur þessa snilldarheimilistækis gat ég ekki annað en deilt gleði minni með samstarfsfólki mínu. Ég lýsti því hvernig róbótinn, sem er tvítyngdur, talaði til mín með blíðlegri kvenmannsrödd og leiðbeindi mér um það hvernig ég ætti að koma því í hleðslu og svo í gang. „Please charge me merci.“ Loksins komin snyrtileg kona á heimilið.

Viðbrögðin voru samt önnur en ég átti von á. Nánasti samstarfsmaður minn horfði á mig forviða. „Veistu ekki að bæði Stephen Hawking og Bill Gates hafa lýst áhyggjum yfir því að með aukinni sjálfvirkni véla sé hætta á að þær taki yfir áður en langt um líður? Með því að taka svona róbóta inn á heimilið ertu að stíga skref í átt að þeirri þróun sem kom svo vel fram í kvikmyndinni The Terminator þar sem Arnold Schwarzenegger lék vélmenni og boðaði endalok menningarinnar eins og við þekkjum hana.“

Skiljanlega brá mér við þessi orð og það rifjaðist upp fyrir mér að skömmu eftir að ég keypti flatskjá hrundi íslenska efnahagskerfið og reyndar stórs hluta heimsins líka.

Öllum nýjungum og ekki síst á tæknisviði fylgir ábyrgð. Skömmu eftir að örbylgjuofninn kom á markað fóru að berast alls konar sögur sem bentu til þess að um væri að ræða stórvarasamt apparat.

Matur sem eldaður var í örbylgjuofni átti meðal annars að valda krabbameini, blóðþynningu og gyllinæð. Einnig gat verið stórhættulegt að standa of nærri ofninum vegna þess að örbylgjuofnar senda frá sér geisla sem grilla fólk að innan, gera það geislavirkt eða sjálflýsandi.

Í Bandaríkjunum gekk saga um gamla konu sem ætlaði að þurrka persneska köttinn sinn eftir bað með því að setja hann í örbylgjuofninn og stilla á lágan hita. Í annarri útgáfu af sögunni segir frá manni sem er úti að ganga með hundinn sinn þegar hann lendir í úrhellisrigningu. Maðurinn kemur heim og skellir hvutta í örbylgjuofninn og stillir á vægan hita og grillar Snata.

Í enn einni útgáfu af sögunni segir frá fjölskyldu í úthverfi sem fær sextán ára unglingsstúlku til að passa tæplega ársgamalt barn á meðan fólkið fer á árshátíð. Stúlkan var víst ekki sú skarpasta í barnapíubransanum og eftir að hafa sett barnið í bað stakk hún því inn í örbylgjuofninn til að þurrka það. Barnið var því nokkuð „well done“ þegar foreldarnir komu heim.

Næst ætla ég að fá mér afþurrkunardróna sem svífur um heima hjá mér og þurrkar af þegar ég er í vinnunni. /VH

Gróðrarstöðin Barri á Egilsstöðum:

Mýs leggja sitt af mörkum við að flokka lindifurufræ

– hafa flokkað um 8.000 fræ undanfarnar vikur

Þrjá hagamýs hafa lagt starfsmönnum Gróðrarstöðvarinnar Barra á Egilsstöðum lið við að safna lindifurufræjum og er afraksturinn með ágætum, alls um 3,5 kíló eða um 8.000 fræ.

„Þetta er bara skemmtilegt og við erum vel birg núna af lindifurufræjum, eigum nóg fyrir okkar ræktun næstu tvö árin,“ segir Skúli Björnsson framkvæmdastjóri.

Starfsmenn Barra fara á haustin og tína lindifurukönglа í trjásafninu í Hallormsstaðaskógi og nýta veturinn í að hreinsa úr þeim fræin til ræktunar. Nú í haust fengu þau til liðs við sig flokk kvenna úr Soroptimistafélagi Austurlands sem unnu við að klengja, þ.e. að taka fræin úr könglunum. Voru þær að tvær kvöldstundir og söfnuðu alls 18 kílóum af fræjum og fengu greitt fyrir.

„Það er þó nokkuð mikið verk að hreinsa fræin úr könglunum, svo við erum auðvitað ánægð með að fá þetta ókeypis vinnuafl til viðbótar,“ segir Skúli.

Birgðum safnað í lyftaragaffal

Töluvert magn köngla lá til þerris í vinnslusal Barra um jólin og kom vinnusemi músanna í ljós eftir áramót þegar farið var að huga að þeim. Kom þá í ljós að búið var að tæma heilmikið af könglum. Grunur féll strax á að þar hefðu mýs verið að verki, enda hafði áður verið sett upp eins konar „músaland“ hjá Barra sem var tilraun sem ekki tókst sem skyldi, að sögn Skúla. Mýsnar lifðu í vellystingum en afraksturinn í formi fræja var ekki ýkja mikill.

„Við sáum þarna heilmikið af tómum könglum, en engin fræ svo það var farið í leit. Við settum hveiti á gólfið til að rekja ferðir músanna og slóðin leiddi okkur að lyftaragaffli, í holrúmi í framlengingu hans höfðu mýsnar safnað fræinu saman, þær hafa verið að birgja sig upp,“ segir hann. Alls voru þar 2,5 kíló af hreinu fræi, um það bil 6.000 fræ. Seinna fannst um eitt kíló á öðrum stað í húsinu þannig að mýsnar hafa í allt safnað saman um 8.000 lindifurufræjum.

Mýsnar höfðu komið sér upp birgðastöð í framlengingu í lyftaragaffli, þar sem alls fundust um 6.000 fræ.

Eftirsóttur gæðaviður

Hjá Barra eru framleiddar um 100 þúsund lindifuruplöntur á ári þegar vel lætur og hafa þær verið seldar m.a. til landshlutaverkefna í skógrækt og til einstaklinga. Barri er eina gróðrarstöðin hér á landi sem ræktar lindifuruplöntur að einhverju ráði. Lindifura er erfið í ræktun á gróðrarstöðvum að sögn Skúla og getur það tekið fræin tvö ár að spíra ef ekki er beitt brögðum.

„Þetta er mikil vinna, það þarf að örva fræin á ákveðinn hátt og við höfum þróað okkar aðferð til að stunda þessa ræktun,“ segir hann.

Lindifura vex hægt en örugglega segir Skúli og gefur hún af sér eftirsóttan gæðavið, hann er sterkur og hentar einkar vel í handverk ýmiss konar. Framboð er hins vegar ekki mikið sökum þess hve tegundin er lítt útbreidd í íslenskum skógum. Hann segir Barra eiga töluvert magn af fræjum nú og dugi þær birgðir næstu tvö ár. Mikið var um köngla á liðnu hausti og var það ánægjulegur viðsnúningur því árin tvö þar á undan voru mjög rýr, fræuppskera nánast engin.

„Þannig að það myndaðist hjá okkur gat í framleiðslunni, en þannig er þetta, árferðið skiptir öllu, sumrin þurfa að vera hlý og sólrík og vorið á eftir hagstætt til að lindifuran beri köngla með fullþroskuðu fræi.“

Lindifura er uppáhaldstré Skúla. Hér er Heiður Ösp, barnabarn hans, við jólatréð frá síðustu jólum, en því var plantað árið 2002.

Langþráður Lord of the Mice

Eftir að fréttir bárust af hinum vinnusömu músum í húsakynnum Barra barst Skúla þessi vísa frá Aðalsteini Svan Sigfússyni:

Það er notalegt bæði og næs
við nytjar og söfnun fræs
að losna undan púli.
Nú loksins er Skúli
langþráður Lord of the Mice.

/MÞÞ.

Úttekt á einstaklingsmerkingum nautgripa og rekjanleika afurða:

Skráningarkerfið Huppa kemur vel út í úttekt ESA

– uppfyllir öll skilyrði um skráningu einstaklingsmerktra nautgripa

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) birti nýverið skýrslu vegna úttektar sinnar á einstaklingsmerkingum nautgripa hér á landi og rekjanleika afurða nautgripa. Niðurstöður úttektarinnar eru almennt jákvæðar en gerðar eru nokkrar athugasemdir sem Matvælastofnun hefur þegar brugðist við með tillögum til ESA um hvernig bætt verði úr.

Úttektin fór fram dagana 3.–7. nóvember 2014 og var markmið heimsóknarinnar að kanna hvort opinbert eftirlit með skráningum, rekjanleika og einstaklingsmerkingum nautgripa væri í samræmi við matvælalöggjöfina. Samhliða fór fram úttekt á opinberu eftirliti með merkingum og rekjanleika nautgripaafurða.

Í niðurstöðum skýrslunnar segir m.a. að núverandi skráningarkerfi, HUPPA, sem vistað er og rekið

MAST hefur eftirlit með að skráning nautgripa sé í lagi.

af tölvudeild Bændasamtaka Íslands, uppfylli flest ef ekki öll skilyrði fyrir tölvuskráningu einstaklingsmerktra nautgripa. Í því ljósi mun Matvælastofnun óska eftir samþykki ESA á núverandi kerfi.

Athugasemdir ESA sneru að eftirfarandi:

- Ísland þarf annaðhvort að óska staðfestingar Evrópusambandsins á tölvukerfi sínu fyrir einstaklingsmerkingar nautgripa sbr. reglugerð EB nr.1760/2000 eða taka upp svokallað vegabréfakerfi fyrir hvern nautgrip.
- Ísland þarf að samræma tímamörk fyrir burðarskráningar sem sett eru í reglugerð um merkingar búfjár að reglugerð EB nr. 1760/2000.
- Ísland þarf að tryggja að skráningar og merkingar nautgripa séu framkvæmdar innan þeirra tímamarka sem sett eru í reglugerð um merkingar búfjár nr. 916/2012.
- Ísland þarf að innleiða ákvæði um lágmarks eftirlit sem fara skal fram vegna skráninga og einstaklingsmerkinga nautgripa.
- Ísland þarf að upplýsa ESA um fyrirmyndir rekjanleika nautgripa og eyrnamerkja þeirra í samræmi við reglugerð EB 911/2004.
- Ísland þarf að senda ESA árlega upplýsingar um eftirlit með skráningum og einstaklingsmerkingum nautgripa.

Eins og fyrr segir hefur MAST þegar brugðist við þessum athugasemdum og gert tillögur um hvernig úr þeim verði bætt.

Mjög var hert á eftirlitinu með gripaskráningu bænda á síðasta ári. Var um 90 bændum, þar sem gallar höfðu komið í ljós varðandi skráningu, sent bréf í fyrravor þar sem þeir voru hvattir til að koma skráningum gripa sinna í rétt horf. Í umfjöllun MAST um málið sagði m.a. að skráningar hafi batnað umtalsvert. Það sýni að langflestir bændur vilji hafa skráningar gripa sinna í góðu lagi.

Tímamót í dýravelferð

23. febrúar á Hvanneyri

Efni

Ný lög um velferð dýra og nýútgefnar reglur um framkvæmd laganna marka tímamót í sögu dýravelferðar á Íslandi. Markmið laganna „er að stuðla að velferð dýra, þ.e. að þau séu laus við vanlíðan, hungur og þorsta, ótta og þjáningu, sársauka, meiðsli og sjúkdóma, í ljósi þess að dýr eru skyni gæddar verur. Enn fremur er það markmið laganna að þau geti sýnt sitt eðlilega atferli eins og frekast er unnt.“ Á ráðstefnunni verður farið yfir kvaðir laganna, framkvæmd þeirra og þýðingu fyrir dýr og dýraeigendur.

Dagskrá

9:00 – 9:10	Setningarávarp – *Sigurður Ingi Jóhannsson, ráðherra*
9:10 – 9:35	Ný löggjöf um velferð dýra – *Sigurborg Daðadóttir, Matvælastofnun*
9:35 – 9:50	Hvernig mælir maður dýravelferð? – *Þóra J. Jónasdóttir, Matvælastofnun*
9:50 – 10:10	Viðhorf dýrverndarsamtaka – *Hallgerður Hauksdóttir, Dýraverndarsambandi Íslands*
10:10 – 10:25	*Kaffi*
10:25 – 10:55	Heimildir og þvingunarúrræði – *Steinþór Arnarson, Matvælastofnun*
10:55 – 11:10	Viðhorf dýraeigenda – *Sigurður Loftsson, Landssambandi kúabænda*
11:10 – 12:15	Málstofur um nýjar reglur
12:15 – 13:00	*Hádegisverður*
13:00 – 13:20	Áhættumiðað eftirlit – *Margrét Björk Sigurðardóttir, Matvælastofnun*
13:20 – 13:35	Aðkoma dýralækna – *Katrín Andrésdóttir, Dýralæknafélagi Íslands*
13:35 – 13:55	Vernd dýra við aflífun – *Þóra J. Jónasdóttir, Matvælastofnun*
13:55 – 14:10	Viðhorf sláturleyfishafa – *Bára Heimisdóttir, Norðlenska*
14:10 – 14:25	Staða og ábyrgð sveitarfélaga – *Tryggvi Þórhallsson, Sambandi íslenskra sveitarfélaga*
14:25 – 14:55	Umræður
14:55 – 15:00	Ráðstefnuslit – *Torfi Jóhannesson fundarstjóri, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu*

Ráðstefnugjald

Ráðstefnan er þátttakendum að kostnaðarlausu.
Hádegisverður kostar 1.200 kr.

Skráning

Skráning fer fram á netfanginu: skraning@mast.is
Vinsamlega takið fram nafn, fyrirtæki/stofnun/samtök og netfang, ásamt þeirri málstofu sem þið viljið taka þátt í. Skráningarfrestur er til 19. febrúar nk.

Málstofur

Farið verður yfir nýjar reglur um aðbúnað dýra á málstofum um:

1. ***alifugla***
2. ***geit- og sauðfé***
3. ***hross***
4. ***loðdýr***
5. ***nautgripi***
6. ***svín***

Staðsetning

Ársalur í Ásgarði á Hvanneyri.

Bók á þýsku um íslenskt sauðfé

Nýverið var bók um íslenskt sauðfé send til prentunar í prentsmiðju hér á Íslandi, sem er merkilegt fyrir þær sakir að hún er á þýsku og er því líklega sú fyrsta sinnar tegundar.

Höfundur og útgefandi hennar er Caroline Mende, sauðfjárbóndi með meiru á Nesi í Hegranesinu.

Í íslenskri þýðingu er heiti bókarinnar allsérstakt; Íslenska sauðkindin – ullarmjólkursvín. Caroline segir að „ullarmjólkursvín“ sé máltæki á þýsku. „Eggjaverpandi ullarmjólkursvín – eierlegende Wollmilchsau – merkir hið alhliða húsdýr – sem allir óska sér, en er ekki til,“ útskýrir Caroline.

Forsíða bókarinnar.

Alhliða sauðkind

„Mér fannst allt í einu að íslenska sauðkindin væri einmitt þetta, nema að hún verpir ekki eggjum. Bókin snýst þar af leiðandi um hlutverk sauðfjár í íslensku samfélagi frá upphafi; varðandi ull, mjólk, sláturafurðir, skinn og leður. Í bókinni er líka greint frá helstu sauðalitunum, litaafbrigðum, hornin eru sér umfjöllunarefni; eru þau engin, tvö, þrjú eða fjögur. Forystufé verður kynnt í sérkafla. Fjölskyldulífið er líka merkilegt og ég segi frá því, frá fengitíma til sauðburðar, afréttum, göngum, réttum, sauðfjármerkjum, sjúkdómasögu, varnarsvæðakerfinu og loks íslensku sauðfé í útlöndum.

Svo er smá listi með heimilisföngum í kringum sauðfé, safna og sölustaða sauðfjárafurða á Íslandi og í Þýskalandi. Auk þess er bent á umfangsmeiri lista sem verður til á netinu. Í fáum orðum mætti segja að Íslandsvinir og sauðfjárvinir fái stutta en samt djúpa innsýn í það helsta sem varðar íslenskt sauðfé, á 60 blaðsíðum með um 100 ljósmyndum, teikningum og kortum.“

Einfaldara að búa með sauðfé

Caroline segir að saga hennar á Íslandi hefjist árið 1989 þegar hún réði sig til vinnu á Húsatóftum, hjá Valgerði Auðunsdóttur og Guðjóni Vigfússyni. „Ég vann þar ýmis bústörf en fjósið var aðalvinnustaðurinn minn, sem ég var mjög hrifin af. Ég hefði líka getað hugsað mér að verða kúabóndi en það þarf miklar fjárfestingar til að byggja svoleiðis upp – líka þegar maður gerir þetta í smáum stíl – þess vegna kom það ekki til greina fyrst ég bý ein og er svo sem ekkert ík. Það er miklu einfaldara að búa með sauðfé þegar maður er með eins frumstæða aðstöðu og ég er með.

En burtséð frá því hef ég lengi haft áhuga á kindum, allt frá því ég var sjö eða átta ára og bjó enn í Þýskalandi. Fyrstu kynnin komu að vísu til í gegnum áhuga á hestamennsku. Mig langaði svo rosalega mikið að vera í hestamennsku en foreldrar mínir leyfðu mér ekki að fara í reiðskóla fyrr en ég væri orðin níu ára. Nágranni okkar átti þægar og stórar kindur – sem urðu þá reiðkindurnar mínar í staðinn fyrir hestana í nokkrar vikur. Helst hefði ég líka viljað mjólka þær, en það gekk ekki þar sem þær voru ekki með lömb á þessum tíma. Svo hefur mér alltaf fundist ullin heillandi, ég óf og prjónaði mikið sem krakki og líka síðar.

Þegar svo tækifæri gafst til að búa sjálf með sauðfé – og geta notað afurðir þeirra frá grunni – var það alveg tilvalið. Þar sem ég hafði verið með hross og á svolítið land – auk þess sem ég leigi eitthvað með – var þetta ekki svo stórt skref. Það hjálpaði auk þess mikið til að Baugur, hundurinn minn sem er Border-Collie, hefur mikinn áhuga á fé. Það var því aukaástæða að byrja með sauðfé; til að geta þjálfað okkur Baug reglulega í smalamennsku.“

Caroline Mende, sauðfjárbóndi með meiru á Nesi í Hegranesinu.

Keypti frábært beitiland í Hegranesinu

„Þetta er enn þá allt í mjög smáum stíl. Vorið 2010 gat ég með aðstoð vina minna, Auðar Steingrímsdóttur og Guðmundar Sveinssonar, keypt land hérna í Hegranesinu, sem er frábært beitiland með nokkuð af melum og móum og ég skírði Nes. Ég er sem sagt að leigja eitthvað með frá Heiðu í Utanverðunesi, sem liggur rétt við Nesvatnið, þannig að ég er með um 25 ha samfellda landspildu til beitar. Við Baugur búum í litlu timburhúsi sem er með litlu fjárhúsi rétt hjá. Ég hef verið með hross rétt frá byrjun. Fjögur á ég sjálf auk einnar aðkomuhryssu, ég var með tvær geitur í láni frá Keldudal í fyrrasumar sem ég mjólkaði. Svo á ég fimm kindur síðan í fyrra, sem er nú hlægilega lítið miðað við íslenskar aðstæður. En ég á von á lömbum í vor og ætla svo að fjölga smám saman. Það stendur til að stækka fjárhúsið í sumar þannig að það er ekki útilokað að vera bráðum einnig með nokkrar geitur allt árið.

Þótt búskapurinn sjálfur sé allur í smáum stíl eru tekjur mínar að mestu leyti tengdar búskapnum mínum. Kannski getur maður kallað þetta „þjónustutengdan búskap“ í staðinn fyrir hefðbundinn „framleiðslutengdan búskap“. Ég er að skrifa reglulega greinar um íslenska hesta fyrir stórt þýskt hestatímarit. Ég skipulagði líka hestaferðir og útreiðatúra fyrir Þjóðverja en er núna búin að skipta yfir í það að aðstoða nágranna mína á Hellulandi í staðinn. Þeir eru farnir að sérhæfa sig í slíkum ferðum. Svo býð ég upp á kynningarnámskeið í kringum sauðfé, um ull og mjólk, og í berja- og sveppagöngutúra ásamt matreiðslu á eftir. Auk þess er ég „ferðaráðgjafi“ og ráðlegg eftir því hverju fólk hefur áhuga á; hvert eigi að fara og hvað að gera helst á Íslandi. Aðalmarkhópurinn eru þýskir ferðamenn.“

Ekkert mál að gera heila bók úr efninu

„Fyrst ætlaði ég að hanna smá kynningarbækling um sauðfé til að afhenda þátttakendum námskeiðanna. Þegar ég hugsaði þetta nánar kom í ljós að það væri ekkert mál að gera heila bók úr efninu,“ segir Caroline um hugmyndina að bókarútgáfunni. „Það kemur mér auðvitað til gagns að ég var í tæp 15 ár með auglýsingastofu sem ég og fyrrverandi kærasti minn áttum í Þýskalandi. Ég vann fyrir hana líka eftir að ég flutti til Íslands. Ég er því mjög reynd í öflun upplýsinga, að skrifa texta á skiljanlegan hátt og hanna bækling eða bók upp úr því. Þetta fyrirtæki er enn til en í fyrra hætti ég að mestu þar og stofnaði bókaforlag til að gera eitthvað nýtt á eigin forsendum. Þá var það tilvalið að skrifa bók um íslenskt sauðfé og gefa út sem fyrstu bók forlagsins. Samkvæmt minni bestu vitund verður það líka fyrsta bókin á þýsku

Wenn Widder und Aue …

Da Lammfleisch den Hauptertrag der isländischen Schafe ausmacht, sind die meisten weiblichen Schafe (rolla genannt oder ær – verwandt mit dem deutschen Wort Au/Aue) **jedes Jahr trächtig**. Sie sind im Herbst und Winter brünstig und werden seit ungefähr 40 bis 50 Jahren meist schon im ersten Winter gedeckt, bekommen also im Erfolgsfall mit einem Jahr ihr erstes Lamm (selten zwei). Oft nehmen diese Jüngsten aber auch nicht auf.

Der **Bock** (hrútur genannt) lebt ständig mit der Herde zusammen, mit Ausnahme einiger Wochen im Herbst, um zu frühe Trächtigkeiten und damit Lammgeburten vor April zu verhindern. Während dieser Zeit wird er mit den anderen Böcken des Hofs gemeinsam in einem eigenen Bereich des Schafstalls gehalten. Da das Gras erst im Mai oder Juni grünt und mindestens bis in den Mai noch Schneestürme vorkommen, ist es wichtig, dass die Lämmer nicht zu früh zur Welt kommen, obwohl sie an sich sehr robust sind, sobald sie trocken geworden sind.

Die meisten Höfe haben eigene Böcke – je nach Zuchtinteresse zwischen einem und vier pro 100 Schafe. Sie sind entweder aus eigener Zucht oder zugekauft, um den Verwandtschaftsgrad zu reduzieren oder besondere Zuchtziele zu verfolgen. Ein ähnliches Ziel verfolgt die Besamung. Die meisten zuchtinteressierten Höfe lassen einen Teil ihrer Schafe besamen, insgesamt liegt der Anteil der besamten Schafe aber nach wie vor bei unter 10 %.

Zwei **staatliche „Zuchtbockstationen“** (im Südland und im Westland) halten Widder mit jeweils besonderen Zuchtqualitäten. 2014 waren dies zum Beispiel auf der im Südland-Station 16 gehörnte, 1 vierhorniger und 6 hornlose Böcke, außerdem 2 gehörnte forystu-Widder (s. Seite 44); auf der Westland-Station 14 gehörnte, 6 hornlose Böcke und 1 gehörnter Forystu-Widder. Da versuchsweise die gezielte Zucht von Schafen mit besonders robustem Fell für die Produktion von Schaffellen gefördert wird, gab es zudem einen (grauen hornlosen) Bock mit gekräuseltem stabilem Deckhaar und sich wenig unterscheidendem Unterhaar.

18

Seit mehr als 1000 Jahren ist das Islandschaf die **Wollmilchsau** der Nation – dass es keine Eier legt, lässt sich gut verkraften. Bis etwa 1910 waren Schafe die wesentlichen **Milchlieferanten.** Nahezu die gesamte Kleidung bestand aus **Wolle**, Schuhe waren meist aus Schaffeder. Das **Fleisch** war und ist ein wichtiger Nahrungsbestandteil. Auch Innereien, Knochen und Hörner wurden (und werden) genutzt, ebenso wie das Fell und Leder. Auch wenn Weiß dominiert, ist die **Farbvielfalt** groß. Es gibt Schafe mit und ohne **Hörner** und mit vier Hörnern ... und „Anführerschafe" mit besonderer **Intelligenz**.

Die **volkswirtschaftliche Bedeutung** der Schafe ist bis heute enorm. Wie jede(r) Islandreisende feststellt, trifft man unterwegs immer wieder auf kleine Gruppen von Schafen. Es gab zwar Versuche mit eingeführten **Schafrassen**, aber alle heutigen Schafe sind letztlich Abkömmlinge der Tiere, die im 9. und 10. Jahrhundert mit den ersten Siedlern Islands ins Land kamen.

Dieses kleine Buch bietet eine kompakte und dennoch fundierte Einführung in die Besonderheiten der **Islandschafe früher und heute**. Eine Vielzahl historischer und aktueller **Fotoaufnahmen, Karten** und **Diagramme** machen es zu einer Fundgrube sowohl für **Islandfreunde** als auch für **Schafexperten**. Ein Blick über die Insel hinaus („Islandschafe im Ausland") rundet das Werk ab.

Die deutschstämmige **Autorin Caroline Kerstin Mende** lebt mit Hund, Pferden und Schafen im nordisländischen **Skagafjörður**, wo fast jeder Hof Schafe hat. Sie bietet auf ihrem kleinen Hof Nes auch Workshops rund um das Islandschaf an.

Heu, Salz, Wasser – die Haltung

sem snýst um íslenskar kindur. Það er ekkert sambærilegt til, sem er auðvitað mjög gott upplegg.

Ég ákvað að hanna umslagið, setja upp innihaldið og birta þetta á netinu sem kynningarefni um tilvonandi bók. Svo setti ég sérstakt forkaupsverð til 10. febrúar, markmið mitt var að afla með því fjármagns fyrir prentkostnaði áður en bókin færi í prentun. Og það er magnað, það komu strax pantanir og planið hefur nú þegar gengið upp. Bókin ætti að verða fáanleg í síðasta lagi um næstu mánaðamót."

Caroline segir að margir hafi komið að útgáfunni. „Ég var sjálf komin með nokkurn grunn að vissu leyti og það hjálpaði mikið til að flestir vinir mínir eru sauðfjárbændur, svo sem Matthildur á Þóroddsstöðum, Árborg og Ingvar í Víðidalstungu II og allir nágrannar mínir hérna í Hegranesi. Svo er það sérstaklega Halldór á Súluvöllum sem hefur verið óþreytandi að svara mér öllum mögulegum og ómögulegum spurningum í kringum sauðfé. Ég kynntist honum upphaflega þar sem hann er smalahundaþjálfari og hefur þjálfað okkur Baug. Þá fór Gunnar Guðbjartsson á Hjarðarfelli á kaf í gamla reikninga og fann þýska kaupandann þriggja hrúta frá Hjarðarfelli fyrir mig. Einnig hafa þeir Þórarinn Ingi Pétursson og Sigurður Eyþórsson hjálpað mér, til dæmis með ýmsa tölfræði um litahlutföll. Þórarinn Ingi skrifar líka formálann að bókinni. Svo er ég mikill bókaormur og las allar sauðfjárbækur sem til voru í bókasafninu á Króknum, auk þess fann ég mikið efni í bókum sem ég á sjálf á borð við „Íslenskt þjóðlíf í 1000 ár" eftir Daníel Bruun, „Samgöngur í Skaftafellssýslum" eftir Pál Þorsteinsson og „Sauðfjárrækt á Íslandi", sem Ragnhildur Sigurðardóttir gaf út. Svo má ekki gleyma „Forystufé" eftir Ásgeir Jónsson sem er alveg stórkostleg bók og mig langar mikið til að eiga. Kannski les einhver þessar línur sem á tvö eintök og er til í að selja annað þeirra.

Auk þess gekk vonum framar að fá svör í Facebook-hópnum „Sauðfjárbændur", sem er frábær hópur í alla staði. Ég fékk líka helling af flottum myndum í gegnum þennan hóp, ætla fyrst og fremst að nefna Birgittu á Möðruvöllum, Ransý í Ásgarði, Dagbjart á Hrísum og Reimar á Felli sem lögðu sig mikið fram. Það vantaði bara í kaflann „Íslenskt sauðfé í útlöndum". Það var fyrst svolítið flókið en ég náði sambandi við Jill Tyrer í Wales, Helen Whybrow í Bandaríkjunum og Eirin Rauö í Noregi, sem sendu mér ekki bara frábærar myndir heldur líka dýrmætar upplýsingar. Það var dálítið skrítið en það var hins vegar mjög erfitt að finna upplýsingar um íslenskt sauðfé í Þýskalandi."

Fyrst kemur bókin aðeins út á þýsku en Caroline segir að ef hún seljist vel – og ef það er hægt að fá styrk – væri örugglega gott að gefa hana út á ensku líka og einnig á dönsku. „Það er spurning hvort það borgi sig að gefa hana út á íslensku, þar sem hérna er svo margt til um sauðfé. Það kemur í ljós hvernig viðbrögðin verða."

Verður vonandi víða til sölu

„Bókin verður vonandi bráðum til sölu á mörgum stöðum sem eru einhvern veginn tengdir sauðfé og/eða ferðaþjónustu – svo sem á söfnum, ferðaþjónustumiðstöðvum og á sauðfjárbúum sem bjóða upp á gistingu eða selja sauðfjárafurðir. Hún kostar ekki mikið miðað við umfangið, 1.500 krónur. Ég ætla að fara í smá kynningartúr á Norðurlandi væntanlega í mars. Svo er líka hægt að panta hana beint hjá forlaginu, það er hjá mér: info@verlag-alpha-umi.de eða í símanum 865 8107. Þeir sem ætla að selja hana geta fengið hana hjá mér á góðu verði þannig að þeir fá milli 20% og 40% af söluverðinu fyrir sig.

Markmið mitt er að allir græði á því; ferðamenn vita meira og uppgötva nýtt, bændur selja meira af afurðum sínum og forlagið fær vonandi nógu mikla peninga til að gefa út næsta bók – væntanlega um forystufé." /smh

Leiðandi framleiðandi í gólfum fyrir gripahús
naut - svín - hross - sauðfé

Hefðbundnir gólfbitar
Rastaðir gólfbitar
Velferðargólf - gúmmí og steinsteypa

AB Andersbeton www.andersbeton.com (VDV benton)

G. Skaptason, Starengi 13, 800 Selfoss. Sími 481 1020 gsm 893 4334, netfang: gskapta@internet.is
Sala og ráðgjöf Norðurland: Benedikt Hjaltason, Akureyri. Sími 894 6946, netfang: bigben@simnet.is

Dekkjainnflutningur

15% afsláttur af öllum dekkjum til 28. febrúar 2015

Eigum á lager flestar stærðir traktora-, vagna-, vinnuvéla- og vörubíladekkja.

Einnig mikið úrval fólksbíla- og jeppadekkja.

Vinsamlegast hafið samband við
Ármann Sverrisson 896-8462 e-mail jasondekk@simnet.is
Tryggva Aðalbjörnsson 896-4124

Jason ehf.
Hafnarstræti 88
Akureyri

Bændum landsins þökkum við traustið, við styðjum ykkur áfram að bættum hag

Áburðarsala hjá Búvís hefur aukist jafnt og þétt með hverju ári og er nú orðin 10% af heildarinnflutningi áburðar í landinu.

Búvís hefur lagt áherslu á góða vöru og hagstætt verð. Þetta vita bændur.

Búvís, stofnað árið 2006, hefur verið leiðandi í lágu vöruverði og er í hópi framúrskarandi fyrirtækja annað árið í röð (1.7% af fyrirtækjum landsins). Svona árangur hefur náðst með stuðningi íslenskra bænda.

Nokkur atriði sem hafa ætti í huga og skipta máli til að ná hámarks uppskeru og árangri.

- Rétt samsetning áburðarefna miðað við þarfir jarðvegs og gripa.
- Tímasetning áburðardreifingar má ekki vera of sein, þannig að grös og áburður geti nýtt jarðraka.
- Auðuppleysanlegur áburður fer hraðar að virka en harðkorna áburður, sem skiptir máli á okkar stutta sumri.
- Jöfn dreifing yfir allt túnið þannig að jafnt sé dreift á miðhluta túnsins sem og jaðra.

Margir viðskiptavinir Búvís á Norður og Austurlandi heyjuðu gífurlega vel á síðasta ári og geta leyft sér að kaupa minni áburð í ár en í fyrra. Þrátt fyrir það hefur Búvís aukið markaðshlutdeild sína eitt árið enn og er komið með yfir 10% markaðshlutdeild.

Búvís Akureyri
Búvís ehf · Akureyri
Sími 465 1332
www.buvis.is

Fréttaskýring

Óveðurskýin hrannast upp yfir evruríkjunum

– fjölmiðlar í Evrópu telja framtíð evrunnar og samstarf evruríkjanna mjög óstöðugt

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

Afstaða Grikkja til skulda fjármálamanna og banka, sem þeir sætta sig ekki við að borga, skekur nú myntsamstarf evruríkjanna.

Svissneskur gullkaupmaður, Egon von Greyerz, spáir gjaldeyrisstríði og að fjármagnseigendur muni á komandi mánuðum í stórum stíl reyna að tryggja sín verðmæti með kaupum á gulli og silfri í stað óstöðugra peninga.

Kólguský hrannast nú upp yfir Evrópusambandinu og löndunum innan evrusvæðisins. Ætlun nýrra stjórnvalda Grikkja undir forystu Syriza-flokksins og Podémos að borga ekki brúsa einkabanka sem Evrópusambandið neyddi upp á þá hefur valdið miklum titringi í stjórnkerfi ESB. Vandséð er hvernig evrusvæðið kemst út úr þeim hremmingum sem við blasa, en neyðarfundur var haldinn um málið í gær.

Alexis Tsipras, leiðtogi Syriza, lofaði Grikkjum að hætta að borga af þessum lánum ef hann kæmist til valda í kosningunum í janúar og það er nú að verða að veruleika. Svar Þjóðverja og annarra forysturíkja innan ESB er að gefa ekkert eftir gagnvart Grikkjum.

Klofningur í afstöðunni til vanda Grikkja

Kominn er upp klofningur meðal forysturíkja evrusvæðisins um stefnu gagnvart Grikkjum að því er fram kom í Finacial Times um síðustu helgi. Þjóðverjar vilja keyra skuldainnheimtu gagnvart Grikkjum áfram af fullri hörku en Frakkar vilja fara mildari leið. FT telur þó vafa leika á hvort hugur fylgi máli hjá Francois Hollande Frakklandsforseta um að liðsinna Grikkjum.

Þjóðverjar krefjast þess að Grikkir leggi fram nýtt greiðsluplan á sínum skuldum en Grikkir segjast ekki taka í mál að byggja slíkt plan á fyrri forsendum. Óttast ráðamenn ESB nú að sú afstaða Grikkja að neyta að borga skuldirnar fyrir gjaldþrota banka kunni að magna upp ágreiningsbylgju milli Suður-Evrópuríkja og ríkjanna í Norður-Evrópu. Þegar er t.d. farið að bera á óróa á Spáni.

Það kom fram í Wall Street Journal og eins í Financial Times í síðustu viku að Grikkland kæmist í þrot á næstu vikum. Ef Grikkjum takist ekki að tryggja sér lánsfé muni ríkið einfaldlega fara á hausinn.

Á fréttavef BBC er vitnað í Alan Greenspan, fyrrverandi seðlabankastjóra Bandaríkjanna. Hann spáir því að Grikkland muni hætta í evrusamstarfinu.

Í athugasemdadálkum bresku blaðanna eru ekki allir sem telja stöðuna vonlausa fyrir Grikki. Þar er m.a. bent á að Grikkir geti hæglega farið sömu leið og ESB og sett í gang prentvélar til að prenta nýjan eigin gjaldmiðil, allavega til heimabrúks. Nota hann síðan til að skipta út við landsmenn þeim evrum sem eru í umferð og ná þannig inn talsverðum galdeyri í ríkiskassann.

Wall Street Journal telur hættu á glundroða

The Wall Street Journal brýnir menn nú til að upphugsa leiðir til að bjarga sér undan evrukreppunni. Það varði t.d. fjármagnsflutninga yfir landamæri hjá fyrirtækjum sem eru með starfsemi í mörgum löndum. Brotthvarf einhvers ríkis úr myntsamstarfi evruríkjanna geti haft ófyrirséðar keðjuverkanir. Vandinn sem nú blasi við geti hæglega skrúfast upp yfir eina helgi. „Þá verður algjör glundroði," segir blaðið.

Möguleg keðjuverkun ef Grikkir hverfa úr evrusamstarfinu

Dálkahöfundurinn Tim Worshall sagði í fjármálatímaritinu Forbes á dögunum að það væri rangur skilningur hjá Þjóðverjum að halda að evran geti lifað af brottför Grikkja úr evrusamstarfinu. Hann spáir því að eftir að rykið fari að setjast við brottför Grikkja úr evrusamstarfinu með tilheyrandi falli banka, muni efnahagslífið í landinu taka hratt við sér. Eftir um 12 mánaða strögl muni hagvöxtur í landinu aukast hratt næstu ár á eftir. Sú staða muni síðan hafa mikil áhrif á Ítali sem eru þegar komnir inn í skuldahringiðu. Hugsanlega muni þeir þá íhuga að fara sömu leið og Grikkir, kasta evrunni og taka upp gömlu líruna á ný. Þá setur hann spurningarmerki um Frakkland sem sé að nálgast svipaða stöðu og Ítalir. Eins sé Belgía þegar komin fram af hengifluginu.

Svissneskur gullkaupmaður spáir gjaldeyrisstríði

Það eru fleiri sem hafa ekki spáð vel fyrir evrunni. Á vefsíðunni King World News má lesa spá svissneska stóreignamannsins og gullkaupmannsins Egon von Greyerz sem á m.a. Gold Switzerland og Matterhorn Asset Management AG. Hann spáði því þann 1. desember sl. að evran myndi falla mikið á næstu vikum og allt gekk það eftir. Nú spáir hann hreinlega gjaldeyrisstríði á komandi mánuðum, þar sem eigendur peninga muni reyna allt til að tryggja þá með einhverjum hætti t.d. í gulli eða silfri.

Spáir hann því gríðarlegum verðhækkunum á þessum eðalmálmum á næstu mánuðum og að sama skapi falli gjaldmiðla. Egon von Greyerz segir líka að staðan hjá Swiss National Bank sé nú mjög alvarleg sökum gríðarlegra innistæðna í ótryggum gjaldeyri. Nær útilokað sé annað en að bankinn tapi stórt.

The Economist – Vandinn liggur í vaxtainnheimtunni

Í grein Button Wood í The Economist síðastliðinn laugardag segir hann að baráttan um skuldamálin á milli Grikkja og ESB snúist um siðferði í skuldamálum og hagstjórn þar sem innheimtir séu vextir af skuldum. Þetta sé málefni sem tekist hafi verið á um í þúsundir ára. Um þetta hefur reyndar verið talsvert fjallað í Bændablaðinu undanfarin ár.

„Hugmyndin um að innheimta vexti af skuldum kom upp þegar Hammurabi réði yfir Babylon um 1800 árum fyrir Krist. Hann setti reglur um að mest mætti innheimta 33,3% vexti fyrir lán á korni og 20% vexti fyrir lán á silfri," segir Button Wood.

„Það var talsverð áhersla á hvað væri sanngjarnt. Sá sem lánaði nágranna sínum nautgrip átti rétt á að fá alla kálfa sem kæmu undir í framhaldi af því láni. Sumerska orðið fyrir vexti er einmitt mas sem þýðir kálfur. Aristole færði þá rök fyrir því að ekki ætti að heimta vexti af hráefni sem ekki bæri ávöxt, eins og af silfri."

Alexis Tsipras, leiðtogi Syriza, hefur heldur betur hrist upp í evrópskri pólitík og fjármálakerfi eftir að hann lofaði Grikkjum að hætta að borga af lánum ríkisins ef hann kæmist til valda í kosningunum í janúar.

„Hættið að þvinga Syriza"

Staðan á evrusvæðinu er tvísýn. Gripið var til þess ráðs af hálfu stjórnvalda í Brussel og Seðlabanka Evrópu að beita Grikki þvingunum, skrúfa fyrir samvinnu og niðurlægja þá eins og hægt er. Í breskum fjölmiðlum var varpað upp þeirri spurningu um síðustu helgi hvort

Egon von Greyerz.

þessi aðferðafræði myndi ekki springa í andlitið á evruríkjunum.

The Guardian sagði í fyrirsögn; „Hættið að þvinga Syriza. Við höfum ekki efni á öðrum röngum snúningi í Evrópu."

Hefur evrusvæðið brugðist almenningi í Grikklandi?

Blaðið segir að flestir viðurkenni að Grikkir hafi gert mistök í efnahagsmálum, forystumenn Syriza viðurkenni það líka.

„Það er kominn tími til að íhuga hvort evrusvæðið hafi ekki líka brugðist almenningi í Grikklandi."

Allt snýst þetta um svokallað „Troika-imposed bailout" þar sem evrulöndin veittu Grikkjum risalán til að greiða skuldir vegna áhættufjárfestinga við evrópska banka, einkum þýskra og franskra. Í stað þess að bankarnir væru hreinlega settir á hausinn fyrir eigin glappaskot var gríska ríkið látið ábyrgjast lántökurnar með skelfilegum afleiðingum fyrir almenning í Grikklandi.

„Grikkir eiga skilið að þeim verði sagður sannleikurinn í málinu," segir Guardian. „Syriza, frekar en nokkur annar, hefur þó allavega komið heiðarlega fram og sagt fólki hvað hafi farið úrskeiðis. Tilraunir til að kæfa rödd Syriza mun aðeins magna upp and-evrópsk öfl sem mun hafa skelfilegar afleiðingar fyrir evrusvæðið." Segir Guardian að eina skynsamlega lausnin í málinu nú sé að gera málamiðlun og semja við Grikki.

Reynt að draga Íslendinga út í evrufenið

Út í þetta botnlausa fen hafa forystumenn ákveðins stjórnmálaafls á Íslandi verið að reyna að draga íslensku þjóðina forspurða og af fullkomnu ábyrgðarleysi. Það er því kaldhæðnislegt að á sama tíma vex andstaðan við ESB víða í Evrópu og ekki síst í Bretlandi sem býr nú að því að hafa ekki álpast inn í myntsamstarf evruríkjanna með upptöku evru.

Hefur hörðum áróðri fyrir inngöngi í ESB verið óspart beitt og reynt að skrúfa upp múgsefjun hér á landi um málið. Ýmsum miður geðslegum meðulum hefur þar verið beitt. Varla hefur t.d. farið fram hjá nokkrum manni sú aðför sem gerð hefur verið að íslenskum landbúnaði og forystu Bændasamtaka Íslands. Það hefur verið fyrir það eitt að BÍ reynir að standa í lappirnar við að verja íslenskan landbúnað og fjölda starfa í greininni gagnvart ESB. Sömuleiðis hafa íslenskir útgerðarmenn fengið að finna til tevatnsins, en þar á bæ hafa menn einmitt óttast að Íslendingar geti við aðild að ESB misst yfirstjórn eigin fiskimiða í hendur ESB.

Mun hugsanlega brjóta evrusvæðið á bak aftur

Í grein Guardian síðastliðinn föstudag segir að sú stefna forysturíkja ESB að beita Grikki hörðum þvingunum kunni að vera kornið sem fylli mælinn og brjóti evrusvæðið á bak aftur. Pólitískt svigrúm innan evrusvæðisins hafi minnkað svo mikið að líklega sé orðið ómögulegt að koma þar á skynsamlegri fjármálastefnu. „Hvaða mistök gerðum við?" spyr blaðið. „Hvernig eigum við að taka skynsamlega ákvörðun í þetta skiptið?"

Vandinn er að forystumenn innan ESB neyddu seðlabanka sína í aðgerðir til að bjarga bönkum á kostnað evrópskra skattgreiðenda. Hafa þeir reyndar verið harðlega gagnrýndir fyrir þetta, en á móti hafa þeir reynt að þvo hendur sínar með því að gera lítið úr Grikkjum og segja þá bæði lata og eyðslusama.

Bendir blaðið á Íra sem eitt af þessum mjög vafasömu dæmum.

„Írland hefur af heimsku tryggt sína gjaldþrota banka og var svo bannað af Seðlabanka Evrópu að afskrifa eina einustu evru af inneignum skuldabréfaeigenda. Skuldir einkabanka og fjármálamanna voru fluttar yfir á almenning sem nú er látinn borga brúsann."

Á níræðisaldri og gefur út bók

Jóhannes Sigmundsson frá Syðra-Langholti var að gefa út sína fyrstu bók fyrir jól (83 ára gamall) sem heitir Gamansögur úr Árnesþingi.

Bjarni Harðar gaf hana út og hefur hún selst í 1.500 eintökum. Jóhannes er farin að safna sögum í bók númer tvö.

Í frétt í síðasta blaði var greint frá hátíðinni Vordægur við Mývatn sem verður haldin 13. til 18. apríl og svo aftur 26. apríl til 1. maí. Í fréttinni kom fram að skemmtanastjórinn Jóhannes Sigmundsson væri frá Sigríðarholti. Það er ekki rétt hann er að sjálfsögðu frá Syðra-Langholti og leiðréttist það hér með.

Mætir á sagnaþing

Jóhannes mun mæta á sagnaskemmtunina á Sel-Hótel Mývatni á konudaginn 22. febrúar. Er það í fjórða sinn sem slík sagnaskemmtun er þar haldin. Þar verða fróðir og skemmtilegir sagnamenn til að segja gamansögur. Þar verða Björn Ingólfsson, fyrrverandi skólastjóri á Grenivík, og Árni Jónsson frá Fremstafelli. Þá mun Ásta Kristín Benediktsdóttir, íslenskufræðingur frá Arnarvatni, stjórna skemmtuninni. Allar konur sem mæta í upphlut eða peysufötum fá frítt á árbítinn, „brunchinn“. Skemmtunin hefst kl. 12.00.

Hvolsvöllur:

Enginn sveitamarkaður

Rekstri sveitamarkaðarins á Hvolsvelli, sem hefur verið starfræktur í gömlu bröggunum á staðnum, hefur verið hætt.

Ástæðan er sú að sá sem rekur markaðinn, Ásbjörn Jensen, er búsettur erlendis og getur því ekki rekið markaðinn þaðan. „Þar sem hann býr ekki á staðnum þá er erfitt að halda úti svona markaði og hefur hann því tekið ákvörðun um að hætta rekstri,“ segir Árný Lára Karvelsdóttir, markaðs- og kynningarfulltrúi l Rangárþings eystra. */MHH*

Pólskar haughrærur

Aflgjafar: 3 fasa rafmótor eða glussarótor.

Mótorstærðir: 7,5 KW, 9,2 KW, 11 KW / Glussarótor : 8 KW

Sterk og vönduð smíð, burðarvirki úr heitgalf stáli, ryðfrítt stál í þeim hluta sem fer niður í hauginn.

Mesta vinnudýpt: 130 cm, vinna í öllum gráðum á hlið.

Hrærurnar fara niður um 17 mm eða 23 mm rimla, en einnig er hægt að sérpanta aðra sverleika.

Hrærurnar eru komnar í notkun hér heima og hafa reynst vonum framar.

Afgreiðslutími: 4 til 6 vikur, mjög hagstætt verð.

Hákonarson ehf. s. 892-4163, netfang: hak@hak.is vefslóð: www.hak.is

limtrevirnet.is

Yleiningar fyrir íslenska veðráttu

Hjá Límtré Vírnet færðu léttar stálsamlokueiningar með polyúreþan- eða steinullareinangrun á milli.

Henta í útveggi og þök, milliveggi og loft, kæli- og frystiklefa, fyrir heimili og fyrirtæki. Raka- og vindþéttar, einangra vel, auðþrifnar, illtendranlegar, gæðaprófaðar, léttar, fljótuppsettar, þaulreyndar og hagkvæmar.

Kynntu þér Yleiningar á limtrevirnet.is.

LímtréVírnet Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350

Aðalskrifstofa - Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes
Söluskrifstofa - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur
Netfang - sala@limtrevirnet.is

Glútenlaust og gott

finax

Partner of Experts STAHL CraneSystems

STAHL kranar og talíur

Starfsstöðvar Ísfells og Ísnets:
- Ísnet Þorlákshöfn - Óseyrarbraut 28
- Ísnet Vestmannaeyjar - Flötum 19
- Ísnet Húsavík - Barðahúsi
- Ísnet Akureyri - Oddeyrartangi
- Ísnet Sauðárkrókur - Lágeyri 1
- Kristbjörg Ólafsfjörður - Pálsbergsgötu 1
- Ísfell / Ísnet Hafnarfjörður - Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5200 500 • isfell@isfell.is

ÍSFELL www.isfell.is

ísnet

Meistarafélag kjötiðnaðarmanna 25 ára

– félagarnir orðnir 86 en voru 23 í upphafi - allt meistarar í faginu sem stöðugt vinna að því að bæta fagmennsku í greininni

Meistarafélag kjötiðnaðarmanna (MFK) heldur upp á 25 ára afmæli sitt nú um helgina en félagið var stofnað 10. febrúar 1990. Stofnfélagar voru 23, en félagsmenn í dag eru nú 86.

Fyrstu stjórn félagsins skipuðu: Þorvaldur Guðmundsson, Síld og fiski, formaður, Björn Ingi Björnsson, Höfn á Selfossi, varaformaður, Gísli Árnason, Afurðasölu Sambandsins, ritari, Leifur Þórsson, Sláturfélagi Suðurlands, gjaldkeri og Tómas Kristinsson, Kjötsölunni, meðstjórnandi.

Árið 2009 voru félagarnir samtals 39 en þá var ákveðið að opna félagið meira og var fólk með meistararéttindi hvatt til að ganga í félagið.

Meistarafélag kjötiðnaðarmanna er félagssamtök kjötiðnaðarmeistara, sem hafa stjórnunarábyrgð á sínum vinnustað eða reka sitt eigið kjötvinnslufyrirtæki. Þeir hafa réttindi til að taka nema á námssamning og kunnáttu til að kenna þeim. Félagið er ekki eiginlegt hagsmunagæslufélag sem hefur launabaráttu á stefnuskrá sinni en þau mál eru á könnu MATVÍS, félags iðnaðarmanna í matvæla- og veitingagreinum.

„Þetta er bara hópur af fólki sem hefur áhuga á því að gera kjötiðnaðinn betri," segir Halldór Jökull Ragnarsson, formaður MFK.

„Við stefnum að því að félagatalan verði komin í 100 eftir eitt til tvö ár. Þá höfum við bætt nýju tákni við einkennisbúninginn okkar sem við notum við hátíðleg tækifæri. Það er svartur kúluhattur sem við setjum upp í staðinn fyrir hvítu hattana og verðum með á afmælishátíðinni sem haldinn verður á Reykjavík Natura Hotel." Þar feta íslenskir kjötiðnaðarmeistarar í smiðju kollega sinna í Bretlandi og í Danmörku.

Halldór Jökull Ragnarsson, núverandi formaður MFK, við Grillvagn Landssamtaka sauðfjárbænda á Bændadegi á Þingeyri í júlí 2013. Myndir / HKr.

Ötulir við að grilla í þágu bænda

Félagar í MFK hafa verið mjög sýnilegir á undanförnum árum, m.a. verið á þönum um allt land með grillvagn Landssamtaka sauðfjárbænda (LS). Þannig hafa félagar MFK verið áberandi á ýmsum útihátíðum yfir sumartíma á Íslandi. Hafa þeir verið í náinni samvinnu við LS við að kynna íslenska lambakjötið með þessum hætti. Afstaða þeirra til þessa verkefnis er að sem kjötiðnaðarmenn, þá sé það ekki síður þeirra hagur en bænda að framleiðsla lambakjöts gangi sem best. Þannig sé þeim tryggt hráefni til að vinna úr.

„Það hefur tekist mjög góð samvinna með okkur og sauðfjárbændum varðandi grillvagninn. Svo er þetta bara svo skemmtilegt," segir Halldór Jökull. „Fyrsta grill MFK á þessu ári verður við setningu Búnaðarþings við Hörpuna 1. mars. Á sama tíma í fyrra stóðu 13 kjötiðnaðarmeistarar við grillið við setningu Búnaðarþings."

Til hjálpar þeim sem minna mega sín

MFK stendur fyrir kynningu á íslenskum jólamat í samstarfi við kjötvinnslur ár hvert. Félagarnir hafa líka verið ötulir við að veita samfélagsþjónustu. Hluti af því göfuga starfi er úrbeining á hangikjöti fyrir hver jól fyrir þá sem minna mega sín í þjóðfélaginu. Hafa félagar í MFK staðið að því verkefni í sjö ár í röð.

Kjartan Bragason, fyrrverandi formaður MFK, segir að tilurð þessarar úrbeiningar mætti rekja til neyðarástandsins sem skapaðist í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008. Þá hafi þeim félögum fundist að þeir yrðu að leggja eitthvað af mörkum til að hjálpa fólki í vanda. Þá hafi komið upp sú hugmynd að reyna að fá afurðastöðvar og kjötiðnaðarfyrirtæki til að gefa hangikjöt sem félagarnir síðan úrbeinuðu og gerðu klárt til afhendingar til Mæðrastyrksnefndar. Undirtektir fyrirtækjanna voru strax miklu betri en menn þorðu að vona og hefur þetta síðan verið árlegur viðburður. Undanfarin ár hafa þeir góðfúslega fengið að nýta vel búið kennslueldhús hótel- og matvælagreina í Menntaskólanum í Kópavogi.

Öflugt námskeiðahald

MFK hefur staðið fyrir mörgum námskeiðum í samvinnu við Félag íslenskra kjötiðnaðarmanna (FÍK) og fyrirtæki sem þjóna og selja vörur, tæki til kjötiðnaðar. Sem dæmi um námskeið má nefna:

Hrápylsugerð, Framsetning í kjötborð verslunar, Nauta- og svínakjötsúrbeining og Skinkugerð.

Félagið hefur einnig staðið fyrir mörgum fyrirlestrum um málefni er tengjast kjötiðnaði. Eins hefur félagið staðið fyrir hópferðum á sýningar erlendis fyrir fagmenn og meistara.

Fagkeppni kjötiðnaðarmanna

Þá hefur MFK staðið fyrir fagkeppni kjötiðnaðarmanna undanfarin 22 ár. Fyrsta fagkeppni sem meistarar tóku þátt í var í Herning 1992. Í framhaldi var haldin fagkeppni hér heima annað hvert ár með danskan meistara (Jens Munck) sem yfirdómara, í framhaldi á fagkeppnum hefur íslenskur meistari séð um yfirdómarahlutverkið.

Þá má geta þess að nú vinnur Ásgeir Gunnar Ásgeirsson að ritun á sögu kjötiðnaðar á Íslandi í samvinnu við FÍK.

Vakning í aðsókn í kjötiðnaðargreinar

Endurnýjun í stétt kjötiðnaðarmanna hefur verið nokkuð sveiflukennd í gegnum tíðina. Halldór segir að haustið 2012 hafi nýnemar í kjötiðn hjá MK verið 24, síðan 37 árið 2013 og 34 haustið 2014.

„Það er greinilega einhver vakning í gangi núna og mér sýnist að endurnýjun í menntuðum kjötiðnaðarmönnum á Íslandi sé nú í þokkalega góðum málum. Þetta unga fólk heldur síðan áfram og hefur verið duglegt í vöruþróun nýrra matvæla á markaðnum. Þar hjálpar fagkeppni Meistarafélagsins til sem við höldum á tveggja ára fresti. Þar höfum við krýnt í hvert sinn kjötmeistara Íslands, en þessa keppni höfum við haldið síðan 1992.

Fyrirtækin í kjötiðnaði hafa tekið mjög góðan þátt í þessari keppni. Í síðustu keppni sem fram fór á síðasta ári var metþátttaka með nýjar vörur. Það voru 148 vörur sem komu inn í keppnina sem er töluvert mikil aukning frá því við byrjuðum aftur eftir hrun. Við slepptum keppninni sem átti að vera 2008 vegna ástandsins í þjóðfélaginu en höfðum síðan keppni 2010, 2012 og 2014.

Formenn MFK frá upphafi

1. Formaður MFK 1990 Þorvaldur Guðmundsson.
2. formaður MFK 1991 Björn Ingi Björnsson.
3. formaður MFK 1994 Thorvald K. Imsland.
4. formaður MFK 2000 Níels Hjaltason.
5. formaður MFK 2004 Björk Guðbrandsdóttir.
6. formaður MFK 2008 Kristján G. Kristjánsson.
7. formaður MFK 2010 Kjartan Bragason.
8. formaður MFK 2014 Halldór Jökull Ragnarsson.

Jón Þorsteinsson, hjá Sláturfélagi Suðurlands, var krýndur kjötmeistari Íslands í fagkeppni MFK 2014.

Kjötiðnaðarmeistarar afhenda Ragnhildi Guðmundsdóttur, formanni Mæðrastyrksnefndar, afrakstur vinnu sinnar við úrbeiningu á hangikjöti fyrir jólin 2013. Lengst til hægri er Kjartan H. Bragason, þáverandi formaður MFK, og lengst til hægri er Halldór Jökull Ragnarsson, núverandi formaður félagsins.

Vandmeðfarin verðlaunavara í síðustu keppni

Halldór segir að það hafi komið mjög áhugaverðar og flottar vörur út úr þessari keppni. Á síðasta ári vann mjög athyglisverð vara sem lítur út eins og camembert eða sambærilegur hvítmygluostur. Enda heitir varan „Salami Camemberti" og var jafnframt valin besta varan í flokki hrossa- eða folaldakjöts. Höfundurinn, Jón Þorsteinsson, hjá Sláturfélagi Suðurlands, hlaut fullt hús stiga fyrir þessa vöru og hlaut jafnframt titilinn kjötmeistari Íslands 2014.

Þessi einstaka vara þótti sérlega góð en er afar vandmeðfarin í framleiðslu. Til stóð að hefja fjöldaframleiðslu á „Salami Camemberti", en vandinn er að ekkert kjötiðnaðarfyrirtæki var tilbúið að hleypa slíkri framleiðslu inn í sitt rými, þar sem hluti af dæminu er myglusveppur. Engin ostagerð var heldur til í að hleypa mönnum inn með kjötvörur í sitt rými. Því þyrfti líklega sérhæfða lokaða aðstöðu fyrir framleiðslu á þessari mjög svo sérstöku vöru.

Undirbúningur hafin að næstu keppni

Þegar er hafin undirbúningur að næstu fagkeppni kjötiðnaðarmanna sem haldin verður í byrjun næsta árs. Verður keppnin haldin í Menntaskólanum í Kópavogi þar sem Hótel- og Matvælaskólinn er einnig til húsa. Þá segir Halldór að hugmyndin sé að vera þá einnig með minni keppni sem verður meira stíluð á fyrirtækin í greininni frekar en einstaka kjötiðnaðarmenn. Fyrirmyndin er sótt til Danmerkur og er fyrirfram ákveðið að fyrirtækin keppi um eina ákveðna vörutegund eins og t.d. lambakæfu. Matið felst svo eingöngu í bragðprófun og er meiningin að draga þar félög annarra fagmanna í matvælageiranum að borðinu. Þau þrjú fyrirtæki sem komast með sína vöru í úrslit geta svo skreytt sig með þeim árangri.

Heimaframleiðsla komin víða en oft skortur á eftirliti

Eftir efnahagshrunið 2008 fór af stað ákveðin vakning um að kjötframleiðendur hjálpuðu sér meira sjálfir og er Beint frá býli m.a. afrakstur af því. Halldór segir að ákveðnar reglugerðir séu um slíka heimaframleiðslu bænda. Ef menn hafa farið á námskeið og séu með alla aðstöðu í lagi þá megi þeir framleiða ákveðnar vörur sjálfir og selja ef íbúafjöldinn á þeirra markaðssvæði er ekki meiri en um 100 manns. Ef selja eigi á stærra markaðssvæði þá er gerð krafa um að við framleiðsluna starfi sveinn eða meistari í greininni.

Samkvæmt iðnaðarlögum eru kjötiðnaðarmenn lögvernduð starfsgrein. Halldór segir að þegar bændur eru komnir í meiri framleiðslu en fyrir 100 manna svæði þá sé eftirlitið með því brotakennt.

„Það er sýslumaður eða lögregluvaldið á hverjum stað sem á að annast eftirlit með að löggiltir fagmenn stundi framleiðsluna. Þar skortir talsvert á og við það erum við að berjast í dag," segir Halldór. Þá bendir hann á að í verslunum í Reykjavík megi líka finna kjötvörur sem standist ekki þær kröfur sem heilbrigðiseftirlitið eigi að fylgjast með að séu uppfylltar. Telur Halldór brýnt að vanda þar betur til verka.

/HKr.

Skrúðgarðyrkja - byggingarreglugerðir
Hvernig kemur skrúðgarðyrkja inn í byggingareglugerð?
Haldið 17. feb í Reykjavík

Járningar og hófhirðing
Undirstöðuatriði við hófhirðingu, verkun hófs og járningar.
Haldið 17. feb í Reykjavík

Ostagerð
Í samstarfi við IÐUNA og Farskólann
Mismunandi vinnsluaðferðir við gerð mismunandi osta.
Haldið 21. feb í Kópavogi
Haldið 7. mars á NV landi

Trjá- og runnaklippingar
Bóklegt og verklegt, runnar og limgerði, vélar og verkfæri.
Hefst 6. mars á Reykjum

Ferskar viðarnytjar Tálgun I
Í samstarfi IÐUNA
Listin að lesa í skógarefni, beita áhöldum rétt og útkoman verður nytjahlutur með sögu.
Hefst 20. feb á Reykjum

Vistsporin stigin á heimilinu Tálgun II
Í samstarfi IÐUNA
Sækjum efni út í skóg, lærum að undirbúa efnið og búum til nytjahluti fyrir eldhúsið.
Hefst 6. mars á Reykjum

Húsgagnagerði úr skógarefni
Hvernig á að afberkja, ydda, setja saman og fullvinna húsgögn úr grisjunarefni?
Hefst 20. mars á Snæfoksstöðum
Hefst 27. mars í Vaglaskógi

Jarðræktarforritið Jörð.is
Í samstarfi við RML
Vefforrit sem aðstoðar við gerð áburðaráætlana.
Haldið 6. mars á Hvanneyri
Haldið 12. mars á Sauðárkróki
Haldið 13 mars á Hvammstanga

Torf- og grjóthleðsla
Íslensk byggingararfleið, byggingar úr hefðbundnu íslensku efni, torfi og grjóti.
Hefst 10. apríl á Snæfellsnesi
Hefst 17. apríl í Breiðavík
Hefst 23. apríl á Reykjum

Gróðurvist í þéttbýli
Í samstarfi við FÍT
Líffræðilegur fjölbreytileiki gróðurs í þéttbýli - sækjum innblástur í náttúruna.
Haldið 10. apríl í Reykjavík

www.lbhi.is/namskeid
Skráning fer fram á endurmenntun@lbhi.is eða í síma 433 5000
Við erum líka á Facebook - facebook.com/namskeid

Jörð óskast

Á Vestfjörðum eða Vesturlandi óskast jörð, æskilegt að hún hentaði fyrir ferðamennsku.
Uppl. sendist í pósthólf 9003, Þönglabakka 4, 109 Reykjavík.

*Bænda*blaðið *Smáauglýsingar* 56-30-300
Næsta blað kemur út 26. febrúar

Búnaðarstofa

Lýsingarbúnaður í gróðurhúsum

Áður auglýstur umsóknarfrestur framlengist til 15. mars 2015
Veittir eru styrkir til uppsetningar á lýsingarbúnaði samkvæmt aðlögunarsamningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða og reglugerð nr. 1178/2014, VIÐAUKA I, *Verklagsreglur um úthlutun styrkja vegna uppsetningar á lýsingarbúnaði.*
Rafrænar umsóknir skal fylla út á Bændatorginu (www.bondi.is) eigi síðar en 15. mars 2015.
Rafrænt umsóknarform og reglugerð er að finna á Bændatorginu. Nánari upplýsingar veitir Ásdís Kristinsdóttir í síma 563 0300 og á ak@bondi.is
Aðeins er tekið á móti rafrænum umsóknum í gegnum Bændatorgið.

Vatnsveitur á lögbýlum

Áður auglýstur umsóknarfrestur framlengist til 15. mars 2015
Veittir eru styrkir úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að leggja vatnsveitu að einstökum bæjum í dreifbýli samkvæmt reglugerð nr. 973/2000 með síðari breytingum.
Rafrænar umsóknir skal fylla út á Bændatorginu (www.bondi.is) eigi síðar en 15. mars 2015. Með umsókn skal fylgja staðfest kostnaðar- og framkvæmdaáætlun.
Rafrænt umsóknarform verður opnað þriðjudaginn 24. febrúar nk. Reglugerð er að finna á Bændatorginu. Nánari upplýsingar veitir Guðrún S. Sigurjónsdóttir í síma 563 0300 og á gss@bondi.is
Aðeins er tekið á móti rafrænum umsóknum í gegnum Bændatorgið.

Styrkir til frumbýlinga í sauðfjárrækt

Áður auglýstur umsóknarfrestur framlengist til 15. mars 2015
Hér með er auglýst eftir umsóknum um styrki til frumbýlinga í sauðfjárrækt samkvæmt ákvæðum núgildandi sauðfjársamnings og reglugerð nr. 1100/2014, VIÐAUKA IV, *Verklagsreglur um úthlutun bústofnskaupastyrkja til frumbýlinga.*
Rafrænar umsóknir skal fylla út á Bændatorginu (www.bondi.is) eigi síðar en 15. mars 2015. Rafrænt umsóknarform verður opnað miðvikudaginn 18. febrúar nk. Reglugerð er að finna á Bændatorginu.
Nánari upplýsingar veitir Guðrún S. Sigurjónsdóttir í síma 563 0300 og á gss@bondi.is
Aðeins er tekið á móti umsóknum í gegnum Bændatorgið.

Bændasamtök Íslands, Bændahöllinni við Hagatorg, 107 Reykjavík

LSB Lífeyrissjóður bænda

Ársfundur 2015

Ársfundur Lífeyrissjóðs bænda 2015 verður haldinn þriðjudaginn 3. mars 2015 í Heklu, á 2. hæð í Bændahöllinni við Hagatorg í Reykjavík, og hefst kl. 12.

Dagskrá ársfundarins verður eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Kynning ársreiknings 2014.
3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt.
4. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins.
5. Breytingar samþykkta sjóðsins.
6. Önnur mál.

Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.
Allir sjóðfélagar, jafnt greiðendur sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu.
Sjóðfélagar eru hvattir til að nýta sér rétt sinn.

Lífeyrissjóður bænda
Bændahöllinni við Hagatorg - 107 Reykjavík
Sími 563 0300 - lsb@lsb.is - www.lsb.is

Margrét B. Hjarðar, Jakob Sigurðsson og sonur þeirra, Bóas, standa framan við húsið að Borg sem reist var árið 1992. Þangað leggja gjarnan leið sína hópar sem stunda gönguferðir í nágrenninu, en fjallahringurinn umhverfis og í næsta nágrenni Njarðvíkur er mikil náttúruperla. Mynd / MÞÞ

Með ferðaþjónustu, fjárbú og áætlunarferðir á Austfjörðum:

Í mörg horn að líta hjá ábúendum í Hlíðartúni í Njarðvík

„Dagarnir eru oft ansi langir, því er ekki að neita, en gengur samt ágætlega upp því við erum saman í þessu öllu," segir Margrét B. Hjarðar í Hlíðartúni í Njarðvík, sem er í um 10 kílómetra fjarlægð frá Bakkagerði i Borgarfirði eystri.

Margrét og eiginmaður hennar, Jakob Sigurðsson, eiga 4 börn, Guðfinnu, Önnu Margréti, Sigurð og Bóas. Þau reka sauðfjárbú, með rúmlega 400 kindur, og stunda að auki nautaeldi, eru með 40 naut. Þá halda þau hesta, svín og hænur til að auka fjölbreytileikann í búskapnum. Þau reka ferðaþjónustu að Borg sem einnig er staðsett í Njarðvík og hafa leyfi til að hýsa 16 manns í tveimur íbúðum. Einhverjum kann að þykja ofantalið ærinn starfi, en þau Margrét og Jakob eru einnig með áætlunarferðir milli Borgarfjarðar eystri og Egilsstaða alla virka daga allt árið um kring.

Leist ekkert á blikuna fyrst

Jakob er fæddur og uppalinn á Borg í Njarðvík, en Margrét er Jökuldælingur, ólst upp á Hjarðargrund og kennir sig við æskuheimili sitt.

„Ég kom fyrst hingað í Njarðvíkina með Jakobi fyrir þrjátíu árum á vörubíl, en á þeim árum vann hann mikið uppi á Héraði á vörubíl sínum. Þetta var árið 1985 og satt best að segja leist mér ekki neitt á blikuna þá," segir hún. „Ég kom seinnipart sumars og Vatnsskarðið var ekki sérlega árennilegt, svartaþoka og ekkert að sjá nema niðamyrkur, þetta var heldur skuggalegt."

En Margrét var fljót að jafna sig þótt fyrsta upplifun af staðnum hafi skotið henni skelk í bringu. Og Vatnsskarðið, sem fara þarf yfir ætli menn sér að komast upp á Hérað, hræðist hún ekki lengur. Er þar öllum hnútum kunnug eftir æði margar ferðir þar yfir í alls kyns veðrum.

„Þetta er orðið svo ágætt núna, fyrst þegar ég flutti í Njarðvíkina voru tveir mokstursdagar í viku, þeim var svo fjölgað í fjóra en nú á liðnum vetri hafa þeir verið sex, þannig að það má segja að maður komist allra sinna ferða. Þetta er mikill munur og skiptir okkur verulegu máli," segir hún.

Dreif sig í meiraprófið til að hlaupa í skarðið

Margrét og Jakob hafa séð um áætlunarferðir á leiðinni frá Borgarfirði eystri til Egilsstaða frá árinu 1996.

„Við höfum sérleyfi á þessari leið, við flytjum ýmsar vörur, erum landpóstar, höfum um það bil 50 viðkomur hér í Borgarfjarðarhreppi, byrjum þó dreifinguna á Unaósi sem er fyrsti bær hér ofan við fjall. Við erum alltaf á ferðinni og þetta hefur undið upp á sig og smám saman orðið umfangsmeira. Við byrjuðum með 7 manna Patrol-jeppa í þessum flutningum okkar, en eftir að meira varð umleikis keyptum við öflugri bíla, erum núna á 16 manna Möntru sem er breyttur M.B. Sprinter," segir Jakob.

Margrét gerði sér svo lítið fyrir og vatt sér í meiraprófið til að hlaupa undir bagga með Jakobi í akstrinum og nú hin síðari ár er hún allt eins mikið á ferðinni og hann. „Ég sá að það þýddi ekki annað en taka meiraprófið svo ég gæti hlaupið í skarðið og tekið eina og eina ferð. Þetta fyrirkomulag hentar vel, núorðið skiptumst við á að aka," segir Margrét.

Setur mörkin við fatakaupin

Oft kemur fyrir að sveitungar biðji þau Margréti og Jakob að grípa eitt og annað með sér frá Egilsstöðum. „Það er nú eitt og annað sem maður hefur tekið með og fært sveitungunum, þetta eru reddingar af ýmsu tagi, alls kyns viðvik. Það er ekkert mál að gera fólki greiða af og til, það vantar kannski blómvönd fyrir afmæli eða rauðvínsflösku, eða bara hvað sem er og fólk veit að við erum á ferðinni og eigum hægt um vik að taka með," segir Jakob. Hann bætir við að það séu nánast engin takmörk fyrir því hvað hann sé tilbúinn að gera fyrir sína ágætu sveitunga.

Þau Margrét og Jakob byrjuðu með 7 manna Patrol-jeppa í flutningum sínum en eftir að meira varð umleikis voru keyptir öflugri bílar, nú gera þau út 16 manna Möntru sem er breyttur M.B. Sprinter. Með þeim á myndinni er yngsti sonur þeirra, Bóas. Mynd / MÞÞ

„Það er eiginlega bara eitt sem ég treysti mér ekki í og það er að velja fatnað á konurnar hér í sveitinni. Þar dreg ég mörkin," segir hann og bætir við að það eigi við um nærfatnað, en best fari á að nefna það nú ekki neitt í viðtalinu.

Samfélagsþjónusta

Margrét og Jakob segja að líta megi á þessi aukaviðvik sem eins konar samfélagsþjónustu sem þau inni af hendi með glöðu geði.

„Þetta byrjaði smátt og nánast ómeðvitað, en hefur dálítið undið upp á sig. Það er auðvitað misjafnt eftir dögum hversu mörgum erindum þarf að sinna, en við höfum gaman af þessu," segir Margrét og bætir við að sér þyki gaman að gera fólki greiða og eins hafi hún gaman af því að aka bíl, svo starfið henti sér prýðilega. „Mér leiðist aldrei," segir hún. Það sé frekar að Jakob sjái ekki alltaf björtu hliðarnar á akstrinum, enda hafi hann um langt árabil átt vörubíl og stundað verktöku.

„Ég fæ stundum alveg nóg af akstri," segir hann.

Allt tilbúið þegar „gönguæðið" rann á menn

Af og til sjá þau um að flytja farþega milli staða, utan fastrar áætlunar, m.a. að sækja hópa úr millilandaflugi til Akureyrar, göngugarpa sem koma austur og dvelja í viku til að ganga á

Víknaslóðum sem er gönguparadís.

„Fjallahringurinn hér hefur geysimikið aðdráttarafl, hér um slóðir var snemma byrjað á því að stika gönguleiðir upp til fjalla og það var allt gert í sjálfboðavinnu af heimamönnum. Þannig að þegar „gönguæðið“ rann á bæði Íslendinga og erlenda ferðamenn var þetta svæði tilbúið, fullt af stikuðum leiðum um okkar tignarlegu fjöll og við höfum búið að því. Kannski má orða það sem svo að hér um slóðir búi framsýnt fólk, við vorum svolítið á undan okkar samtíð hvað þetta varðar. Að þessu framtaki stóð á sínum tíma Ferðamálahópur Borgarfjarðar eystri og allt starf var unnið í sjálfboðavinnu, bæði lengri og skemmri gönguleiðir hér um slóðir voru stikaðar, skálar reistir eða lagfærðir þeir sem fyrir voru, þannig að hér var allt til reiðu þegar tækifæri sköpuðust í göngutengdri ferðaþjónustu,“ segja þau Margrét og Jakob.

Það er fallegt í Njarðvík þar sem heimilisfólkið í Hlíðartúni rekur ferðaþjónustuna Borg. Mynd / MÞÞ

Ekkert gsm-samband

Ekkert GSM-samband er í Njarðvíkinni og kemur sér oft illa í vetrarakstrinum þegar færð og veður eru varasöm á Vatnsskarði og ekki næst samband við áætlanabílstjórann til að kanna hvort hann komist yfir eða hafi lent í einhverjum vandræðum.

„Þá er biðin oft löng fyrir þann sem heima situr og ekki síður bílstjórann ef bíða þarf lengi eftir aðstoð. Á hinn bóginn getur þetta GSM-sambandsleysi verið upplifun fyrir ferðamanninn. Margir af okkar gestum hafa haft orð á því hversu gott er að vera án símasambands,“ segja þau.

Gestum gefst kostur á að kynnast störfum bóndans

Þau hjónin tóku sig sjálf til og hófu ferðaþjónustu á Borg í húsi sem foreldrar Jakobs byggðu 1992. Hugmyndin er sú að gefa íslenskum og erlendum ferðamönnum kost á að dvelja á staðnum, njóta náttúrufegurðar en einnig að gefa þeim kost á að taka þátt í hefðbundnum landbúnaðarstörfum með heimafólki og kynnast um leið fjölbreyttu starfi bóndans.

„Við byrjuðum á þessu árið 2010 og starfsemin hefur vaxið jafnt og þétt upp frá því,“ segir Margrét, en þau eru innan Ferðaþjónustu bænda.

„Einnig erum við inni á vefsíðunni booking.com, hún virðist ansi öflug og margir sem nýta sér hana.“ Ferðaþjónustan er opin allt árið, langmest er að gera yfir sumarið, en elsta dóttir þeirra, Guðfinna, sá um reksturinn síðasta sumar. Fram að því höfðu þau séð um reksturinn sjálf. „Það gekk mjög vel hjá okkur á liðnu sumri og það næsta lítur sömuleiðis afskaplega vel út, þannig að þetta er vaxandi starfsemi hér hjá okkur,“ segir Margrét. Hún nefnir að þau hafi ekki sérstaklega farið í markaðsátak vegna vetrarferða og minna sé umleikis í ferðaþjónustunni á þeim tíma.

Þorrablótið hápunktur skemmtanalífsins

„Það er alltaf alveg nóg að gera hjá okkur,“ segir Margrét sem starfar meðal annars í kvenfélaginu, kirkjukórnum og situr í fjallskilanefnd hreppsins svo eitthvað sé nefnt, Jakob er í sveitarstjórn og hefur verið oddviti frá 2006. Ekki megi gleyma þorrablótsnefndinni, þar sem þau starfa fjórða hvert ár með alveg ágætis fólki, en þorrablót í hinum dreifðu byggðum landsins eru oftar en ekki hápunktur skemmtanalífsins á hverjum stað.

„Það er bara þannig í smærri samfélögum að menn leggja hönd á margan plóginn, þurfa að ganga í öll störf og það gerum við svo sannarlega hér um slóðir,“ segir hún. Þorrablótið er einmitt gott dæmi um það, en heimamenn sjá um allan pakkann, frá A til Ö, sjá um öll aðföng eins og matinn, skreyta salinn, búa til skemmtiatriði og svo þarf að ganga frá eftir öll herlegheitin.

Gott samfélag og mikil samheldni

„Þetta er gott samfélag og hér er gott að búa, samheldni meðal íbúa er mikil og hver og einn er samfélaginu mikilvægur,“ segja þau.

Yfir vetrartímann una menn glaðir við sitt, búa sjálfir til sína skemmtun og þá gjarnan í kringum skólastarfið þar sem færi gefst á að hittast og eiga góða stund saman yfir spilum eða kaffibolla og kökusneið. Íbúar í sveitarfélaginu eru um 140 talsins, í grunnskólanum eru 17 börn og 4 á leikskólanum.

„Við búum sjálf til okkar viðburði yfir veturinn og fólk er duglegt að sækja þær samkomur sem í boði eru enda hafa menn gaman af því að hittast og spjalla,“ segir Margrét. Umferð um svæðið að sumarlagi hefur aukist mjög hin síðari ár og þar á tónlistarhátíð Bræðslan sinn þátt, en æ fleiri leggja leið sína á hátíðina.

„En hér er líka mikil kyrrð, fegurð og friðsæld sem margir sækja í, það er ekki ónýtt að geta boðið upp á þannig aðstæður.“ */MÞÞ*

Bændagisting á Borg Njarðvík:

Friðsælt umhverfi þar sem gestum býðst að upplifa sveitasæluna

Ferðaþjónustan Borg Njarðvík býður upp á bændagistingu á Austurlandi. Borg er staðsett í Njarðvík um 9 km frá kauptúninu, Bakkagerði í Borgarfirði eystra.

Býlið stendur spölkorn frá veginum, skömmu áður en komið er að hinum alræmdu Njarðvíkurskriðum en yfir þær þarf að fara til að komast inn að Bakkagerði. Vegurinn til Egilsstaða liggur yfir Vatnsskarð og inn eftir Héraðinu, en þangað eru um 62 kílómetrar.

Á Borg er starfrækt gistihús og hægt er að bóka allt frá eins manns herbergi upp í 4–6 manna íbúð. Á efri hæð hússins eru herbergi til leigu, með sameiginlegu eldhúsi og tveimur snyrtingum og aðgangur að baði og sturtu á annarri þeirra. Efri hæðin hýsir átta í gistingu í rúmum, en auðvelt er að bæta við dýnum ef með þarf. Hæðin hentar ágætlega fyrir t.d. tvær fjölskyldur. Á neðri hæð hússins er íbúð sem hentar vel fyrir 4–6 í gistingu og þar er eldhúskrókur og eitt baðherbergi með sturtu. Á báðum hæðum er aðgangur að þráðlausu neti.

„Við erum í samstarfi við Ferðaþjónustu bænda og leggjum mikla áherslu á að veita friðsælt og róandi umhverfi fyrir gesti okkar þar sem þeir geta notið þess að vera í íslensku sveitaumhverfi ásamt því að upplifa sveitasæluna,“ segir Margrét.

Ferðaþjónustan Borg Njarðvík býður upp á bændagistingu á Austurlandi, en starfsemin er í stóru og reisulegu húsi á tveimur hæðum. Þar er hægt að bóka allt frá eins manns herbergi upp í íbúð sem hýsir 6 manns. Áhersla er lögð á að gestir njóti sín í íslensku sveitaumhverfi ásamt því sem þeim gefst kostur á að upplifa sveitasæluna. Mynd / Hlíðartún

Víkin fagra og magra

„Víkin fagra og magra“, eins og nafna hennar, Margrét ríka á Eiðum, sem uppi var í byrjun 16. aldar nefndi Njarðvíkina, hefur upp á marga möguleika að bjóða þegar kemur að útivist, en m.a. eru fjölmargar og skemmtilegar gönguleiðir í nágrenninu. Ferðamenn sækja einmitt mjög í gönguferðir og koma margir hverjir gagngert til að stunda slíkar ferðir.

Margrét nefnir nokkrar, m.a. Stórurð sem er stikuð leið inn af Njarðvíkinni, sem og gömlu leiðina til Héraðs um Gönguskarð. Þá er stutt í Víknaslóðir þar sem einnig eru vel stikaðar gönguleiðir. Eins er friðsælt og notalegt að rölta um fjöruna í Njarðvík og ekki spillir fyrir að þar má af og til sjá seli. Tveir hellar eru í Norðurkrók fjörunnar sem gaman er að líta inn í.

Njarðvíkursandur er skemmtilega bogamynduð fjara og syðsti hluti hennar er kallaður Suðurkrókur. Þar rennur Njarðvíkuráin til sjávar og myndar allstórt lón. Lækurinn sem fellur niður í krókinn heitir Krókslækur. Á bakkanum við krókinn stóð býlið Króksbakki, en það fór í eyði árið 1936 og enn þann dag í dag má sjá tóftirnar af honum.

Fallegur fjallahringur

Njarðvíkin státar einnig af fallegum fjallahring, þó svo að ekki séu stikaðar gönguleiðir um allan hringinn eru þó allnokkrar fjárgötur sem hægt er að fylgja. Innst í víkinni blasa Súlurnar við, 768 m að hæð. Svo eru það Geldingsfjall, Sönghofsfjall, Grjótfjall (697 m), Kerlingarfjall, Tóarfjall og Skjaldarfjall. Stutt er líka í gönguleiðar-paradísina, Víknaslóðir, en þar má finna margar skemmtilegar stikaðar gönguleiðir.

Inni í Njarðvíkinni er Innra-Hvannagil, staður sem allir sem eru á ferðinni um þessar slóðir ættu að kíkja á. Hægt er að aka dálítinn spöl upp með gilinu og þá er stutt ganga

Framhald á næstu síðu.

inn í gilið sjálft. Í líparítinu má sjá fjölbreyttar bergmyndanir og einnig sérkennilega basalt-bergganga sem kljúfa líparítskriðurnar bæði á þvers og kruss.

Nadda-krossinn í Skriðunum

Úti í Skriðum, þar sem vegurinn til Borgarfjarðar liggur, má finna Nadda-krossinn. Gamlar sögur herma að þarna hafi verið á ferð óvættur, hálfur hestur og hálfur maður, sem kallaður var Naddi. Bjó hann í helli í skriðunum, er kallast Naddahellir, rændi þá sem um skriðurnar fóru og varð nokkrum mönnum að bana. Á hann að hafa verið veginn af Jóni frá Gilsárvöllum og krossinn settur þarna niður til að halda honum frá.

Árni Á. Bóasson smíðaði krossinn árið 1954, en sá sem stóð þar á undan gerði faðir hans, Bóas Eydal. Krossinn stóð áður í grasjaðri ofan götu, en var síðan færður niður fyrir vegbrún, þegar akvegurinn var gerður um skriðurnar. Árið 2013 endurnýjaði svo Árni Á. Bóasson krossinn.

Friðlýstar fornminjar

Þorragarðurinn er vörslugarður sem sagður er hafa verið hlaðinn af Ásbirni vegghamar skv. frásögn Fljótsdælu. Hann nær ofan úr Kerlingarfjalli og fram milli Borgar og Njarðvíkurbæja og var allt að 1,4 km að lengd og 1,5 m á hæð. Ekki sést hann þó allur nema rétt innan við Hlíðartún, en þar standa sýnilegustu leifarnar af garðinum. Þorragarðurinn og Þiðrandaþúfan eru bæði friðlýstar fornminjar.

Þiðrandaþúfan er þúfa sem stendur á bæjartúnunum í Njarðvík, þar á Þiðrandi Geitisson að hafa verið veginn, sagt er frá því í Fljótsdælu. Inn fyrir miðri vík standa Gunnarssker, þrjú talsins. Tvö af þeim sjást oftast, en það þriðja sést nær eingöngu á stórstreymisfjöru. Samkvæmt Fljótsdælu á Gunnar Þiðrandabani að hafa hvílst á innra skerinu á flótta undan óvinum yfir víkina. */MÞÞ*

Það er nóg fyrir ferðafólk að skoða sem heimsækir bændagistinguna Borg hjá hjónunum í Hlíðartúni í Njarðvík.

Lífið er ekki alltaf dans á rósum í Njarðvík - Rafmagnslaust í hátt í tvo sólarhringa eystra í haust:

Spiluðu í lopapeysum við kertaljós

– „Það væsti ekki um okkur," segir Jakob Sigurðsson í Hlíðartúni

„Það brunnu nú upp ansi mörg kerti hjá okkur, en það var í lagi því nóg var til," segir Jakob Sigurðsson sem býr ásamt konu sinni, Margréti B. Hjarðar, og Bóasi, syni þeirra, að Hlíðartúni í Njarðvík.

Þar reka þau sauðfjárbú, eru með nautaeldi og starfrækja ferðaþjónustu. Rafmagnslaust varð í 10 húsum í tæpa tvo sólarhringa á leggnum frá Borgarfirði eystra og að Njarðvík í haust, en einungis er búið í fjórum þeirra. Spennir í jarðstreng sem liggur frá Borgarfirði og yfir í Njarðvík gaf sig af einhverjum ástæðum.

Dúða sig vel undir sængina

„Það væsti ekki um okkur, íbúðarhúsið er vel einangrað og við fundum ekki fyrir miklum kulda, vorum bara vel klædd, lopapeysur komu að góðum notum og svo var bara að dúða sig vel undir sængina," segir Jakob. Þá höfðu þau gaseldavél innan seilingar og frá henni barst ágætis hiti þegar kvöldmaturinn var eldaður.

„Bóas fékk okkur til að spila, við sátum við það í kertaljósinu svo það má segja að við höfum fengið forskot á jólastemninguna og það var alveg ljómandi gott," segir hann.

Sat yfir fjárbókinni

Margrét sat yfir fjárbókinni í tölvunni þegar rafmagnið fór af um kl. 21 á sunnudagskvöld. Tölvan fór í gang að nýju og hafði ekki orðið fyrir skemmdum. Mestar áhyggjur segir Jakob að þau hafi haft af rafmagnstækjum, ísskáp og frystikistu og matvælum sem þar voru geymd, en svo virðist sem allt hafi sloppið nokkuð vel. „Við gáfum skepnum bara einu sinn á dag og þá vel, það var svo mikið myrkur og erfitt að paufast niður í hús. Þeim virðist ekki hafa orðið meint af og eru vel haldnar," segir Jakob. Engir gestir voru á vegum ferðaþjónustunnar á þeim tíma sem rafmagnsleysið varði.

Þakplötur fuku af hlöðu

Í óveðrinu sem geisaði fyrr í mánuðinum fuku þakplötur af hlöðunni við bæinn og voru félagar í björgunarsveitinni Sveinungum kallaðir til aðstoðar.

„Það fuku þarna nokkrar plötur út í veður og vind og til allrar hamingju ollu þeir ekki neinu tjóni, en slíkt hefði vel getað orðið. Þannig að það má segja að við höfum sloppið vel frá þessu öllu saman," segir Jakob. */MÞÞ*

Heimilisfólk í Hlíðartúni í Njarðvík, Margrét B. Hjarðar, Bóas Jakobsson og Jakob Sigurðsson. Myndin var tekin í haust þegar blaðamaður Bændablaðsins var þar í heimsókn. Á innfelldu myndinni er verið að gera við þakið á hlöðunni, en nokkrar plötur fuku af því í óveðrinu. Myndir / MÞÞ / Hlíðartún

- Lyftigeta frá 2.5 til 12 tonn
- Gott útsýni framá gaffla
- Fáanlegir með aflútaki
- Breitt ökumannshús
- Hydrostatic drif
- Fáanlegir í bændaútfærslu
- Góð reynsla í áratugi á Íslandi
- Öruggur þjónustuaðili
- Úrval fylgihluta

Íslyft ehf

Vesturvör 32 - 200 Kópavogur - Sími 564 1600 - islyft@islyft.is - www.islyft.is

20% afsláttur

af síum og vinnu vegna smurþjónustu á dráttarvélum ef bókað er í janúar eða febrúar

KRAFTVÉLAR

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnisgata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

Lífland fyrir lífið í landinu

Kjarninn í starfssemi Líflands er að styðja við lífið í landinu.
Með fjölbreyttu vöruúrvali og vísindalegum vinnubrögðum sköpum
við góðan jarðveg fyrir hvers kyns búskap og búfjárrækt.

Lífland söluráðgjöf Sími 540 1100 | Lynghálsi, Reykjavík lifland@lifland.is | Lónsbakka, Akureyri www.lifland.is | Borgarbraut, Borgarnesi Efstubraut, Blönduósi

LÍFLAND

Ný kynslóð vallarfoxgrass

NÝTT !

NÝ YRKI SEM SKILA HÁMARKS UPPSKERU.

Tenho: Skilar góðri uppskeru. Hentar vel bæði til beitar og slátta.

Tuuka: Góður meltanleiki og hátt proteininnihald.

BARENBRUG

Góðir í grasi

FÓÐURBLANDAN
– í héraði hjá þér –
www.fodur.is

Helstu nytjaplöntur heimsins



Í Bandaríkjunum er maís ræktaður á rúmlega 40 milljón hekturum lands.

Maís – ein af meginstoðum matvælaframleiðslu í heiminum

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Fornleifarannsóknir benda til að ræktun á maís sé allt að 12.000 ára gömul iðja. Í dag er maís ein af meginstoðum matvælaræktar í heiminum og framleiðslan í kringum milljarður tonna á ári. Mest er ræktað af maís í Bandaríkjunum og Kína og mest af framleiðslunni fer í dýrafóður.

Áætluð heimsframleiðsla á maís fyrir 2014 til 2015 er 988 milljón tonn eða 988.000.000.000 kíló sem er minna en á næsta ræktunartímabili þar á undan þegar framleiðslan var 1,016 milljón tonn. Maís er jafnframt sú planta sem næstmest er ræktuð í heiminum um þessar mundir. Spá á heimasíðu Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) benda til að maís verði mest ræktaða planta í heimi eftir fimm ár og að ræktun hennar muni tvöfaldast, í tvo milljarða tonna, fyrir 2050.

Bandaríkin eru langstærsti framleiðandinn, en þar kallast maís korn, með áætlaða landsframleiðslu á um 360 milljónum tonna. Kínverjar rækta 215 milljón tonn, Brasilía er í þriðja sæti með 75 og Úkraína í því fjórða með 27 milljón tonn.

Í Bandaríkjunum er maís ræktaður á rúmlega 40 milljón hekturum lands, aðallega í norðaustur-ríkjunum eins Iowa, Nebraska, Illinois, Indiana og reyndar víðar. Maísrækt í Kína hefur aukist mikið síðustu þrjá áratugi og land undir maís aukist úr rúmum 20 milljón hekturum í tæpa 35 milljón.

Stærstur hluti maísframleiðslu heimsins fer í dýrafóður. Í Bandaríkjunum er áætlað að um 80% maísframleiðslunnar sé notað innanlands og í útflutning sem fóður fyrir búfé, aðallega nautgripi, í alifuglarækt og fiskeldi.

Er svo komið að land sem fer undir maís í Kína er meira en fer undir hrísgrjónarækt og teygir maísbelti Kína sig frá norðausturhéruðum landsins í þau suðvestri eða frá Heilongjiang í norðri suður til Yunnan.

Maís er nánast í öllu

Stærstur hluti maísframleiðslu heimsins fer í dýrafóður. Í Bandaríkjunum er áætlað að um 80% maísframleiðslunnar sé notað innanlands og í útflutning sem fóður fyrir búfé, aðallega nautgripi, í alifuglarækt og fiskeldi. Hluti þess fer í orkugjafa fyrir farartæki, í málningu, kerti, snyrtivörur, tannkrem, bleiur, flugelda, liti, lím, sandpappír, bíldekk, plastpoka, skósvertu, bóluefni og pípur sem voru vinsælar hér á landi í eina tíð, svo dæmi séu tekin.

Beint til manneldis fara um 12% og er maís notaður beint eða sem íblöndunarefni í ýmis matvæli eins og matarolíu, matarlit og sætuefni. Maís er að finna í barnamat, ís, hnetusmjöri, snakki, ediki, tómatsósu, morgunkorni, salatsósu og fjölda annarra matvæla. Í drykkjarvörum er maís notaður við framleiðslu á sumum ávaxtasöfum og gosdrykkjum eins og kóka kóla, bjór og viskí.

Portúgalar hófu ræktun á maís í

nýlendum sínum í Afríku á 16. öld. Þaðan hefur maís breiðst út víða um álfuna og er mikilvæg fæða þar í dag. Í Afríku er útplöntun, umhirða og uppskera maís að mestu unnin með höndunum og aðallega konur sem sjá um ræktunina eins og reyndar á öðrum nytjaplöntum.

Allt að 600 maískorn á kólfi

Maís, Zea mayz, er af grasaætt og því einkímblöðungur. Plantan getur hæglega náð 2,5 metrum á hæð og til eru mælingar á plöntum sem hafa náð 8 metra hæð. Rótarkerfið er lítið. Stöngullinn er þykkur og líkist bambus í útliti, blöðin mörg, löng og mjó, um 9 sentímetra breið og 120 sentímetrar á lengd. Karlblómin mynda punt ofan við efstu blaðöxl og berast frjó þeirra með vindi til kvenblóma sem þroskast við neðri blaðaxlir. Fræin þroskast í löngum kólfi og þar myndast hin eiginlegu maískorn sem þroskast í nokkuð beinum röðum. Í hverjum kólfi geta verið allt að 600 korn og myndar hver planta yfirleitt tvo kólfa.

Maískorn eru stundum kölluð gular baunir vegna litarins en baunir á mismunandi afbrigðum eru í fjölda lita, bleikar, rauðar, hvítar og nánast svartar og geta kólfarnir verið marglita.

Í tæknivæddum landbúnaði er maís sáð beint eða hann forræktaður í um 15 sentímetra hæð og plantað út. Hæfilegt bil á milli plantna er fet og það tekur þrjá til fimm mánuði fyrir hana að ná fullum þroska. Rótarkerfið er lítið og leitar grunnt en plantan er frek á áburð og kýs helst jarðveg sem er ríkur af lífrænum næringarefnum og nitri. Hún þolir illa þurrk og fellur auðveldlega blási eitthvað að ráði. Kjörhitastig í vexti er 20 °C en maís blómstrar við 10 °C. Verulega dregur úr vexti fari hitinn undir 8 °C og plantan drepst við frostmark.

Barbara McClintock fékk Nóbelsverðlaunin í líffræði- og læknisfræði árið 1983 fyrir rannsóknir sínar á erfðafræði maísplantna og að greina það sem er kallað stökkgen. Árið 2008 var lokið við að kortleggja erfðamengi maís sem samanstendur af 32.540 genum.

Rannsóknir á erfðamengi maís hefur leitt til mikilla tilrauna með að breyta eiginleikum plöntunnar með erfðatækni, bæði til að gefa meira af sér og þola ólíkar aðstæður. Stærstur hluti maísplantna í ræktun eru erfðabreyttar annaðhvort með kynbótum eða genasplæsingu.

Kynbætur gegnum aldirnar hafa leitt til þess að kólfur plöntunnar hefur vaxið úr þumlungi að lengd

Áætluð heimsframleiðsla á maís fyrir 2014 til 2015 er 992 milljón tonn eða 992.000.000.000 kíló.

Hvers vegna poppar maís?

Einfaldasta skýringin á því hvers vegna poppmaís popp-ar er að inni í korninu er örlítið af vatni, tæp 15%, sem breytist í gufu þegar það hitnar. Gufan leitar inn í sterkjuna í korninu og þegar hún þenst út sprengir hún utan af sér harða skelina sem umlykur kornið.

Aðrar tegundir af maís hafa ekki eins harða skel utan um sterkjuna og poppa því ekki þrátt fyrir að innihalda vatn. Kornið poppar þegar þrýstingurinn inni í korninu nær hámarki við um 180 °C.

Ekki er vitað hver „fann" upp poppkorn en neysla þess er þekkt langt aftur í aldir í Mexíkó og Mið-Ameríku. Í Nýju-Mexíkó í Norður-Ameríku hafa fundist áhöld sem hugsanlega hafa verið notuð til að poppa í og ríflega 4.000 gamall poppmaís sem reyndist auðvelt að poppa þrátt fyrir háan aldur.

Í dag er vinsælt að fá sér popp í bíó eða fyrir framan sjónvarpið á kvöldin. Frásagnir um fyrsta landnám Evrópubúa þar sem popp stóð til boða segja að þeir hafi borðað það í morgunmat með ávöxtum, sykri og rjóma.

Maís í mörgum litum

Afbrigði maís eru fjölmörg en í grófum dráttum er þeim skipt þannig:
Hveitimaís: Zea mays var. amylacea
Poppmaís: Zea mays var. everta
Gulur smár maís: Zea mays var. indentata
Marglitur maís: Zea mays var. indurata
Sætur maís: Zea mays var. saccharata and Zea mays var. rugosa
Vaxkenndur maís: (upprunninn í Kína) Zea mays var. ceratina
Margar tegundir: Zea mays
Villtur maís: Zea mays var. tunicata Larrañaga ex A. St. Hil.
Maís með röndóttum blöðum og rauðum kólf: Zea mays var. japonica.

Maís var kvenkynsguð Maya

Flestir sem láta sig málið varða eru sammála um að maís sé upprunninn í Mið- og Suður-Ameríku en að ræktun þess hefjist í fjallshlíðum í Mexíkó fyrir 7.500 til 12.000 árum. 5.500 ára maísfrjókorn fundust í borkjarna sem kom upp af 60 metra dýpi undir Mexíkóborg.

Plantan var í miklu uppáhaldi og lék stórt hlutverk í menningu þjóða eins og Maya, Inka, Olmeka, Tolteka og Azteka. Maísrækt var undirstaða efnahagslífs Maya og plantan tilbeðin sem kvenkynsguð.

Frjókornagreiningar sýna að útbreiðsla maís er talsverð í suðurríkjum Norður-Ameríku 2.500 árum fyrir Kr. Meðal sumra ættbálka indíána Norður-Ameríku var sagt að maís væri gjöf guðs til þeirra og ræktun þess talsverð meðal þeirra. Indíánarnir þekktu til samplöntunar og samhliða maís ræktuðu þeir baunir sem klifruðu upp eftir stofni maísins og voru niturbindandi um leið.

Kristófer Kólumbus og hans menn fluttu með sér maís til Evrópu eftir að hafa rambað á Ameríku árið 1492. Í fyrstu var plantan ræktuð fyrir forvitnissakir en ekki leið á löngu þar til hún var flutt til annarra heimshluta og ræktun hennar hafin þar. Evrópskir landnemar í Norður-Ameríku fluttu plöntuna með sér frá Evrópu og hófu ræktun þar.

Kynbætur gegnum aldirnar hafa leitt til þess að kólfur plöntunnar hefur vaxið úr þumlungi að lengd með nokkrum kornum í plöntur sem gefa af sér hátt í hálfs metra langa kólfa sem bera nokkur hundruð korn.

Í Afríku er útplöntun, umhirða og uppskera maís að mestu unnin með höndunum og aðallega konur sem sjá um ræktunina, eins og reyndar á öðrum nytjaplöntum.

Ræktun

Í Bandaríkjunum þar sem maísframleiðsla er mest eru plönturnar yfirleitt ræktaðar á risastórum ökrum þar sem uppskera færst tvisvar á ári. Líkt og indíánar forðum er beitt samplöntun við ræktunina og annaðhvort rækta alfa alfa eða sojabaunir sem niturgjafa.

Ræktunin er talsvert bitbein þeirra sem vilja láta banna ræktun á maís sem hefur verið erfðabreytt með genasplæsingu og þeirra sem styðja ræktun þeirra. Talið er að um 90% af maís sem ræktaður er í Bandaríkjunum og 40% í heiminum öllum sé erfðabreyttur.

Sérstaklega hefur staðið styr um erfðabreytt afbrigði sem er það sem er kallað Roundup Ready og ónæmt fyrir illgresislyfinu Roundup.

Uppskera kólfa í stórræktun var ekki vélvædd fyrr en vel var liðið á 20. öldina.

Fyrir þann tíma voru kólfarnir tíndir af með höndunum. Yfirleitt er maísinn geymdur í sílóum eða skemmum. Rakastig við geymslu má ekki fara upp fyrir 14%. Til að koma í veg fyrir að hitni í uppskerunni vegna raka og að hún skemmist er heitu lofti blásið upp í gegnum geymslurnar svipað og um súgþurrkun sé að ræða.

Líkt og með aðrar nytjaplöntur herja margs konar bakteríur, vírusar og sveppir á maís, ryð, kólf- og rótarfúi og mósaíkvírus svo dæmi séu nefnd.

Næringargildi maís

Maís er góð uppspretta kolvetna og í hundrað grömmum af maískorni er að finna um 86 kaloríur, 6,3 grömm af sykri og um 4 grömm af fitu. Auk A-, B- og C-vítamína.

Matarvenjur í útlöndum – Afskurður og innmatur:

Heilastappa og kúrekakavíar

Stundum heyrist að íslenskur matur sem tengist þorra þekkist hvergi annars staðar í heiminum enda myndu engir aðrir leggja sér slíkt til munns. Þetta er ekki alls kostar rétt og þrátt fyrir að íslensk matarhefð sé sérstök þá er það ekki vegna hráefnisins heldur geymsluaðferðarinnar.

Framan af öldum þekktu Íslendingar ekki salt og matur því þurrkaður, reyktur, kæstur eða geymdur í mjólkursýru. Allar geymsluaðferðirnar, nema að leggja í súr, eru algengar víða um heim en að geyma mat í mysu er nánast sériślensk geymsluaðferð.

Frönsk matarhefð er fræg og þykja réttir eins og pieds et paquets og tripo à la reboulado afskaplega fínir.

Sælkeraréttur inn foie gras þýðir á frönsku feit lifur. Lifrin í réttinn er fituð með þeim hætti að korni er hreinlega troðið í endur og gæsir þar til þær koma ekki meiru niður.

Kúrekakavíar

Líkt og á Íslandi er allt sem hægt er að nýta af sláturgripum nýtt erlendis. Reynt er að nýta allan afskurð á sem bestan hátt. Innmatur, hjarta, lifur og garnir, allt þykir þetta herramanns matur víða um heim. Svið eru borðuð í Marokkó og Tyrklandi og pungar, hvort sem þeir eru af sauðfé, göltum eða nautgripum, þykja lostæti á norðurhveli. Nöfn eins og millilærakonfekt, sléttuostrur, hangikjöt og kúrekakavíar segja sína sögu.

Troðið í endur og gæsir

Veggmyndir í grafhýsum í Egyptalandi sýna menn að matreiða innyfli og með hinum látna í gröfina voru sett hjörtu, nýru og annar innmatur.

Lifur úr sauðfé, kjúklingum, öndum og gæsum er líklega sá innmatur sem flestir borða í dag. Sælkeraréttur inn foie gras, sem á frönsku þýðir feit lifur, kemur upphaflega frá Egyptalandi. Lifrin í réttinn er fituð með þeim hætti að korni er hreinlega troðið í endur og gæsir þar til að þær hreinlega standa á öndinni og koma ekki meiru niður. Aðferðin hefur mikið verið gagnrýnd og sögð hreint dýraníð. Í frönskum lögum er aðferðin sérstaklega varin og sögð hluti af franskri matarhefð og menningarsögu.

Skammarbaka

Víða í Evrópu eru heilar búfjár, smágirni, lappir og lungu, hálskirtlar, tungur og trýni matreidd og borðuð.

Í Bretlandi er til orðatiltæki sem segir „to eat humble pie“ og þýðir í dag að éta eitthvað ofan í sig eða skammast sín. Upphafleg merking humble pie er aftur á móti baka sem í var innmatur og afskurður sem þótti óæðri og ófínt að borða. Reyndar eru bökur af ýmsu tagi vinsælar í Bretlandi og nægir þar að nefna „steak and kidney pie“. Bökur þessar voru upphaflega búnar til úr afgöngum og vinsælar sem nesti fyrir námuverkamenn.

Skotar eru stoltir af sínu haggis sem er sami matur og við köllum slátur og búið til á svipaðan hátt.

Hausasulta

Brawn er enska heitið á sviðasultu. Þekkt er um alla Evrópu og víðar um heim að skafa kjötið af hausum sauðfjár, nautgripa og svína og búa til hausasultu. Í Þýskalandi kallast rétturinn schwartenmagen og er oft blandaður með blóði. Í Ungverjalandi kallast hausasulta disznósajt, á Ítalíu testa in cassetta, í Finnlandi syltty og queso de puerco í Mexíkó.

Þekkt er um alla Evrópu og víðar um heim að skafa kjötið af hausum sauðfjár, nautgripa og svína og búa til hausasultu.

Kúrekakavíar á teini.

Blóðbúðingur og lappir

Svíar og Bretar hafa borðað blóðbúðing og blóðsúpu með bestu lyst í gegnum aldirnar og hér á landi var í eina tíð og kannski enn borðaður blóðgrautur. Svíar bættu gjarnan gulrótum og beikoni í súpuna til að gera hana matarmeiri.

Frönsk matarhefð er annáluð og þykja réttir eins og pieds et paquets og tripo à la reboulado afskaplega fínir en undirstaðan í þeim eru svína- og lambalappir.

Í Þýskalandi er herzgulasch, eins og nafnið gefur til kynna, gúllas sem búið er til úr hjörtum, aðallega lamba. Lifur er undirstaðan í liverwurst sem líkist lifrarkæfu. Markklößchen eru koddar (dumplings) sem að mestu eru búnir til úr beinum og beinamerg og í Bæjaralandi eru þeir iðulega bornir fram með lungnapottrétti.

Í Sviss þykir á sumum heimilum sjálfsagt að borða heimilisköttinn um jólin og er hann þá sérstaklega fitaður í nokkra mánuði af því tilefni.

Vömb, keppur, vinstur og laki

Á Ítalíu eru soðnir kýrmagar eða lambavambir vinsæll hversdagsmatur með einhvers konar tómat- eða pastasósu eða sem álegg á samlokur. Nokkur bragðmunur er sagður vera á vömb, kepp, vinstur og laka. Heilastappa, svínsaugu og pungar þykja einnig mjög boðlegir þar í landi.

Fyrir forvitni sakir má geta þess að á tímum Rómverja þóttu gyltuláfir herramannsmatur. Samkvæmt sagnfræðingnum Pliny var fólk ekki sammála um hvort þær væru betri áður en gylta hefði gotið eða eftir fyrsta got þeirra.

Pajata er ítalskur réttur þar sem mjólkurkálfi er slátrað og þegar maginn er tekinn út er þess gætt að mjólkin renni ekki úr honum. Maginn er soðinn og við suðu breytist mjólkin í mjúka ostasósu.

Spánverjar og Portúgalar borðuðu talsvert af innmat fyrr á tímum en yngra fólk er ekki hrifið af honum í dag. Kindaheilar, nautatungur, svínahausar og lappir, allt var þetta borðað með bestu lyst.

Slátur á páskum

Í Rúmeníu er hefð fyrir að borða rétt sem kallast drop og líkist slátri um páskana. Víða í Austur-Evrópu þekkist að búa til sviðasultu sem er nánast eins og við þekkjum hana nema þar er nánast eingöngu notað kjöt af hausum og löppum svína og nautgripa. Creier er réttur þar sem svíns-, lamba- eða nautsheila er vafið í deig og bollan djúpsteikt.

Geitur í stað sauðfjár

Í mörgum Arabaríkjum og í Afríku er meira um geitur en kindur en matreiðslu þeirra svipar þar mjög til þess sem sagt hefur verið hér að framan.

Verði ykkur að góðu. */VH*

Á Ítalíu eru soðnir kýrmagar vinsæll hversdagsmatur og sem álegg á samlokur.

Svið eru á meðal annarra staða borðuð í Marokkó og Tyrklandi.

Lesendabás

Er Landbúnaðarháskóli Íslands ekki örugglega notendadrifinn?

Á opnum borgarafundi í Borgarnesi 30. janúar sl., þar sem fjallað var um framtíð háskóla í Borgarbyggð, var kynnt sú hugmynd mennta- og menningarmálaráðherra að sameina Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólann á Bifröst og Hólaskóla – Háskólann á Hólum í eina sjálfseignarstofnun.

Formanni Bændasamtaka Íslands leist vel á þessa hugmynd ráðherrans sem jafnframt felur það í sér að rétta megi af fjárhag skólans með því að krefja nemendur Landbúnaðarháskólans um skólagjöld. Taldi formaður BÍ að bændur væru orðnir hugsi yfir stöðu Landbúnaðarháskóla Íslands og velti hann upp þeirri spurningu hvort skólinn væri notendadrifinn. Væri það einkum tvennt sem ylli mönnum áhyggjum, annars vegar að starfsmenntanámið væri orðið olnbogabarn innan skólans og hins vegar að þar væri ekki mikið stundað af hagnýtum rannsóknum. Var á honum að skilja að þetta væru nægilegar ástæður til þess að leggja niður Landbúnaðarháskóla Íslands í núverandi mynd og réttast væri að sigla í þá átt sem ráðherra legði til.

Hugum ögn betur að þessum fullyrðingum. Reikna má með að formaðurinn telji að það sé einkum búfræðinámið sem sé orðið olnbogabarn í rekstri skólans. Hefur það orðið raunin? Í töflunni má sjá fjölda útskrifaðra búfræðinga á árunum 2008 til 2014 og áætlaðar útskriftir 2015–16 miðað við fjölda nemenda í skólanum núna. Þarna hefur orðið heldur betur bragarbót á. Árið 2008 útskrifuðust 16 búfræðingar frá skólanum og flestir urðu þeir 47 árið 2013. Ef fer fram sem horfir og ekkert óvænt gerist gætu 66 búfræðingar bæst í hópinn á næstu tveimur árum. Í töflunni má einnig sjá að heildarvelta skólans hefur dregist saman úr 1.750 m.kr. árið 2008 og í 1.172 m.kr. á síðasta ári eða um 33%. Hefur þessi samdráttur ekki verið látinn koma niður á möguleikum skólans til þess að mennta búfræðinga – þvert á móti. Á þessu tímabili hefur fjöldi stöðugilda við starfsmenntadeild verið óbreyttur. Staðinn hefur verið dyggur vörður um starfsmenntanámið og því tæpast hægt að líta á það sem olnbogabarnið á heimilinu.

En hvað með rannsóknirnar? Því miður er staðan ekki eins glæsileg þar. Samdrátturinn hefur komið af fullum þunga niður á rekstri háskóladeildanna. Þannig voru ársverk starfsmanna við háskóladeildirnar tæp 44 árið 2008 en eru nú orðin tæp 26 í upphafi árs 2015. Ekki hefur tekist að ráða inn nýja starfsmenn í stað þeirra sem hætt hafa vegna aldurs og er rúmur helmingur starfsmanna kominn yfir fimmtugt, og fimmtungur yfir sextugt. Kennslan hefur verið látin hafa forgang og tekið hefur verið við öllum þeim nemendum sem hafa

Áslaug Helgadóttir

haft áhuga á að hefja nám hafi þeir uppfyllt lágmarksskilyrði. Erfiðlega hefur gengið að afla rannsóknafjár og stefnir í að sértekjur vegna rannsóknaverkefna sem aflað var á liðnu ári verði einungis um 60% af því sem þær voru 2009. Eitthvað hefur því orðið undan að láta.

En hafa starfsmenn misst áhugann á hagnýtum rannsóknum eins og formaðurinn gaf í skyn? Nú er erfitt að átta sig á hvað átt sé með hagnýtum rannsóknum í þessu samhengi. Er þarna verið að vísa til viðfangefnis rannsóknanna, hvernig niðurstöðum sé miðlað til notendanna eða hversu langan tíma það taki fyrir rannsóknirnar að bera ávöxt? Almennt er litið svo að á hagnýtar rannsóknir snúi að því að skapa nýja þekkingu með eitthvert tiltekið, hagnýtt markmið í huga.

Það er óhætt að fullyrða að viðfangsefni allra þeirra rannsókna sem stundaðar eru á Landbúnaðarháskóla Íslands séu af hagnýtum toga með einum eða öðrum hætti. Tökum dæmi. Fyrir rúmum 25 árum hófst stórátak í að kynbæta bygg fyrir íslenskar aðstæður og aðlaga ræktun þess íslenskum skilyrðum. Afraksturinn er áþreifanlegur: fjögur ný byggyrki hafa litið dagsins ljós og síðustu sex árin hefur hlutdeild þeirra í markaðnum verið um þriðjungur að jafnaði. Að meðaltali tók það um 13 ár frá fyrstu víxlun að fá verslunarvöru í hendur en almenna viðmiðið í útlöndum er 15 ár. Tveir af hverjum þremur kúabændum rækta korn og eru akrar orðnir um 4.500 hektarar samtals. Af þeim fást um 17% af því fóðurkorni sem bændur nota nú í framleiðslu sína. Við höfum alla möguleika á að íslenskt heimaræktað korn fullnægt helmingnum af allri kjarnfóðurþörf landsins. Þekkingin er fyrir hendi. Nú eru að verða kynslóðaskipti í byggkynbótunum. Nýútskrifaður doktor í sameindaerfðafræði hefur bæst í hópinn og doktorsnemi vinnur að því að innleiða nýja tækni svo unnt sé að ná enn frekari árangri. Þeir munu birta niðurstöður rannsókna sinna í erlendum vísindatímaritum enda gerir doktorsnám kröfu um slíkt. Hætta þá rannsóknirnar að vera hagnýtar? Alls ekki.

Starfsmenntanám í Landbúnaðarháskóla Íslands

	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Búfræðingar	16	21	18	24	35	47	37	26*	40*
Velta í m.kr. á verðlagi 2014	1.740	1.489	1.279	1.254	1.241	1.238	1172*		

*Áætlað

Tökum annað dæmi. Tveir doktorsnemar hafa útskrifast frá skólanum með sérþekkingu í kynbótafræði búfjár. Niðurstöður þeirra rannsókna birtust að sjálfsögðu í alþjóðlegum vísindatímaritum. Þarf nokkuð að deila um hvort viðfangsefni þeirra hafi verið hagnýt og komi að notum við kynbótastarf í landbúnaði? Tökum þriðja dæmið. Sýnt hefur verið fram á í umfangsmiklum rannsóknum síðustu 20 árin eða svo að ræktun fóðurbelgjurta geti skilað umtalsverðum ávinningi fyrir íslenska bændur, m.a. þar sem þær vinna nitur úr andrúmsloftinu með hjálp jarðvegsbaktería þannig að spara má kaup á tilbúnum nituráburði. Niðurstöðurnar hafa verið kynntar í ræðu og riti á fjölbreyttum vettvangi innan lands og utan. Nú er það bændanna sjálfra, með hjálp ráðunauta, að nýta sér þá þekkingu sem aflað hefur verið til hagsbóta fyrir sinn rekstur. Er þetta ekki örugglega hagnýt þekking? Svona mætti lengi telja.

Rétt í lokin er gaman að geta þess að hæsti styrkurinn, sem veittur var í byrjun árs úr Rannsóknasjóði að upphæð tæpar 42 m.kr., féll í skaut vísindamönnum úr Háskóla Íslands. Á undanförnum árum hafa þeir notað tölvuútreikninga til þess að finna leiðir við að afoxa N2 rafefnafræðilega við herbergishita og -þrýsting svo að hægt sé að framleiða ammóníak fyrir áburðarframleiðslu. Núverandi aðferð (Haber-Bosch) krefst mikillar orku og ef verkefnið heppnast gæti það valdið byltingu í landbúnaði á heimsvísu. Þetta er því gott dæmi um verkefni, sem við fyrstu sýn mætti flokka sem grunnvísindi en gæti skyndilega orðið hagnýtt á stórum skala.

Ég vil því leyfa mér að draga í efa að þessi rök formanns Bændasamtaka Íslands dugi ein og sér til þess að réttlæta niðurlagningu Landbúnaðarháskóla Íslands í núverandi mynd. Þvert á móti þarf miklu fremur að óttast framtíð hagnýtra rannsókna í landbúnaði innan veggja sjálfseignarstofnunar þar sem hætta er á að lítið svigrúm gefist fyrir rekstur verkefna sem taka langan tíma og krefjast sérhæfðar þekkingar. Það sem Landbúnaðarháskóli Íslands þarf fyrst og síðast á að halda er stöðugleiki til þess að geta sinnt lögboðnu hlutverki sínu.

Áslaug Helgadóttir
aðstoðarrektor

Nova X-Dry
-rakadrægt og sótthreinsandi
VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2014
Einstakt undirburðarefni fyrir stíur og básar
• Þurrkar
• Eyðir lykt
• Sótthreinsar
• Minnkar hættu á sýkingu
• Dregur úr vaxtarskilyrðum skordýra
Nova X-Dry getur innbyrt allt að tvöfalda þyngd sína af raka
kemi
Kemi • Tunguhálsi 10, 110 Reykjavík • www.kemi.is • Sími: 415 4000
Opið: Mánudag - fimmtudags: Frá kl. 8.00-17.30. Föstudaga: Frá kl. 8.00-17.00

Hótel Grásteinn
2 manna herbergi með morgunmat, verð 9000 kr.*
Bjóðum upp á úrvals gistingu og fría geymslu á bíl á meðan dvalið er erlendis.
Bolafótur 11, 260 Reykjanesbær
Sími 4215200 - hotelgrasteinn@simnet.is
*verð miðast við bókun í gegnum síma eða email.

Fróðleiksbásinn

Hafsteinn Hafliðason garðyrkjufræðingur

Kryddjurtir – þrjár kulsæknar frá Miðjarðarhafsströndum

Rósmarín, Rosmarinus officinalis, vex við sjávarsíðuna allt í kringum Miðjarðarhaf. Nafnið þýðir „sjávardögg“ bókstaflega og plantan er sígrænn hálfrunni með upprúlluðum blöðum sem minna ekki lítið á barrnálar.

„There's rosemary; that's for remembrance. Pray, love, remember“ leggur Shakespeare Ófelíu í munn í leikritinu um Hamlet, því sú var trúin að rósmarín skerpti minnið. Því kom það ekkert á óvart þegar lesa mátti um það á netinu fyrir skömmu, að við það að anda að sér rósmarínilmi skerptist minni manna um 75%. Þetta hafa vísindin sannað eftir yfirgripsmiklar og flóknar tilraunir. Og ekki bara það. Í aldanna rás hefur tiltrúin á úrbótagildi rósmarínplöntunnar verið nær takmarkalaus. Rósmarín leysir krampa og bætir meltinguna. Hún örvar starfsemi lifrarinnar og nýrnanna. Rósmarín hækkar líka blóðþrýsting. Rósmarín var notað í reykelsi við guðsþjónustur. Rósmarínseyði þótti líka gott til útvortis brúks gegn ýmsum húðákomum svo sem exemi og kossageit. Það hreinsaði og græddi. Ekki þótti rósmarínseyði síður gott hárvatn, því var núið í hársvörðinn til að koma í veg fyrir skalla. Enn í dag seljast hárvörur með rósmarínívafi eins og heitar lummur.

Rósmarínolía inniheldur „thujon“, efni sem getur valdið fósturlátum, flogum og jafnvel dauða ef mikils er neytt af jurtinni. Þess vegna er rósmarín alltaf notuð með varúð í mat, enda þarf ekki mikið af henni, því hún er bragðsterk.

Sem krydd er rósmarín einkum notuð með kálfa- og lambakjöti. Sömuleiðis í fyllingar í heilsteikta fiska og fugla. Blöðin eru oft mulin saman við steiktar kjöt- eða fiskibollur. Rósmarín á líka vel við hvítkál og gulrætur.

Rósmarín er hitakræf um vaxtartímann og því á mörkum þess að geta þrifist að gagni hér utandyra á sumrin. Það gengur þó yfirleitt vel í bestu sumrum sunnan- og suðvestanlands. Vel hefur gefist að rækta hana inni í glugga eða í gróðurhúsi.

Rósmarín í blóma.

Salvía, státleg planta í sumarskrúða.

Á veturna má hafa rósmarín í pottum í björtum gluggum eða gróðurhúsum. En gæta skal að því að hafa ekki of heitt á henni og að stilla vökvun í hóf. Best er að vetrarhitinn liggi milli 5–10 °C en í vetrardvalanum þolir rósmarín samt eina og eina frostnótt.

Rósmarín er sáð innanhúss í mars–maí. Sáningin þarf mikla birtu. Auðvelt er líka að fjölga henni með græðlingum. Margir hafa gaman af því að forma rósmarín eins og japanskt „bonsai“ en þá má ekki hafa of heitt eða rakt á plöntunum á veturna.

Salvía, Salvia officinalis, er frá sömu slóðum og rósmarín. Eins og hún er hún sígrænn hálfrunni með gráloðnum, afar ilmsterkum blöðum. Nafnið er frá latínunnar „salvare“ sem þýðir að frelsa, græða eða lækna. Það bendir til að salvían hafi verið mikilsmetin lækningajurt. Salvía dregur saman og herðir, stoppar svita og útferð. Salvía ver fólk elli og gleymsku. Svart hár sem stöðugt er skolað úr salvíuseyði helst svart. Salvía stöðvar tannlos og heldur tönnum skjannahvítum. Þannig heldur lofrullan áfram í grasalækna-

Sar – sjaldséð kryddjurt.

bókunum gömlu. Þó verður að hafa fyrirvara á.

Í salvíunni er nefnilega talsvert thujon eins og í rósmarínplöntunni. Þess vegna er varhugavert að innbyrða mikið af henni í einu. Það þarf sem betur fer ekki mikið af salvíu til að gefa bragð í matinn.

Salvía er mjög bragðsterk. Hún hefur fyrst og fremst verið notuð með feitum mat, fiski sem kjöti, reyktu og söltuðu. Hænsnakjöt og sjófuglar eiga skilið að fá salvíukvist í soðið sitt. Salvía og rósmarín vinna vel saman. Seyði af þeim hefur jákvæð áhrif á káljurtir sé því úðað yfir þær reglulega.

Í erlendum bókum er mjög lofsungið að láta þessar jurtir vaxa með hvítkáli, bæði á það að hafa ljúf áhrif á bragðgæði kálsins og, sem ekki er nú síður um vert, að halda kálmaðki í skefjum.

Salvía er ómissandi í hinn franska „bouquet garni“ kryddvendinum sem er svo nauðsynlegur í franskri matargerð. Salvía og rósmarín þurfa sama aðbúnað og hægt er að yfirvetra þær báðar á björtum, frostlausum stað. Salvían er þó öllu þolnari á kalda vetur og getur stundum lifað af veturinn úti undir gler- eða plastskýli.

Sar, Satureja hortensis, er oft kallaður sumarsar til aðgreiningar frá annarri tegund, vetrarsar (Satureja montana), sem er fjölær kryddjurt og þrífst ekki vel hér á landi nema hugsað sé um hana eins og salvíu eða rósmarín.

Nafnið satureja er dregið af skógarvættunum kersknu og kvensömu, satýrunum sem sagt er frá í goðasögnum Rómverja. Okkar form á nafngiftinni, sar, verðum við að líta á sem danskan menningararf sem er eiginlega komin til fyrir klaufaskap. Þannig var að í fyrsta skipti sem fræ af honum barst til Danmerkur kom það frá frönsku klaustri. Frakkar kalla plöntuna Sarriette og franski munkurinn sem bjó um fræið lét duga að skrifa bara skammstöfunina „SAR“ á fræbréfið. Það nafn festist við tegundina um allt Danaveldi, að Íslandi meðtöldu auðvitað! Svíar kalla jurtina Kyndel, þýskir Bohnenkraut en Bretar Savory.

Sú trú hefur fylgt sarnum að hann ýti undir löngun til holdsins lystisemda og að af því sé dregin tengingin við satýrana. En aðrir hafna því að svo sé og segja að miklu heldur sé því aldeilis öfugt farið. Líka hefur það verið sagt um hann að hann dragi saman, rói, hreinsi og örvi. Hann eykur úthald og bindur vind.

Sem krydd er hann hefð í alla baunarétti á meginlandi Evrópu. Á líka vel við í hrásalat, með skeldýrum og í kryddsmjör með steiktu lambakjöti. Gefur frísklegt bragð sem er einhvers staðar á milli myntu og pipars. Þurr sem nýr gengur sar vel í kjötsúpu og alls konar kjötfars ellegar bjúgnagerð. Sar og ögn af hvítlauk kryddar lifur ljúflega ásamt pipar og salti.

Það er að sjálfsögðu hægt að sá sar inni á vorin, bæði til að rækta áfram í pottum eða til að planta út í garð. Hentugast er samt að sá honum gisið í sólreit í byrjun maí og uppskera hann eftir þörfum þegar líður á sumarið. Hann er best að þurrka þegar fyrstu blómin sýna lit eða rétt áður. Og nú eftir að geitungar hafa numið hér land til að vera, er gott að vita að kraminn sar dregur úr sviða og bólgum eftir stungur hungangsflugna og geitunga.

MAST Matvælastofnun ...frá heilbrigði til hollustu

Nýjar reglur um velferð svína

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur gefið út nýja reglugerð um velferð svína sem er byggð á nýjum lögum um velferð dýra auk laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Eldri reglugerð um aðbúnað og heilbrigði svína fellur þar með úr gildi.

Tilgangur reglugerðarinnar er að tryggja velferð og heilbrigði svína með góðri meðferð, umsjá og aðbúnaði. Í anda hinna nýju laga um velferð dýra er sérstaklega tekið fram að leitast skuli við að svín geti lifað í samræmi við sitt eðlilega atferli eins og framast er kostur. Reglugerðin tilgreinir lágmarkskröfur um einstök atriði.

Meðal nýmæla má nefna að gerð er krafa til allra sem halda svín að þeir afli sér grunnþekkingar á þörfum og umönnun svína, að auki þarf umráðamaður tiltekins svínahalds skv. viðauka að hafa sérstaka þekkingu, í formi náms eða reynslu af svínabúskap. Ný ákvæði um aflífun, handsömun og rekstur er að finna í nýrri reglugerð, t.d. verður ekki lengur heimilt að reka svín með því að nota tæki sem gefa frá sér rafstuð. Ný reglugerð gerir ráð fyrir að svín geti einnig verið haldin úti sem er nýmæli frá fyrri reglugerð, en hún tók eingöngu til svínahalds innandyra.

Margar breytingar hafa verið gerðar varðandi kröfur um lágmarksrými svo sem um stærð stía og básа. Þar má nefna að lágmarksstærð á stíu fyrir einn gölt er nú 6 m2 í stað 5 m2 áður og lágmarksstærð gotstíu er nú 6 m2 í stað 4,5 m2 áður. Hins vegar er leyfður aukinn þéttleiki hjá eldisgrísum sem vega 21 til 110 kg og það sama á við um gyltur sem haldnar eru í litlum hópum í lausagöngu (10 gyltur eða færri). Lágmarksbreidd skammtímabása hefur breyst á þann veg að halda má unggyltur á 60 sm breiðum básum í stað 65 sm áður, en breidd skammtímabása fyrir fanggyltur verður áfram 65 sm. Dagafjöldi sem heimilt er að halda gyltur í gotbásum hefur verið lengdur úr 7 dögum eftir got í 28 daga eftir got.

Reglugerðin gefur svínabændum svigrúm í 10 ár til að breyta úr básahaldi (sem viðvarandi vistarverum) yfir í lausagöngu, en þó með þeim fyrirvara að básarnir þrengi ekki um of að gyltunum.

Með reglugerðinni eru þrír viðaukar. Fyrsti viðauki tilgreinir hvaða svínahald er tilkynninga- og úttektarskylt. Annar viðauki fjallar m.a. um lágmarksstærðir innréttinga (stíur, básar o.fl.). Þriðji viðauki tilgreinir hvernig eigi að meta holdafar og bógsár og hjálpar þannig við að meta ástand svína. Einnig er að finna í þriðja viðauka nánari leiðbeiningar um aflífun svína heima á bæ.

Matvælastofnun, í samstarfi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Landbúnaðarháskóla Íslands, Bændasamtök Íslands, Dýralæknafélag Íslands og Dýraverndarsamband Íslands, boðar til ráðstefnu um nýju dýravelferðarlögin og reglugerðirnar mánudaginn 23. febrúar kl. 9–15 í Ásgarði á Hvanneyri. Nánari upplýsingar á www.mast.is.

***Vigdís Tryggvadóttir**,*
sérgreinadýralæknir
svínasjúkdóma

Sama umferð í janúar í ár og í fyrra

Umferðin í nýliðnum janúarmánuði á Hringveginum reyndist sú sama og í janúar fyrir ári. Ómögulegt er þó að spá fyrir um þróunina næstu mánuði, þar sem fyrstu mánuðir ársins hafa verið breytilegir frá ári til árs.

Segja má að umferðin í janúar 2015, um 16 lykilteljara Vegagerðarinnar á Hringvegi, hafi verið tíðindalítil borin saman við sama mánuð árið 2014 því hún reyndist sú sama. Minni háttar samdráttur varð í mælipunkti um Suðurland og á höfuðborgarsvæðinu en lítils háttar aukning varð aftur á móti um önnur landsvæði.

Mest jókst umferðin um mælisnið á Austurlandi eða um 2,9%. Til að setja nýliðna janúarumferð í sögulegt samhengi þá varð hún heldur minni núna en í janúar á árunum 2008–2010 en aftur á mót mun meiri en árin 2012 og 2013. Aldrei hefur mælst eins mikil umferð í janúar eins og gerðist árið 2009.

Þetta kemur fram á vef Vegagerðarinnar þar sem jafnframt er bent á að fyrstu mánuðir ársins hafi ekki gefið nægilega traustan grunn til að spá fyrir um umferð út árið.

Háþrýstiþvottadælur

Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com Aflgjafar: Rafmagn / Honda bensín / Yanmar dísel / Aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar.

Hákonarson ehf. s. 892-4163, netfang: hak@hak.is vefsíða: www.hak.is

Árborg:

Samið við hestamenn

Bæjarráð Sveitarfélagsins Árborgar hefur samþykkt að gera viðauka við þjónustusamning Hestamannafélagsins Sleipnis á Selfossi frá 2012.

Nýjung í samningnum er að sveitarfélagið leggur til rekstrarstyrk á hverju ári, sem svarar kostnaði við notkun á alls fjögur þúsund rúmmetrum af heitu vatni á ári til húshitunar í Sleipnishöllinni á Selfossi. */MHH*

Grafningur og Grímsnes:

Klúður með byggðasögu

„Þetta klúður tekur sveitarstjórnin öll á sig, þar með talið ég, við ætlum að axla ábyrgð og höfum látið vita af mistökunum og munum láta endurprenta bókina," segir Hörður Óli Guðmundsson, varaoddviti Grímsnes- og Grafningshrepps.

Málið snýst um mistök í nýrri byggðasögu um Grafning og Grímsnes sem kom út fyrir jól. Í bókina vantar m.a. upplýsingar um ábúendur í sveitinni.

„Sveitarfélagið ætlaði og ætlar að standa vel og vandlega að gerð þessa rits og harmar það mjög að það skuli vanta fjölskyldur sem búa í sveitarfélaginu í bókina. Þessa dagana er unnið að því að laga það sem aflaga fór og stefnt að því að prenta upplagið aftur, kostnaður við það hleypur á einhverjum milljónum," bætir Hörður Óli við. */MHH*

Hörgársveit:

Snorri nýr sveitarstjóri

Snorri Finnlaugsson.

Snorri Finnlaugsson, fjármálastjóri Steypustöðvarinnar ehf. í Reykjavík, hefur verið ráðinn sveitarstjóri í Hörgársveit í stað Guðmundar Sigvaldasonar sem sagði starfi sínu lausu í desember sl.

Snorri er fæddur 1960. Hann er giftur Sigríði Birgisdóttur, þau eru nú búsett í Hveragerði. Snorri mun hefja störf um mánaðamótin apríl/maí nk.

Snorri hefur tekið mikinn þátt í sveitarstjórnarmálum undanfarin ár, var m.a. í forystu bæjarstjórnar á Álftanesi í endurskipulagningu fjármála sveitarfélagsins og sameiningu við Garðabæ 2010–2012.

Gamli traktorinn

Minneapolis Moline – fyrsti traktorinn með sígarettukveikjara í mælaborðinu

Dráttarvélaframleiðandinn Minneapolis-Moline varð til árið 1929 við samruna þriggja fyrirtækja; stál- og vélaframleiðandann Minneapolis Steel & Machinery (MSM), Minneapolis Threshing Machine, sem framleiddi þreskivélar og Moline Plow sem framleiddi plóga og önnur jarðvinnslutæki.

Minneapolis Steel & Machinery sem var stærst þessara fyrirtækja var alræmt fyrir harða afstöðu sína gegn verkalýðsfélögum og viljaleysi til samninga. MS&M tókst til dæmis að halda verkalýðsfélögum frá þátttöku í samningagerð við starfsmenn sína í 20 ár. Það var ekki fyrri en í fyrri heimsstyrjöldinni að samningar um laun og réttindi tókust eftir að starfsmenn höfðu hótað verkfalli en fyrirtækið var stórframleiðandi stríðstóla á þeim árum. Eftir samruna fyrirtækjanna erfði Minneapolis-Moline afstöðu MS&M í réttindamálum starfsmanna og stóðu málaferli um eftirlaunarétt starfmanna fram að upphafi seinni heimsstyrjaldarinnar.

Tækninýjungar en léleg sala

Fyrir samruna fyrrnefndra fyrirtækja hafði MS&S framleitt dráttarvélar í rúman átatug. Fyrstu traktorarnir þóttu stórir, klunnalegir og óméðfærilegir. Árið 1917 setti fyrirtækið á markað nettari dráttarvél sem kallaðist Twin City 16/30 og var með stálhlíf yfir mótornum og hús fyrir ökumanninn. Twin City var jafnframt fyrsta rafræsta dráttarvélin og með framljósum. Vélarnar þóttu nýstárlegar og ekki voru framleiddar af þeim nema 700 eintök.

Tveimur árum seinna sendi MS&S frá sér vél sem líktist Fordson en var fullkomnari og talsvert dýrari. Þrátt fyrir verðið var sá traktor vinsæll og seldist að meðaltali í 3.000 eintökum á ári næstu 15 árin.

UDLX öll heimsins þægindi

Best heppnaða dráttarvél Minneapolis-Moline var framleiðslulína sem kallaðist UDLX og stendur fyrir U Delux og kom á markað árið 1938. Traktorar sem tilheyrðu UDLX-línunni þóttu einstaklega þægilegir og tæknivæddir. Hægt var að hita húsið, það var þurrka á framrúðunni og bílstjórasætið var bólstrað. Startarinn var rafvæddur og í mælaborðinu var hraðamælir, útvarp og sígarettukveikjari. Vegna allra tækninýjunganna þóttu UDLX-dráttarvélar dýrar en seldust þokkalega.

Samruni og dauði

Næsta útspil voru svokallaðar G línur og M línur sem báðar fóru í framleiðslu um 1960. Framleiðslu M línunnar var hætt eftir 10 ár. Innan G línunnar voru stærstu og öflugustu dráttarvélarnar sem Minneapolis-Moline hafði nokkurn tíma framleitt og voru þær í framleiðslu til ársins 1974.

White Motor Company tók yfir Minneapolis-Moline árið 1963 og kastaði nafni þess árið 1973. Í dag er Minneapolis-Moline hluti af AGCO sem er stærsti framleiðandi landbúnaðartækja í Bandaríkjunum en AGCO keypti White árið 1991.

Gult var einkennislitur Minneapolis-Moline frá upphafi og ekki er vitað til að eintak af einum slíkum hafi ratað til Íslands.

Utan úr heimi

Hér er Case IH Magnum á beltum sem vöktu hrifningu dómnefndar.

Case IH Magnum 380 CVX:

Valinn traktor ársins 2015 á EIMA

Case IH Magnum 380 CVX var útnefndur „Tractor of the Year 2015“ á alþjóðlegu EIMA landbúnaðar- og garðyrkjusýningunni sem haldin var í Bologna í Frakklandi í október 2014.

Val á dráttarvél eða traktor ársins fór í fyrsta sinn fram á EIMA árið 1998. Eru verðlaunin viðurkenning á tækniframförum í landbúnaðartækjaframleiðslu. Í dómnefndinni voru 23 óháðir landbúnaðarblaðamenn frá landbúnaðartímaritum í 23 löndum og kusu þeir Case IH Magnum 380 CVX sem dráttarvél ársins 2015.

Í úrskurði dómnefndar sagði m.a. að Case IH Magnum hefði allt sem þyrfti til að vera útnefnd dráttarvél ársins, ekki aðeins fyrir bændur í Evrópu heldur um allan heim. Vakti stiglausa CVX skiptingin ekki síst hrifningu dómnefndarmanna. Einnig Rowtrack beltakerfi sem hægt er að fá með vélinni og dreifir þunganum. Veldur það mun minna raski en þekkist þegar dráttarvélar eru á venjulegum hjólabúnaði. */HKr.*

Bloomberg:

Samdrætti spáð í sölu tækja til landbúnaðar á árinu 2015

– móðurfélag John Deere í Bandaríkjunum dregur saman seglin

Móðurfélagið Deere & Co í Bandaríkjunum, sem er stærsti framleiðandi landbúnaðartækja í heiminum og framleiðir m.a. John Deere-dráttarvélarnar, spáir samdrætti í tækjasölu á árinu 2015.

Er samdráttarspáin byggð á lækkandi verði á korni sem hefur fallið um 50% og sojabaunum sem fallið hafa í verði um 40%. Er því spáð að meðaltekjur bænda í Bandaríkjunum dragist saman um 14% á milli ára.

Samkvæmt frétt Bloomberg Business spáir samsteypan nú að nettó tekjur verði 1,19 milljarðar dollara sem er talsvert undir þeim 2,19 milljörðum dollara sem er meðaltal í spám 20 sérfræðinga fyrir Bloomberg. Leiddi nýja spáin strax til 3,9% verðfalls hlutabréfa í Deer & Co.

Mestum samdrætti spáð í sölu stórra dráttavéla

Er þar einkum tekið til sölu á stórum og fullkomnum landbúnaðartækjum, eins og 300 hestafla Deere 8R sem er m.a. með sjálfstýringu sem byggir á gervihnattaleiðsögukerfi.

Það er einkum spáð samdrætti í sölu á allra stærstu dráttarvélunum frá John Deere. Hér er 300 hestafla John Deere 8R. Mynd / Deere & Co.

Hefur Deere & Co þegar dregið úr afkastagetu sinni og sagt upp hundruðum starfsmanna. Reiknar fyrirtækið með að salan dragist saman um 15% á yfirstandandi ári.

John Deere söluhæsta tegundin í Bretlandi á annan áratug

Þess má geta að John Deere hefur um 15 ára skeið verið söluhæsta dráttarvélartegundin í Bretlandi og lengst af með um og yfir 30% markaðshlutdeild. Á hæla John Deer hefur komið New Holland og Massey Fergusson hefur verið að fikra sig upp í þriðja sætið þar sem Case IH hefur líka verið mjög öflugt merki. Er þetta gjörólíkt því sem verið hefur á íslenska markaðnum þar sem John Deere-nafnið er sjaldséð í sölutölum en Massey Fergusson söluhæsta tegundin. Á eftir þessum risum á breska markaðnum koma Claas, Kubota, Valtra, Deutz-Fahr, McCormick, Landini og JCB.

Þótt landbúnaðartækjaframleiðsla Deere & Co sé að dragast saman, þá er staðan ekki alvond fyrir samstæðuna á öðrum sviðum. Þannig fer salan á tækjum fyrir byggingageirann vaxandi í takt við batnandi efnahagsástand í Bandaríkjunum. */HKr.*

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Örfá orð um þróun í frjósemi hjá mjólkurkúm

Jón Viðar Jónmundsson
Jón V. Jónmundsson/Bondi

Fátt er mikilvægara fyrir hagkvæmni í mjólkurframleiðslu en að mögulegt sé að halda uppi góðri frjósemi hjá kúnum. Samhliða gífurlegri afurðaaukningu hjá kúnum á síðustu áratugum varð það vaxandi áhyggjuefni þeirra sem stýrðu ræktunarstarfi víða um lönd að frjósemi kúnna virtist samtímis hraka.

Langt fram eftir síðustu öld þá var lítt sem ekkert hugað að frjósemi kúnna í ræktunarstarfinu. Sagt var að allar rannsóknir sýndu sáralítið arfgengi fyrir flesta eiginleika sem mældu frjósemi og því væri lítils að vænta af slíku starfi. Fyrri staðhæfingin var rétt en ekki hin. Það var fyrst um 1970 að Norðmenn tóku frjósemi með í sitt ræktunarmarkmið og hin Norðurlöndin nema Ísland skömmu síðar. Það er samt fyrst um 1990 sem frjósemin kemur inn í ræktunarmarkmið hjá mörgum stærstu mjólkurframleiðslulöndum, þó með ákaflega mismunandi áherslum.

Frjósemi er mæld á mjög breytilegan hátt milli landa og verður því ekki sami eiginleiki í raun sem verið er að fást við á öllum stöðum. Hinir mismunandi mælikvarðar á frjósemi hafa sína kosti og galla sem ekki verða ræddir hér. Langalgengasta mæling er samt bil milli burða hjá kúnum og sú mæling sem er aðgengileg í langflestum löndum.

Ástæða er að vísu að benda á að í löndum þar sem mest er byggt á beit og mjólkurframleiðslan er mjög árstíðabundin, þar eru Nýja-Sjáland og Írland gleggstu dæmin, hefur ætíð átt sér stað ákveðið val fyrir frjósemi.

Breytingar í frjósemi

Í grein frá heimsráðstefnunni um búfjárkynbætur í Kanada á síðasta ári er greint frá ákaflega víðtækri könnun sem hópur erfðafræðinga úr löndum gamla breska heimsveldisins höfðu unnið um þróun í þessum efnum á síðustu þrem áratugum. Hér á eftir ætla ég að endursegja örfá atriði úr henni og mögulega skjóta að einhverjum tengingum við okkar aðstæður.

Könnun þessi var bundin við svartskjöldóttar kýr (Friesian) og náði til 16 stórra framleiðslulanda. Mjög víðtæk gagnaöflun átti sér stað fyrir um tuttugu ára tímabil.

Á mynd 1 er sýnd þróun síðustu ára í bili milli burða hjá kúnum á „heimsvísu“ eins og þeir kalla þessar niðurstöður sínar og fellur þróunin gríðarlega vel að boglínusambandi sem þeir reikna fyrir hana. Samkvæmt myndinni er greinilegt að þróun frjóseminnar hefur verið neikvæð en samt virðist sem hún sé að draga úr neikvæðri þróun síðustu árin. Þetta sést enn greinilegar í töflu þar sem þeir hafa tvískipt tímabilinu og á fyrra bilinu, 1990–1999, er alls staðar neikvæð þróun og fyrir heildina nemur lenging á bili á milli burða 1,25 dögum á ári að jafnaði en eftir aldamótin er farið að gæta jákvæðrar þróunar í sumum löndum. Í töflunni sést ákaflega greinilega að eftir því sem meðalafurðir eru hærri eftir löndum þá er bil á milli burða líka verulega lengra. Eina umtalsverða frávikið frá því er Finnland þar sem ástandið er miklu betra en þar hefur frjósemi verið með í ræktunarstarfinu mun lengur en í öðrum löndun í könnuninni. Minna má á að flestar mælingar hér á landi sýna bil milli burða sem er 2–3 vikum skemmra en meðaltölin sem koma fram á mynd 1.

Á mynd 2 hafa þeir sett saman árlegar breytingar í afurðum á móti samsvarandi breytingum í frjósemi á árunum frá aldamótum. Ástandið er ákaflega breytilegt á milli landa en niðurstaðan í heild neikvæð um þetta samband. Sérstaklega er áberandi neikvæð þróun í Bretlandi en þar hefur til þessa verið hvað minnst áhersla lögð á frjósemi kúnna í ræktunarstarfinu af flestum löndum.



Mynd 1. Breytingar í tímalengd milli burða síðustu árin hjá svartskjöldóttum kúm.



Mynd 2. Afurðaaukning í einstökum löndum á móti bili milli burða á tímabilinu 2000–2007 fyrir kýrnar sem fjallað er um í greininni.

Þeir gera einnig tilraun til að meta breytingarnar í stofninum (erfðabreytingar) og skipta þá tímabilinu í tvennt. Þeir miða við skilgreiningu viðkomandi lands á frjósemi, en eins og áður sagði er hún breytileg. Þeir finna samt neikvæða erfðabreytingu í frjósemi hjá kúnum í öllum löndunum á tímabilinu 1990–1999 en telja sig finna að eftir aldamótin sé stofninn í fimm löndum kominn yfir botninn þó að ekki sé enn mögulegt að tala um betri frjósemi og eru þetta Ástralía, Bandaríkin, Finnland, Írland og Nýja-Sjáland.

Erfðasamband

Allt það sem þegar er sagt lætur okkur ályktá að á milli mjólkurafkasta og frjósemi sé neikvætt erfðasamband. Um það efast víst enginn lengur, en hversu sterkt er það? Samantekt á birtum útreiknum um þetta samband við bil milli burða (höfundar segja að fjöldi slíkra rannsókna fyrir aðra frjósemismælikvarða sé því miður ekki mögulegur vegna þess hve fáar rannsóknir séu fyrir hendi um alla aðra frjósemiseiginleika, en vísbendingar þær sömu) sýnir þetta samband um 0,50. Þetta þýðir það að til að halda í horfinu með frjósemi verður að leggja um það bil helming af þeim þunga á frjósemina sem lagður er á afurðir í nautavalinu. Höfundar greinarinnar tóku hins vegar tölurnar úr alheimsrannsóknum um erfðafylgni og stilltu niðurstöðum erfðafylgninnar á móti meðalafurðum kúnna í viðkomandi rannsókn. Niðurstöðurnar má sjá á mynd 3. Þær virðast ekki koma höfundunum alveg á óvart nema helst hvað þetta samband virðist ákaflega sterkt. Þeir segja að þarna hljóti að vera margvíslegt samspil umhverfis og erfða, þ.e. þú ert í raun ekki að mæla sama eiginleika við mismunandi framleiðsluaðstæður. Samkeppni um fóðurorku á milli mjólkur og frjósemi er vel þekkt hjá hámjólka kúm. Þá koma einhver áhrif sem áður eru nefnd frá beitarbúskap í mjólkurframleiðslu þarna einnig við sögu. Þessar niðurstöður segja okkur það aftur á móti að eftir því sem meðalafurðir eru meiri þá verður að leggja að sama skapi meiri áherslu á frjósemi kúnna í ræktunarstarfinu til að henni verði haldið í horfinu í stofninum. Hér á landi þekkjum við þetta samband ekki af fullri vissu. Ég efast ekki um að það sé neikvætt en mundi samt ekki ætla það eins sterkt og víða sést þó að full ástæða sé til að gæta að því með auknum afurðum. Í þessu sambandi má benda á að við notuðumst flestum lengur við fremur frumstæðar mælingar á afkastagetu kúnna meðan þar voru notaðar ársafurðir, en með því var áreiðanlega jafnhliða einhver áhersla lögð á frjósemi kúnna.

Interbull, heimsstofnun fyrir alþjóðlegt kynbótamat fyrir nautgripi, hefur frá árinu 2007 unnið slíkt mat fyrir frjósemiseiginleika. Vegna mismunandi skilgreininga þá er hins vegar samspil milli landa miklu meira en fyrir venjulega framleiðslueiginleika og upplýsingar frá öðrum löndum því þýðingarminni fyrir frjósemiseiginleikana en flesta aðra eiginleika.

Skoðun á erfðamenginu

Á allra síðustu árum hafa sameindafræðilegar rannsóknir til skoðunar á erfðamengi nautgripa sem annarra dýra stóraukist og allur þungi rannsókna er þar í dag. Þessar rannsóknir hafa sýnt að „staðsetningar“ (gen) eða erfðabreytileikar sem finna má í erfðamenginu og hafa áhrif á frjósemi skipta hundruðum. Þær eru eins og fyrir aðra eiginleika breytilegar eftir kynjum og ekki hefur tekist að finna nein merki sem hafa afgerandi áhrif á frjósemi kúnna. Engir stórvirkir erfðavísar eins og eru vel þekktir fyrir frjósemi hjá sauðfé.

Fyrir örfáum árum veitti hins vegar bandaríski nautgripakynbótafræðingurinn VanRaden og samstarfsfólk hans því athygli að í hinni hefðbundnu raðgreiningu á erfðamengi nautgripa með rúmlega 50 þúsund staðsetningum var að finna talsvert af samsætum sem komu fyrir í talsverðu mæli í erfðamenginu en aldrei samt í arfhreinum einstaklingum. Þetta var nákvæmlega það sama og sjá mátti fyrir þá tiltölulega fáu deyðandi erfðavísa sem þekktir voru í þessum kynjum. Hann ályktaði því sem svo



Mynd 3. Erfðafylgni bils milli burða og afurða flokkuð eftir meðalafurðum gripa í viðkomandi rannsókn.

að þarna væru staðsetningar þar sem væri að finna deyðandi erfðavísa. Núna virðist sem feikilega mikið sé lagt í vinnu víða um heim að leita uppi slíka erfðavísa því að sjálfsögðu er þessi kenning rétt. Nýlega eru t.d. birtar víðtækar rannsóknir frá Norðurlöndunum á þessu sviði. Yfirleitt eru þessi gen með lága tíðni og samsvarandi erfiðleikum bundið að finna þau, en samt eru dæmi um að tíðni einstakra slíkra gena í sumum stofnum sé á bilinu 0,2–0,3 sem hljómar ákaflega mikið fyrir svona eiginleika. Það sem gerist þegar að æxlað er saman tveim einstaklingum með genið er að það myndist dauðvona fósturvísir og oftast mælist þetta aðeins sem lakari frjósemi hjá kúnni, kýrin missir fóstur snemma á meðgöngu og gengur upp. Það virðist í dag að leitun að slíkum erfðavísum eigi talsvert upp á pallborðið hjá rannsóknarfólki bæði í nautgripa- og sauðfjárrækt og jafnvel öðrum dýrategundum. Í Bandaríkjunum munu naut sem bera þessi gölluðu gen vera merkt og það síðan notað í pörunarforritum en gripirnir ekki einangraðir úr ræktuninni. VanRaden sýndi fram á að yfirleitt er hér um gamlar stökkbreytingar og þær því talsvert dreifðar í stofninum. Velta má fyrir sér hvort mögulega birtist okkur í þessu sem lýst er hér að framan eitt form á temprum eiginleika frá náttúrunnar hendi.

Í þessu sambandi má til gamans rifja upp að snemma á sjötta ártug síðustu aldar uppgötvuðu sænskir vísindamenn svonefnda 1/29 yfirfærslu (Robertson translokasjon) hjá nautgripum og henni gat fylgt talsverð skerðing í frjósemi kúnna. Þarna er um að ræða tilfærslur í litningunum sjálfum sem greina mátti með smásjá. Þessi galli fannst að lokum í mörgum tugum nautgripakynja víða um heim. Sæðinganaut voru rannsökuð og öll sem reyndust hafa þessa breytingu tekin úr notkun og þessum galla því að mestu eytt. Þess má einnig geta að í lok áttunda áratugarins þá þótti talsvert áberandi slök frjósemi hjá dætrum nokkurra toppnauta hér á landi og voru því sýni send til að rannsaka hvort þennan galla kynni að vera að finna hjá íslenskum nautgripum. Engar vísbendingar komu fram þar um.

Blendingsrækt

Í lok greinarinnar benda höfundar á að ein leið sem er opin en nánast ekki notuð í mjólkurframleiðslu er blendingsrækt. Með henni eyðast flestir neikvæðir þættir sem fylgja skyldleikarækt og víkjandi erfðavísum. Í mjólkurframleiðslu hefur þessi leið hins vegar hvergi náð fótfestu nema á Nýja-Sjálandi. Samt er hún í flestum löndum á þröskuldinum hjá mjólkurframleiðendum. Að vísu ekki hérlendis.

Rannsókna- eða tilraunaverkefni í garðyrkju

Framleiðnisjóður landbúnaðarins auglýsir eftir umsóknum

um framlög til rannsókna- eða tilraunaverkefna vegna ársins 2015

samkvæmt 5. gr. í samningi um **starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða,** frá 12. mars 2002, með síðari breytingum.

Framleiðnisjóður annast vörslu umræddra fjármuna, auglýsir eftir umsóknum og sér um greiðslu framlaga. Styrkir vegna rannsókna/tilrauna geta numið allt að 50% heildarkostnaði við rannsóknina/tilraunina. Einungis eru veitt framlög til rannsókna eða tilrauna sem nýtast íslenskri grænmetisframleiðslu.

Nánari reglur um kröfur til styrkumsókna og verklagsreglur um úthlutun og afgreiðslumáta umsóknanna má finna á heimasíðu Framleiðnisjóðs landbúnaðarins fl@fl.is

Þar eru einnig umsóknareyðublöð til útfyllingar.

Frekari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri Framleiðnisjóðs landbúnaðarins á netfanginu thorhildur@fl.is

Umsóknarfrestur er til 1. mars 2015
Umsóknum skal skilað til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Hvanneyri 311 Borgarnes, merktum: rannsóknir í garðyrkju.

Dýraheilbrigði:

Fuglaflensa í Washingtonríki

Alifuglabændur í Bandaríkjunum hafa verið beðnir um að sjá til þess að fuglarnir þeirra komist ekki í samband við farfugla. Talið er að farfuglar geti borið með sér bráðsmitandi afbrigði af asískri fuglaflensu sem kallast H5N2.

Undanfarið hafa þrjú skæð tilfelli fuglaflensu komið upp í Washington-ríki í Bandaríkjunum sem talið er að hafi borist þangað með farfuglum. Auk þess sem komið hafa upp minni tilfelli í Oregon og Bresku Kólumbíu. Í öllum tilfellum var um að ræða fugla sem gátu athafnað sig undir berum himni og í öllum tilfellum var fuglunum fargað.

Yfirvöld hafa hvatt bændur til að ganga þannig frá aðbúnaði lausagöngufugla að sem minnst hætta sé á að þeir komist í samband við farfugla til að draga úr hættu á auknu smiti.

Tvö alifuglabú til viðbótar í Washington voru sett í átta mánaða einangrun fyrr í þessum mánuði og bannað að selja bæði egg og kjöt eftir að smit fannst í afmörkuðum hópi fugla.

H5N2 fuglaveiran er sögð bráðsmitandi og yfirleitt drepast fuglar sem af henni smitast eftir nokkra daga og ekki er langt síðan veiran drap nokkur þúsund fugla á búi í Kanada.

Í kjölfar tilfellanna í Washington-ríki hafa yfirvöld í Kína bannað allan innflutning á fuglakjöti og eggjum og skilað sendingum sem bárust til Kína eftir 8. janúar síðastliðinn.

/VH

Kúariðutilfelli í Noregi

Nýlega greindist kýr í Noregi með kúariðu. Í tilkynningu frá Matvælastofnun kom fram að um afbrigðilega gerð sjúkdómsins hefði verið að ræða, sem væri mjög sjaldgæf er ekki talin smitandi – hvorki milli dýra né í fólk. Ísland er í hópi landa sem Alþjóða dýraheilbrigðisstofnunin hefur viðurkennt sem kúariðulaust land.

Talið er að þessi gerð kúariðu sé vegna breytinga sem gerast af sjálfu sér á próteinum í heilanum í gömlum gripum. Kýrin sem um ræðir í Noregi var 15 ára, sem er nokkuð hár aldur.

Að sögn Auðar Arnþórsdóttur, sóttvarnadýralæknis Matvælastofnunar, er sérstaklega fylgst með þessu hér á landi og og áhersla lögð á að taka sýni úr öllum nautgripum sem farast eða er lógað vegna sjúkdóma af óþekktum ástæðum. „Sér í lagi er það gert ef gripirnir hafa verið með einkenni frá miðtaugakerfinu. Breytingar á heila vegna öldrunar geta valdið svipuðum einkennum og kúariða og þær geta að sjálfsögðu komið fram í gripum hér á landi sem annars staðar. Við rannsókn á sýnum er gengið úr skugga um orsök sjúkdómseinkennanna," segir Auður.

Kúariðufaraldur vegna hefðbundinnar gerðar kúariðusmits, kom upp í Englandi 1986. Hann var rakinn til fóðrunar nautgripa með óhitameðhöndluðu kjöt- og beinamjöli. Í kjölfarið á þessum faraldri urðu nautakjötsmarkaðir á Bretlandseyjum og víðar í Evrópu fyrir miklu áfalli, þar sem vísindamenn gátu tengt heilahrörnunarsjúkdóminn sem kenndur er við Creutzfeldt-Jakob beint við neyslu á kúariðusmituðu kjöti. Auður staðfestir að vísindamenn telji almennt að þetta samhengi sé til staðar og vísar meðal annars til upplýsinga á vef Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar.

„Meiri óvissa ríkir um tengsl Creutzfeldt-Jakob og annarra sjúkdóma í dýrum af völdum príona, svo sem riðuveiki í sauðfé," segir Auður.

Fjölmörg tilfelli af hefðbundinni kúariðu hafa greinst í heiminum síðan þá, en tíðni er mjög á niðurleið.

Ísland lýst kúariðulaust land

Í upplýsingum frá Matvælastofnun kemur fram að afbrigðileg gerð kúariðu hefur greinst í mörgum löndum, meðal annars eitt tilfelli í Svíþjóð árið 2006. Í tilkynningu Matvælastofnunar kemur þó fram að aðeins eitt tilfelli greinist í hverri milljón sýna.

„Í Evrópu og víða annars staðar í heiminum eru umfangsmiklar reglubundnar sýnatökur á sláturhúsum vegna kúariðu. Tilfellið í Noregi fannst við rannsókn á sýnum sem tekin voru samkvæmt lögbundinni eftirlitsáætlun.

Ísland er í hópi landa í heiminum sem Alþjóða dýraheilbrigðisstofnunin (OIE) hefur viðurkennt sem kúariðulaust land. Stofnunin veitti þessa viðurkenningu eftir umfangsmikið mat á líkum á að kúariðan sé til staðar í landinu.

Matið byggist á ýmsum sögulegum gögnum og niðurstöðum úr eftirliti. Það sem vegur þyngst í mati á Íslandi hvað þetta varðar, eru þær ströngu reglur sem gilda um innflutning, m.a. að innflutningur á lifandi nautgripum er óheimill og að ávallt hefur verið bannað að nota kjöt og beinamjöl sem fóður fyrir nautgripi. Mikils er um vert að viðhalda þessari góðu stöðu. Liður í því er að bændur tilkynni dýralæknum um nautgripi með einkenni frá taugakerfinu, t.d. óstöðugleika, krampa eða lömun, og jafnframt um gripi sem drepast eða þarf að lóga vegna slysfara eða veikinda af ókunnum ástæðum. Nauðsynlegt er fyrir Ísland að geta lagt fram niðurstöður rannsókna á sýnum úr slíkum gripum við endurmat OIE á stöðu landsins hvað kúariðu varðar," segir enn fremur í tilkynningunni.

/smh

Sir Cliff Richard.

Í vínþrúguframleiðslu er afar mikilvægt að plöntunin sé gerð af fagmennsku svo unnt sé að beita bæði nýjust tækni við hirðingu en einnig til þess að einfalda alla vinnu við tínslu berjanna.

Bóndinn sir Cliff Richard

Sir Cliff Richard þekkja væntanlega flestir Íslendingar sem tónlistarmann með meiru en líklega eru eitthvað færri sem þekkja til aðaláhugamáls hans, en það er nefnilega búskapur, eða nánar tiltekið vínþrúgurækt og vínframleiðsla.

Þetta áhugamál hafa reyndar fleiri bændur og popparar. Má þar nefna til dæmis Madonnu og Bob Dylan, þó svo að efast megi um að þau líti sjálf á sig sem bændur. Alls á Cliff Richard aðild að þremur jörðum í Portúgal þar sem vínberjarækt fer fram.

Hentar vel fyrir þrúguframleiðslu

Portúgal er ört vaxandi land þegar horft er til léttvínsframleiðslu enda er suðurhluti landsins einkar heppilegur til slíkrar framleiðslu og má nefna mörg atriði því til staðfestingar. Jarðvegurinn er talinn einstaklega hagstæður fyrir vínþrúgurækt auk þess sem það er nánast undantekningarlaust gott veður þarna, nokkuð sem er sérstaklega mikilvægt þegar vínþrúguframleiðsla er annars vegar. Til dæmis hefur ekki komið teljandi frost þarna síðasta áratug eða svo! Þá er loftrakinn einnig stöðugur vegna nálægðar við sjóinn og stöðug hafgola sem leiðir til þess að vínberin þroskast afar vel á þessu svæði. Auk þessa er suðurhluti Portúgals einkar sólríkt svæði, líkt og margir Íslendingar þekkja, en sólin gagnast fleirum en sólþyrstum Íslendingum enda hefur sólin bein áhrif á uppsöfnun sykurs í vínþrúgunum. Hátt hlutfall sykurs í þrúgunum gerir það svo að verkum að léttvínið hefur tiltölulega hátt vínandahlutfall miðað við t.d. frönsk eða þýsk vín.

Keypti fyrsta búið 1993

Vínbúgarða sir Cliff er að finna í nágrenni við bæinn Albufeira í Algarve-héraðinu, en þar hefur hann dvalist á hverju sumri síðustu fjörutíu árin, svo hann þekkir svæðið einstaklega vel. Það var reyndar tilviljun að sir Cliff fór í vínframleiðslu en hann sér varla eftir því, enda er léttvín hans eitt það mest selda á sumardvalarsvæðinu Albufeira sem margir Íslendingar þekkja vel. Fyrsta búið keypti hann árið 1993 í grennd við smábæinn Guia, örfáa kílómetra norðvestur frá Albufeira. Jörðin liggur öll í halla á mót suðri en svæðið þarna sunnan við Guia kalla heimamenn svæðið með hinu gyllta útsýni og getur greinarhöfundur vottað það að þarna er engu logið.

Fyrst í fíkjuframleiðslu

Í upphafi var það þó ekki vínþrúguframleiðsla sem var stunduð þarna heldur fíkju- og grænmetisframleiðsla en svo kynntist sir Cliff Ástralanum Nigel Birch sem hafði starfað við víngerð til fjölda ára. Nigel þessi taldi Cliff inn á það að fara í vínþrúguframleiðslu en það er afar dýrt að byrja slíka framleiðslu og því gott að hafa góða sjóði að sækja í enda má ekki vænta uppskeru fyrr en 4–5 árum eftir útplöntun vínviðarins. Sir Cliff átti nægt fjármagn og því var ákveðið að ganga í málið og árið 1998 voru stigin fyrstu skrefin í átt að þrúguframleiðslu. Þetta hefur svo undið upp á sig jafnt og þétt og í dag eru þrúgur fyrir vínframleiðslu þeirra Cliff og Nigel framleiddar á þremur jörðum, sem alls telja 22 hektara lands og er árleg framleiðsla um 135 þúsund flöskur af léttvíni.

Vínkjallari söngvarans

Fyrirtækið sem sér um víngerðina heitir Adega do Cantor sem í íslenskri snörun myndi kallast Vínkjallari söngvarans, og hefur það náð eftirtektarverðum árangri með gerð léttvína. Í upphafi var um rauðvín að ræða en í dag eru framleidd þarna allar helstu gerðir léttvína s.s. rauðvín, hvítvín, rósavín og freyðivín. Alls starfa 8 manns við víngerðina, sölu og við leiðsögn um búgarðinn og er þá sir Cliff víst ekki talinn með, en hann er þó sagður liðtækur við helstu búverk.

Sjálfir aðalgerjunartankarnir eru útbúnir vatnskælibúnaði svo þeir ofhitni ekki sé vetrarveðrið of gott fyrir framleiðsluna!

Tína berin í ágúst

Þegar vínakrar eru skoðaðir er það næsta undantekningarlaust að vínviðnum er plantað í snyrtilegar raðir og í hverri röð eru myndarlegir tréstaurar, sem eru all einkennandi fyrir svona framleiðslu. Tilgangur þessara staura er afar mikilvægur en á milli þeirra er strengdur vír, sem greinar vínviðarins eru hengdar á eftir því sem vaxtartímanum fleygir fram. Ástæðan fyrir þessu er í raun tvíþætt, annars vegar að koma runnunum upp í rúmlega mittishæð svo handtínsla á berjum sé auðveldari og hins vegar til þess að halda berjaklösunum fjarri jarðveginum, sem gerir þrúgurnar betri. Í ágúst eru þær svo tilbúnar til tínslu en það er svolítið sérstakt við uppskerutímann á vínþrúgunum í Portúgal að tínslutímabilið er mun fyrr en í öðrum löndum Evrópu. Skýringin er raunar einföld, enda landið sunnar og býr við stöðugara veðurfar en önnur lönd heimsálfunnar. Þegar komið er að uppskerutíma þarf að hafa hraðar og öruggar hendur við að tína berin og koma þeim í vinnsluna. Á þessum tíma bætast við hina átta fastráðnu starfsmenn um 15–20 manns sem fá þá tækifæri til þess að vinna með sir Cliff við að tína ber! Berin eru svo sett í þar til gerð ker og fer svo af stað fjölbreyttur ferill við gerjun og meðferð svo hægt sé að framleiða

Vínkjallarinn er næsta hefðbundinn með ótal rauðvínstunnur sem bíða þarna þess að vera tilbúnar fyrir flöskurnar.

hinar ýmsu gerðir léttvína úr þessum fínu þrúgum.

Of lítil framleiðsla fyrir töppunarvél

Eftir að Nigel hefur farið höndum sínum um þrúgurnar og unnið við þær af alúð, er vökvinn settur í þar til gerða tanka til gerjunar og svo er beðið – í nokkra mánuði! Auðvitað er fylgst með gerjunarferlinu en vínið er látið gerjast við 14–21 gráðu hita en stundum getur orðið of mikill hiti fyrir gerjunina. Til þess að ekki verði of heitt eru gerjunartankarnir einangraðir og í þeim eru þar til gerðir spíralar sem hægt er að dæla köldu vatni um svo vínið ofhitni ekki, ef útihitinn er slíkur. Auðvitað er vínframleiðsluferillinn flóknari en hér er lýst, en í stuttu máli sagt þá verður hver víntegund tilbúin á mismunandi tímum eftir mismunandi vinnsluaðferðum. Það er þó sérstaklega athyglisvert að til þess að spara kostnað við átöppun er fullgerjað vínið geymt í stórum stálsílóum þar til í febrúar, þegar það er sett á flöskur. Tilfellið er nefnilega að þrátt fyrir að vínframleiðsla búsins sé 135 þúsund flöskur á ári þykir það allt of lítil framleiðsla til þess að standa undir dýrri fjárfestingu í búnaði til átöppunar á flöskur. Vínbændurnir á svæðinu, sem alla jafnan eru í samkeppni, ráða því sameiginlega til sín verktaka í því að tappa á flöskur og kemur viðkomandi verktaki þá með allar græjur til verksins. Sem dæmi um afköstin þá tekur ekki nema tæplega viku að tappa víni á 135 þúsund flöskur.

Korktappi úr korki

Það er orðið næsta sjaldgæft að fá léttvín í heldur ódýrari flokknum sem er með ekta korktappa en það er þó tilfellið með léttvínið frá Adega do Cantor. Fyrir því eru gefnar þrjár meginástæður: Portúgal er stærsti framleiðandi heims á korki og því er um að gera að nota þarlendan kork, korkur andar og gefur rauðvíninu réttan þroska og svo er einfaldlega mikil hefð fyrir því að nota korktappa í léttvínsflöskur!

Ferðaþjónustan mikilvæg

Þegar vínið er komið á flöskur er það tilbúið til sölu en Adega do Cantor selur léttvín sitt víða um heim þótt stór hluti framleiðslunnar sé seldur heima á búinu sjálfu. Skýringin felst í því að stór hluti af rekstri búgarðsins er ferðaþjónsta og þá sér í lagi skoðunarferðir um búgarðinn og vínframleiðsluna og svo að sjálfsögðu starfsemi tengd því að smakka mismunandi drykki og sala þeirra. Þúsundir sólþyrstra ferðamanna sækja heim búgarð sir Cliff Richard og fáir fara þaðan án þess að hafa keypt nokkrar flöskur. Það er óhætt að segja að viðskiptahugmyndin sé afar góð, að sameina búskap, ferðaþjónustu og þekkt nafn úr poppheiminum. Fyrst þetta gengur í Portúgal, því þá ekki á Íslandi t.d. með Björk sem megin aðdráttarafl?

Snorri Sigurðsson
sns@seges.dk
Ráðgjafafyrirtækinu SEGES P/S

BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR
Smíðum sérlega vandaðar bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum

Þær eru léttar og auðveldar í notkun.
Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi
Vagnar & þjónusta ehf
Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, www.vagnar.is

Rauch MDS áburðardreifarar
Þýsk hágæðavara og margverðlaunaðir fyrir þróun og tæknilegar lausnir.
Grunnútgáfan er 900 lítra og stækkanleg í þrepum upp í 1.700 lítra (ca. 2.000 kg).
Fullkominn dreififerill, stillanlegir- og nákvæmir dreifidiskar. Dreifibreidd 10-24m. Hægsnúandi hræra sem hlífir áburðinum. Einkaleyfisvarinn búnaður við dreifidiska sem tryggir að áburðurinn brotni ekki þegar hann lendir á dreifidiskum.
Quantron A magnstýritölva og möguleg tenging við GPS-stýringu. Viðhaldsfrítt drif. Tvennskonar kantdreifibúnaður í boði.
RAUCH
wir nehmen's genau

Quantron A - Magnstýritölva. Tryggir nákvæma magndreifingu.

Quantron Guide. GPS tölva.

Telemat 1
Stillanlegur jaðarbúnaður fyrir kantdreifingur úr aksturssspori. Hægt að stjórna innan úr dráttarvélinni, á ferð.

Stillanlegir dreifidiskar.

GSE 7 - Kantdreifibúnaður. Stillanlegur 0-2 metra frá skurðbakka. Hægt að stjórna innan úr dráttarvélinni, á ferð.

Búvís Akureyri
TRAUST OG GÆÐI VELDU BÆÐI
Búvís ehf • Akureyri • Sími 465 1332 • www.buvis.is

ib.is
IB ehf. Selfossi
BÍLASÝNING
Evrópufrumsýning á Dodge Ram 3500 2015, meðal nýunga loftpúðafjöðrun að aftan ásamt nýrri sjálfskiptingu.
14. og 15. febrúar frá 11-16

Geymsluboxin á hliðunum eru þétt og rúmgóð.

Sjón er sögu ríkari

GMC Sierra 3500 2015 hefur fengið nýtt útlit.

Kíkið í kaffi, við tökum vel á móti ykkur
IB ehf, Fossnesi A
Selfossi ,s. 4808080

RML
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Kristján Óttar Eymundsson
Ráðunautur hjá RML
koe@rml.is

Þessari kind, sem var að gefa lambinu sínu næringu úti á brún Skoruvíkurbjargs á Langanesi síðastliðið sumar, virtist vera slétt sama hvort rekstrargrundvöllur í búrekstrinum hjá eigandanum væri í góðu lagi eða ekki – enda ekki hennar mál. Mynd / HKr.

Hugleiðingar um bætta afkomu sauðfjárbúa

Afkoman er engin – þessum orðum hefur oft verið fleygt fram í umræðunni um sauðfjárbúskap á Íslandi. En hvaða leiðir á bóndinn að fara til að bæta afkomuna?

Í orði er auðvelt að skilgreina leiðina að bættri afkomu: Það er rekstur sem leitast við að hámarka framlegð eftir hverja vetrarfóðraða kind með sem minnstri skuldsetningu. Framlegð er skilgreind sem sá afgangur sem búið hefur til að mæta fasta kostnaðinum, þegar breytilegi kostnaðurinn hefur verið dreginn frá tekjum. Eftir því sem framlegðin er hærri hefur reksturinn því meiri burði til að greiða hærri laun og standa undir fjármagnsskuldbindingum. Það er staðreynd að sauðfjárbúskapur hefur aldrei þolað mikla skuldsetningu. Sú vitneskja, samhliða því að eignaviðri jarða er oft á tíðum ekki í neinu samhengi við rekstrarvirði þeirra, hefur gert alla nýliðun mjög erfiða í greininni. Ekki verður farið nánar í þá sálma hér heldur er ætlunin að rýna betur í þá þætti sem hafa hvað mest áhrif á framlegðina.

Áhrif beingreiðslna

Greiðslumarkseign bús, í hlutfalli við fjölda sauðfjár, er sennilega sá þáttur sem mest áhrif hefur á framlegðina. Til fróðleiks eru hér sett fram tilbúin dæmi um 600 kinda bú, þar sem allar forsendur eru eins nema að greiðslumarkið er breytilegt. Árið 2014 er haft til hliðsjónar, þar sem afurðir eru settar sem landsmeðaltalið fyrir það ár og gert er ráð fyrir að tekjur af dilkakjöti sé 800 kr/kg (afurðastöðvarverð+gæðastýring+geymslugjald). Breytilegur kostnaður er hafður 12.000 kr/kind og ekki er tekið tillit til endurnýjunarþarfar á bústofni, enda gert ráð fyrir að hún sé eins á þessum búum og skekkir þannig ekki samanburðinn.

Strax verður ljóst að erfitt er að finna einhvern rekstrargrundvöll handa 600 kinda búi sem er án greiðslumarks. Framlegðin er mjög lág, sem setur búinu mjög þröngar skorður hvað varðar launagreiðslugetu og þol gagnvart fjármagnsskuldbindingum. Eini möguleikinn á þessu búi væri að auka afurðirnar umtalsvert. Ef afurðir eftir ána færu í 38 kg að þá þyrfti breytilegur kostnaður að haldast óbreyttur til að það næði sömu framlegð og bú 3 sem á 600 ærgildi. Ef litið er á afurðauppgjör skýrsluhaldsins í sauðfjárrækt kemur í ljós að það er ekki á færi nema mjög fárra aðila að ná svo miklum afurðum.

Ákjósanlegast væri að vera í stöðu bóndans sem væri á búi 4. Hann er með ríflega tvöfalt hærri framlegð en kvótalausi bóndinn og með tæplega 1,7 milljóna króna hærri framlegð en bóndinn sem á jafnmörg ærgildi og hann á af fé. Hér verður ekki hætt sér út í þá pólitísku gryfju sem umræðan um þessi mál er í né heldur hvað næsti sauðfjársamningur mun fela í sér. Staðreyndin er samt sú, miðað við núgildandi samninga og reglur, að greiðslumarkssterki bóndinn er að skila langhæstri framlegðinni.

Áhrif afurða og breytilegs kostnaðar

Mikill breytileiki er í afurðum á milli búa, sem felur í sér tækifæri hjá mörgum bændum til að bæta afkomuna. Hvert kg í auknum afurðum eftir ána er að skila um 400.000 kr. meiri tekjum á ári á búi með 500 ær. Þriggja kílóa afurðaaukning myndi auka tekjurnar um 100.000 kr/mán. Ef litið er á breytilega kostnaðinn til hliðsjónar að þá hafa búreikningar í gegnum árin sýnt þar mun minni breytileika á milli búa en er í afurðum. Það er í raun ekki óeðlilegt því þetta er sá þáttur sem bændur spara hvað fyrst við sig í. Lækkun áburðarkostnaðar upp á t.d. 300.000 kr. hefur samt mun minna að segja við framlegðarútreikninga á 600 kinda búi en að auka afurðirnar eftir ærnar. Gemlingarnir eru einnig víða vannýtt auðlind. Krafa bóndans ætti að vera sú að afurðir gemlinga væru ekki minni en helmingur á við afurðir ánna. Ef ærnar væru að skila 28 kg af kjöti ættu gemlingarnir að skila 14 kg o.s.frv.

Afurðaaukning þarf ekki að fela í sér mikinn aukinn kostnað heldur snýst hún miklu frekar um breytingar á búskaparlagi. Heyöflun búsins ræður þar miklu hvernig tekst til. Þó að féð sé í geldstöðu þorra innistöðutímans að þá þurfa gemlingar gott hey allan veturinn. Ærnar þurfa síðan gott fóður yfir fengitímann og frá 4–6 vikum fyrir burð. Úrvalshey þarf svo að vera til staðar á sjálfum sauðburðinum. Þarna getur verið misbrestur á hjá bændum. Til að ná þessum heyjum þarf á venjulegu sauðfjárbúi að heyja 30–40% túnanna snemma, sem væri svo hægt að slá upp seinnipart sumars. Yfirleitt liggur svo ekkert á að slá afganginn af túnunum, þar sem horft er frekar á magn en gæði. Það væri þess vegna hægt að skella sér í tveggja vikna hestaferð fyrst! Aðalatriðið er sem sagt að eiga hey sem uppfylla þarfir fjárins á álagstímum.

Rekstraráætlun

Markmiðstengd rekstraráætlun til 5 ára, sem er uppfærð árlega, er vannýtt bústjórnartæki meðal bænda.

Sú hefð virðist hafa skapast að bændur láti ekki gera rekstraráætlun fyrir sig fyrr en þeir eru búnir að ákveða að fjárfesta/framkvæma eitthvað og þá yfirleitt vegna kröfu frá bankanum. Þeirri hefð þarf að breyta. Rekstraráætlun á að vera órjúfanlegur hluti af bústjórninni eins og t.d. lambadómar eða áburðaráætlun. Hún segir bóndanum hvar sóknarfærin liggja í rekstrinum á hverjum tíma og hjálpar bóndanum við að taka réttar ákvarðanir í sinni daglegri vinnu.

Nú með hækkandi sól er alveg óhætt að leggja hrútaskrána aðeins til hliðar og gefa rekstraráætluninni aðeins pláss á náttborðinu hjá sér.

Rekstargrundvöllur 600 kinda bús við mismunandi forsendur

	Bú 1	Bú 2	Bú 3	Bú 4
Fjöldi áa	500	500	500	500
Fjöldi gemlinga	100	100	100	100
Greiðslumark, ærgildi	**0**	**300**	**600**	**850**
Afurðir, kg eftir á	28	28	28	28
Afurðir, kg eftir gemling	11,4	11,4	11,4	11,4
Tekjur í kr.				
Beingreiðslur	0	2.007.600	4.015.200	5.688.200
Virði kjöts eftir ærnar	11.200.000	11.200.000	11.200.000	11.200.000
Virði kjöts eftir gemlinga	912.000	912.000	912.000	912.000
Tekjur af kjöti og beingreiðslum	12.112.000	14.119.600	16.127.200	17.800.200
Breytilegur kostnaður	6.600.000	6.600.000	6.600.000	6.600.000
Framlegð	**5.512.000**	**7.519.600**	**9.527.200**	**11.200.200**
Framlegð eftir kind	9.187	12.533	15.879	18.667
Framlegðarstig	46%	53%	59%	63%

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Ekki færri látist í umferðarslysum í mörg ár

Um síðustu áramót var ljóst að ekki hafa verið færri banaslys í umferðinni síðan 1936, eða alls 3 látnir í umferðarslysum.

Að lesa svona tölur er mjög ánægjulegt og má eflaust þakka áralöngum forvörnum í umferðarmálum. Forvarnir og umferðarfræðsla er að skila sér í færri slysum. Bbreskur forvarnarfulltrúi sagði að kostnaður sem lagður er til forvarna skili sér almennt þrefalt til samfélagsins sé kostnaður reiknaður til fjár.

Eftir að ég byrjaði að skrifa þessa litlu forvarnarpistla hefur mér gengið illa, þrátt fyrir töluverða leit, að finna upplýsingar um slys við landbúnaðarstörf, en af og til eru mér sagðar sögur af mönnum sem hafa lent í mjög slæmum slysum við störf sín, en svona munnmæli get ég ekki notað nema þá að taka viðkomandi tali og fá leyfi viðkomandi til að nota reynslu þeirra til forvarna.

Slæmt ár hjá írskum bændum

Þann 6. janúar birti HSA (írska heilbrigðisstofnunin www.hsa.ie) tölur um banaslys á Írlandi fyrir árið 2014. Alls létust 55 manns í vinnuslysum á Írlandi síðasta ár. 30 manns létust við landbúnaðarstörf, en til samanburðar létust 16 árið 2013. Þetta er fimmta árið í röð sem banaslys í írskum landbúnaði eru flest þrátt fyrir að á síðustu 20 árum hafi slysum við landbúnað á Írlandi verið að fækka vegna áherslu

á forvarnir í landbúnaði.

„Þetta er mesti fjöldi sem látist hefur við írsk landbúnaðarstörf í yfir 20 ár og skelfilegt fyrir landbúnað," sagði Martin O´Halloan, forstjóri HSA. Mest var fjölgunin í slysum þar sem ökutæki komu við sögu og var þetta í fyrsta sinn þar sem að yfir helmingur banaslysa tengdist ökutækjum.

Gagnaöflun og upplýsingar eru nauðsynlegar til að greina vanda

Í samtali við Hilmar Snorrason, skólastjóra Slysavarnarskóla sjómanna, er einn mikilvægasti þátturinn í forvörnum gagnaöflun sem kemur frá þeim sem lenda í slysum. Hilmar setur áhættumat í fyrsta sæti og atvikaskráningar í annað sæti, fræðslu í það þriðja og aðgerðir í fjórða. Til að geta brugðist við vanda þarf að vera til gagnagrunnur til að vinna út frá en stundum getur verið erfitt að ná sér í upplýsingar um slys. Gott dæmi er frásögn Óla H. Þórðar, fyrrverandi forstjóra Umferðarstofu, þegar hann kynnti 100 ára banaslysatölur í íslenskri umferð. Honum reyndist mjög erfitt að afla upplýsinga um sum slys að eigin sögn, en samantektin er fróðleg og gagnleg sem upplýsingabanki um umferðarslysasögu síðustu 100 ára. Í samantekt Óla H. kemur meðal annars fram að alls hafi 100 bændur og bústarfsmenn látist við störf sín á þessum 100 árum og 45 látist í dráttarvélaslysum.

KROSSGÁTA Bændablaðsins

– lausnina er að finna á næstöftustu síðu

MYND: ZAIRON (CC BY-SA 3.0)

				7	SLUMPUR	KRYDD-BLANDA	GUBB / FRAM-VEGIS			SNÍKJUR / FLÝTIR		SLÍMDÝR	NÚMER TVÖ / HALDA BROTT	
				DULNEFNI										
				HANGA / BRAK					ÁSAMT / TVEIR EINS					
								KRYDD / NÁÐ						
				TRAÐK						KIND	KRÁ / HLJÓÐFÆRI			
		KEYRA / ÚTMÁ		KLUKKU-STUND / KNÆPA					IÐKA / TVEIR EINS				ÞAKBRÚN	FÆÐU
FLÍK / BOR						KJÖKUR	BLUNDA / ROTNA					KRINGUM / AFSPURN		
					TRÚAR-BRÖGÐ / LEGGJA AF					IM / BÓK-STAFUR				
RÓMVERSK TALA / KLÚRYRÐI			ÁTÖLUR / LENGDAR-EINING						NÁÐIR / PARTA					
				LOGA / GÆFA				MÁTA / ÁMÆLA					AF-FERMING	AFÞÍÐA
		SKÖRP BRÚN / AKFÆRI				HOLU-FISKUR				HNAPPUR / KYRRÐ				
SAM-KVÆMT						SÍLL / SKÍTUR					HRÓS / SVÖRÐUR			
UNDIR-FLÍK							FRUMEIND / ÓNEFNDUR					ÆTÍÐ / GRÍSKUR BÓKSTAFUR		
FUGLA-SKÍTUR / HJÁ					SVARA					NÚMER TÖNVERKS				
			HAMINGJA						GRÁTA					



Líf og lyst

Bærinn okkar

Þórólfur Ómar gekk til liðs við foreldra sína í búskapnum árið 2012 og tók þá sæti í stjórn nýstofnaðs eignarhaldsfélags um fyrri rekstur föður hans, Dalanaut ehf.

Árið 2013 bauðst tækifæri til að kaupa Steinhóla og þar býr fjölskyldan núna. Foreldrar Þórólfs seldu síðan Dalanaut til hans þann 15. maí 2014.

Býli: Steinhólar/Grænahlíð/Arnarstaðir/Nýi bær.

Staðsett í sveit: Eyjafjarðarsveit.

Ábúendur: Þórólfur Ómar Óskarsson, María Bára Jóhannsdóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Við eigum soninn Óskar Þrym Bóas og annað barn væntanlegt í apríl. Einnig er hundur á heimilinu, hann Búri. Foreldrar Þórólfs búa enn í sínu húsi í Grænuhlíð og taka þátt í bústörfum.

Stærð jarðar? Í raun má segja að við búum á fjórum litlum jörðum þar sem ræktað land er um 65 hektarar.

Gerð bús? Mjólkurframleiðsla í 60 básа lausagöngufjósi með mjaltaþjóni. Nautakjötsframleiðsla í hjáverkum.

Fjöldi búfjár og tegundir? Um 140 nautgripir, 10 kindur og örfáar hænur. 1 feitur fjósakisi.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Dagurinn byrjar alltaf í fjósinu og að því loknu er barninu komið á leikskólann. Þá gefst tími til að sinna öðrum verkum sem virðast alltaf vera næg. Mjaltaþjónninn léttir manni störfin mikið og gerir þau sveigjanlegri. Sumir dagar eru stuttir og aðrir langir eins og flestir kannast við.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Skemmtilegast finnst okkur í fjósi, umgangast kýrnar og sjá kálfana vaxa úr grasi. Leiðinlegast er að þurfa að vakna á nóttunni ef mjaltaþjónninn hringir, eða ef maður vill fylgjast með kúm komnum að burði.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Eftir 5 ár verður framleiðslan komin í 450 þúsund lítra á ári og við munum þá liggja yfir teikningum að nýju fjósi með öllum búnaði. Fullkomnu gjafakerfi og 2–3 mjaltaþjónum.
Ræktað land verður orðið mikið meira, og við flutt frá Steinhólum í íbúðarhúsið í Grænuhlíð.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Við erum ósátt við það að bændaforystan beiti sér ekki af meiri krafti fyrir því að keyra í gegn nýjan búvörusamning og einnig erum við mjög ósátt við að það skuli viðgangast að verðlagsnefnd búvara skuli ekki kölluð saman og við fáum ekki kjarabætur á meðan. Stundum má velta fyrir sér hvað þetta fólk er eiginlega að gera í vinnunni ef það er ekki að beita sér fyrir þessu.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Íslenskur landbúnaður á mikið inni og við sjáum tækifæri til vaxtar víða. En það er áhyggjuefni að sveitir blómstri ekki jafnt og sums staðar ríkir nokkur stöðnun. Það er verkefni sem bíður okkar, að passa upp á að byggð haldist í öllum sveitum sem og búskapur.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Lambakjöt og hliðarafurðir þess eiga enn þá mikið inni. Íslenska lambakjötið þarf að vera íslenskt alla leið og alltaf. Þannig eru tækifæri til að styrkja stöðu þess á erlendum mörkuðum. Sem síðan leiðir til hærra útflutningsverðs og tryggari sölu. Í mjólkurafurðum er helst að flytja út prótein enda hálfgerður skortur á fitu á innanlandsmarkaði. Þess fyrir utan eru söluleyfi á skyri hlutur sem getur skilað íslenskum mjólkurframleiðendum enn meiri tekjum.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Mjólk, smjör, ostur, grænmeti, ávextir, egg og jógúrt er svona það helsta. Fyrir soninn þurfum við einnig að passa að til séu mjólkurlausar vörur eins og rísmjólk og annað slíkt.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Heimilisfólki ber ekki saman um það. En nautakjötið og lambakjötið stendur alltaf fyrir sínu, helst með fersku grænmeti og einhverju fleira góðu. Herramennirnir tveir myndu helst borða pönnukökur í öll mál ef húsfreyjan nennti að baka þær.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Á okkar stuttu búskapartíð er eitt atvik sem verður líklega alltaf eftirminnilegast. En þegar loksins var komið að því að taka mjaltaþjóninn út úr gám og koma honum fyrir í nýja fjósinu, þá kom í ljós að pantaður hafði verið mjaltaþjónn sem var með arminn öfugum megin og gekk því engan veginn inn í þetta fjós. Þessi dagur leið eiginlega í þoku og var erfitt að detta ekki í algjöra svartsýni.

Þessu var þó reddað og þremur dögum síðar var hafist handa við uppsetningu á réttum mjaltaþjón.

Matarkrókurinn – Bjarni Gunnar Kristinsson matreiðslumeistari

Grænmeti gengur með öllum mat

Þegar daginn fer að lengja er tilvalið að setja aukinn léttleika í matargerðina. Salat með einföldu hráefni er fljótlegt að galdra fram með lítilli fyrirhöfn.

Hér á eftir notum við meðal annars þroskaðar ferskjur, mozzarellaost, basil og ólífuolíu. Það má líka gjarnan prófa íslenska repjuolíu sem er farin að sjást í sælkerabúðum og á matarmörkuðum bænda.

Ferskju-, mozzarella- og basilsalat

- 3 stk. ferskjur (þroskaðar og skrældar ef þess er óskað en það er ekki nauðsyn)
- 5 g ferskt basillauf (rifið)
- 1 pakki ferskur mozzarellaostur (litlar eða stórar kúlur skornar í sneiðar)
- 2 tsk. Extra Virgin ólífuolía
- 1/4 tsk. sjávarsalt
- 1/8 tsk. svartur pipar

Aðferð
Blandið öllu saman á fallegan disk. Það má nota það sem er til í ísskápnum svo sem hnetur, salat eða grænmetisafganga. Kryddið til og skreytið með basil eða myntu.

Einfalt tómat- og avokadósalat

Þetta er einfalt salat en það má gera það hugguleg með því að raða tómatsneiðum kringum skál með mörðum avokadó (lárperu).

Ferskju, mozzarella- og basilsalat.

- 2 meðalstórir þroskaðir tómatar, sneiddir
- 1 avokadó, saxað og marið jafnvel með smá sýrðum rjóma og hrært með sítrónusafanum
- 1 sæt paprika
- 1/4 sneiddur rauðlaukur
- 1 msk. ólífuolía
- 1 msk. balsamic edik
- 1 tsk. sítrónusafi
- salt og ferskur pipar

Aðferð
Sameinið öll innihaldsefni í skál eða raðið lagskipt á disk. Hellið edikinu og olíunni yfir og kryddið með salti og pipar. Ef það eru kryddjurtir við hendina skemmir það ekki að strá þeim yfir. Látið standa í fimm mínútur áður en salatið er framreitt.

Heimalagaður steiktur laukur.

Heimalagaður steiktur laukur

Það er ljúffengt að steikja lauk í svokölluðu tempura-deigi. Hægt er að djúpsteikja ýmist annað en lauk, t.d. grænmeti. Gott til að toppa kjötsalat eða sem snakk með sýrðum rjóma.

Tómat- og avokadósalat.

- Olía, til steikingar
- 2 stórir laukar, skornir í 1/2 cm þykka hringi, hýði fjarlægt
- 210 g maís-hveiti (Maizenamjöl)
- 1 msk. lyftiduft
- 1 msk. matarsóti
- 1 egg (eggjarauða)
- 250 ml bjór
- 1/2 tsk. salt
- Ferskur svartur pipar

Aðferð
Blandið þurrefnum í skál og gerið gat í miðju. Bætið eggjarauðu í sér skál og brjótið hana upp með gaffli. Bætið í hveiti og hellið bjórnum út í. Þeytið létt til að fá áferð eins og á pönnukökudeigi.

Hitið olíu í um 180°C. Prófið hvort hitinn sé nægur með því að setja einn laukbita út í. Þegar hann brúnast er olían tilbúin.

Bætið smá Maizenamjöli og kryddi á laukhringina og dýfið í deigið. Steikið í heitri olíu þar til gullnum lit er náð. Þerrið á eldhúspappír og kryddið með salti.

Hægt er að setja ýmiss konar grænmeti í deigið svo sem vorlauk eða papriku. Einstaklega ljúffengt með afgangskjöti sem er breytt í steikarsalat með remúlaði eða sýrðum rjóma.

Prjónahornið

garn@garn.is

Lambhúshetta

Sá íslenski siður að láta börn sofa úti nánast frá fæðingu kemur útlendingum oft spánskt fyrir sjónir.

Hins vegar eru börnin vel og hlýlega klædd og þetta herðir þau og styrkir.

Lambhúshettan góða er ein af þeim flíkum sem gera þetta mögulegt og ættu öll börn að eiga eina svona. Þessi uppskrift er góð hvað það varðar að loka vel yfir eyrun og hún vex með barninu.

Efni:

Baby star frá Kartopu 1 dokka (til í 5 litum á www.garn.is) þar getið þið líka séð útsölustaðina víða um land.) Við notuðum bleika litinn fyrir þessa dömu.

Stærð: 6 mánaða, 1 árs, eins og hálfs árs og 2ja ára.

Prjónið gefur vel eftir, þess vegna endist húfan lengur.

Hringprjónn nr 3,5 – 4 eftir því hver fast er prjónað.

Sl = slétt prjón.

Br = brugðið prjón.

Sm= sentimetrar.

Lambhúshettan:

Fitjið laust upp með hringprjóninum 192-200-208-216 L og tengið í hring.

Prjónið 4 sl 4 br L 5- (5,5) -6 -(6,5) sm.

Þá kemur úrtaka: 2 sléttar saman tvisvar yfir sléttu lykkjurnar 4 brugðnar. (fallegra er að taka L óprjónaða, prjóna næstu slétt og steypa óprjónuðu lykkjunni yfir og taka síðan næstu 2 saman)

Næsta umferð er prjónuð slétt yfir slétt og brugðið yfir brugðið. þ.e. 2 sl 4 br.

Því næst eru prjónaðar 2 sl yfir sléttu lykkjurnar og 2 brugðnar saman tvisvar .

Þá eiga að vera á prjóninum 2 sl og 2 br. alls 96-100-104-108 l.

Prjónið nú 4-4,5-5-5,5 sm 2sl og 2 br.

Nú eru felldar af miðjulykkjurnar undir hökunni 16-18-18-20 L og haldið áfram að prjóna 2 sl 2 br fram og til baka.

Takið úr í byrjun umferðar 2,1,1 L sitt hvorum megin, þá eiga að vera 72-74-78-80 L á prjóninum.

Prjónið nú 2 sl og 2 br fram og til baka 11-12-13-14 sm. frá affellingunni undir hökunni.

Nú eru fitjaðar upp 16-18-18-20 L á móti þar sem áður voru felldar af jafn margar lykkjur og prjónað í hring 2 sl og 2 br.

Prjónað þannig í hring 2-3-3,5-4 sm.

Þá eru brugðnu lykkjurnar teknar tvær saman og sléttu lykkjurnar prjónaðar eins og áður.

Prjónað áfram í hring 2 sl og 1 br 2-3-3,5-4 sm.

Þá eru 2 sléttu lykkjurnar prjónaðar saman og prjónað áfram 1 sl og 1 br 2-3-3,5-4 sm.

Þessu næst eru prjónaðar saman 2 l allan hringinn.

Prjónuð 1 umferð slétt slitið frá og endinn dreginn gegnum lykkjurnar sem eftir eru og saumaður fastur.

Nú eru teknar upp lykkjurnar kringum andlitið og prjónað 2 sl og 2 br 6-7-7,5-8 umferðir.

Fellt laust af og gengið frá öllum endum.

Búinn til dúskur og settur á ef vill.

Inga Þyri Kjartansdóttir

Umsókn um orlofsdvöl
Sumarið 2015

Hér að neðan er að finna umsóknareyðublað um orlofsdvöl í húsunum að Hólum í Hjaltadal og á Flúðum, Hrunamannahreppi sumarið 2015. Það gildir fyrir félaga í búnaðarsamböndum og/eða búgreinafélögum sem eiga aðild að BÍ – Frestur til að skila inn umsóknum rennur út 20. mars 2015.

Undirrituð/Undirritaður sækir hér með um:

☐ Orlofsdvöl að Hólum - Tímabilið:

☐ Orlofsdvöl á Flúðum - Tímabilið:

Nafn umsækjanda

Kennitala

Heimilisfang

Símanúmer

Póstnúmer og staður

Hefur þú áður fengið úthlutað orlofsdvöl í sumarhúsi hjá Bændasamtökunum?

☐ Já ☐ Nei

Undirskrift félaga og dagsetning

Umsóknina skal senda fyrir 20. mars nk.
rafrænt á ***netfangið ho@bondi.is***
eða á póstfang Bændasamtaka Íslands:
Bændahöllin v/Hagatorg,
107 Reykjavík, merkt ***Orlofsdvöl sumarið 2014***

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 26. febrúar

Létt

	3		2					
	4	1			8			
	7						4	
5						6	1	
		8				2		
				3	9			
			6				5	
7				8	1		2	
			5		4			9

Miðlungs

8	6		7					
7	9							
								2
					5	3	1	
3			8				2	9
				1		4		
		5		7		1	6	
	4		5				3	
1		6		3				5

Þung

				9	5			4
						3		
				3	2		5	
7			4			2		
1		5		6		4		8
		9			7			6
	3		5	8				
		4						
2				4	6			

Þyngst

			2			9		
	8			7			2	
6		7	4			5		
						8		3
	9						4	
5		2						
		5			6	7		2
	7			2			9	
		4			1			

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

Fólkið sem erfir landið

Meira eða minna í heyskap í allt sumar

Fyrsta minning Björgvins Daða er frá því að hann var að læra að hjóla og klessti á tré. Uppáhalds dýrið hans eru holdanaut enda getur hann vel hugsað sér að verða bóndi þegar hann verður stór.

Nafn: Björgvin Daði Harðarson.

Aldur: 12 ára.

Stjörnumerki: Hrútur.

Búseta: Efri-Ey 1.

Skóli: Kirkjubæjarskóli á Síðu.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Íþróttir.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Holdanaut.

Uppáhaldsmatur: Kjötsúpa.

Uppáhaldshljómsveit: Avanged Sevenfold.

Uppáhaldskvikmynd: Fast and the furious.

Fyrsta minning þín? Ég var að læra að hjóla og klessti á tré.

Ætlar þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri? Nei.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Bóndi, bifvélavirki eða bílasprautari.

Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Sleðaferð með pabba og Viðari frænda.

Hvað er það leiðinlegasta sem þú hefur gert? Sóknarskrift.

Gerðir þú eitthvað skemmtilegt í sumar? Ég var meira eða minna í heyskap í allt sumar.

Vélabásinn

liklegur@internet.is

Ssang Yong Rexton alvörujeppi

Fyrir jól þegar ég prófaði Opel Meriva bílinn sá ég jeppa sem mér leist vel á og vildi prófa sem stóð í sýningarsalnum í Bílabúð Benna.

Ég fékk jeppann lánaðan um helgi fyrir skemmstu og varð ekki fyrir vonbrigðum.

Vinnur vel og vél hljóðlát

Til að ég kalli jeppa jeppa þarf hann að vera byggður á grind, hátt og lágt drif á hásingu a.m.k. að aftan (helst framhásingu líka).

Rexton DLX er með 2,0 dísilvél sem á að skila 155 hestöflum. Uppgefin eyðsla í blönduðum akstri er 7,8 lítrar á hundraðið. Sjálfskiptingin er eins og í sumum Benz bílum og er hægt að stilla hana á sumar og vetrarstillingu.

Munurinn er að á vetrarstillingunni leggur bíllinn af stað í öðrum gír (fer mjúklega af stað og minni hætta á spóli). Það eina sem ég var ekki sáttur við var að prufubíllinn sem ég ók var komin á 17 tommu felgur í stað 16 og á yfirstærð af dekkjum (265/70/17 í stað 235/70/16 sem bíllinn kemur á).

Ég er alfarið á móti að stækka felgur og lækka hæð dekkja yfir vetrarmánuðina, en með yfirstærð dekkja var þessi bíll með sömu belghæð dekkjanna og á að vera undir honum.

Við íslenskar aðstæður sem eru á veturna þarf belgmikla hjólbarða í klaka og snjó og þegar snjórinn og klakinn eru farin verður eftir holótt malbik með hvössum brúnum sem heggur auðveldlega í sundur hjólbarða með lágan „prófíl“, þess vegna er ég alfarið á móti að stækka felgur (vil frekar minnka felgur og hækka belghæð dekkja sem nemur felgustærðarmun til að fá betri fjöðrun út úr dekkjum við vondar íslenskar vetraraðstæður).

SsangYong Rexton DLX turbo disel. Myndir / HLJ

Sæti góð og útsýni

Rexton er skráður sjö manna. Öftustu tvö sætin eru að öllu jöfnu lögð niður en eru samt ágæt sæti, en ekki grjótharðar sessur og bak eins og í sumum bílum. Að keyra bílinn er mjög gott, manni líður vel í sætunum, en þau er hægt að stilla vel að þörfum hvers og eins. Í aftursætunum eru sætishitarar sem ekki er í mörgum bílum (er að aukast). Útsýni er mjög gott til allra átta og mjög lítið sem póstar trufla mann við akstur. Að bakka bílnum eftir hliðarspeglunum er mjög gott þar sem þeir eru einstaklega stórir og vel staðsettir. Það eina sem ég saknaði við akstur bílsins var aksturstölva til að fylgjast með eyðslunni, sjá hvað hitastigið er úti og fleira sem er í mörgum bílum.

Prufubíllinn á aðeins of stórum dekkjum, ef bremsað var og beygt í sama mund heyrði maður dekkin rekast í innra brettið.

Góð dráttargeta

Rexton er með varadekk sem eingöngu er ætlað til að bjarga sér á næsta hjólbarðaverkstæði, en þó nokkuð er um að jeppar séu varadekkslausir með einungis tappasett og pumpu til að bjarga sér (ekki hentugt fyrir íslenskar aðstæður). Dráttargeta bílsins er 2.600 kg. Verðið á bílnum kom mér mest á óvart, en Rexton er fáanlegur á verði frá 6.890.000 sem er töluvert undir verði sambærilegra jeppa. Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um SsangYong Rexton á vefslóðinni www.benni.is. Mitt mat er að þarna er á ferðinni mjög góður jeppi á frábæru verði.

Helstu mál og upplýsingar

Verð	3.990.000
Vél	1,4 l bensín - 140 hestöfl
Hæð	1.615 mm
Breidd	1.912 mm
Lengd	4.300 mm

Hátt undir bílinn, varadekkið er svokallaður aumingi, en varadekk engu síður, annað en í sumum bílum.

Skipta um smurolíu og olíusíu

Hvers vegna þarf að passa upp á að skipta reglulega um smurolíu og smursíu á vélum? Mjög algengt er að bílar sem koma á smurstöðvar eru komnir á bilinu 1000 til 5000 kílómetra fram yfir olíuskipti (hef séð smursíu sem var komin 80.000 fram yfir olíuskipti).

Vissulega eru smurolíur alltaf að verða betri og betri frá öllum framleiðendum smurolíu og dæmi eru um smurolíur sem þola allt að 30.000 km akstur, en við búum við sérstakar aðstæður veðurfarslega varðandi raka í loftinu, vegalengdir eru mjög oft stuttar sem vélar eru í gangi.

Vélar sem notaðar eru þannig að þær eru stutt í gangi á veturna og rétt volgna við notkun er hætt við að þær dragi rakt loft inn á sig við kólnun.

Með tímanum kemst raki inn í smurolíuna (smurolían verður ljósbrún að lit). Þetta á sérstaklega við um litlar vélar (mesta hættan í litlum fólksbílum og fjórhjólum).

Smursíur

Smurolíurnar eru almennt góðar, en ekki gildir sama um smursíur, framþróun og tækni við smursíur er hægari en í olíum. Margar smursíur eru með ventil sem opnast þegar sían er orðin stífluð af óhreinindum sem koma úr vélinni. Fer þá öll smurolía ósíuð um smurgang vélarinnar. Það getur verið erfitt að verða þess áskynja að smursían sé orðin það skítug að hún gerir ekki það sem henni er ætlað. Ef vél byrjar skyndilega að brenna smurolíu getur verið nóg að skipta um smursíu. Ástæðan, hugsanlega óhreinindi séu það mikil að smurolían kemst inn í brunahólf véla (t.d. með ventlafóðringum og ventlum sem eru óhreinir).

Ekki er óalgengt að þeir sem eiga bíl með vél sem brennir olíu séu að bæta reglulega á vélina og fara fram yfir smurtíma trúandi því að með því að vera alltaf að bæta nýrri olíu á vélina sé óhætt að fara fram yfir á olíuskiptum. Ódýrari lausn getur í mörgum tilfellum verið að skipta um smursíu, þá hreinsast vélin og smurolíubruninn hættir (smursía er oft ódýrari en lítri af smurolíu og í flestum tilfellum auðvelt að skipta um).

Vinnuvélar og drif

Í mörgum dráttarvélum (og öðrum vinnuvélum) er mikið af smurolíu sem í sumum tilfellum á að þola 500 vinnustundir. Persónulega finnst mér þetta fulllangur tími fyrir smursíuna og mæli ég með

Innihald olíusíu eftri 80 þúsund km akstur.

Dæmigerður litur á olíu á drifi sem vatn hefur komist í.

að á u.þ.b. miðju tímabili sé skipt um síu.

Verði menn varir við að viðvörunarljós um olíuþrýsting sé lengi að slokkna við ræsingu eða sjáist í hægagangi þegar vélin er heit sé vert að skoða hvort ekki sé tími fyrir smursíuskipti.

Drif eru varasöm á mörgum tækjum ef verið er í einhverju vatnasulli. Oftast er öndunartappi ofarlega á drifinu og ef farið er það djúpt í vatn að öndunin fer í kaf myndast sog af vatni inn á drifið þar sem að drifið er að kólna frá kulda vatnsins og myndar þannig sog. Auðvelt er í flestum tilfellum að skoða olíu á drifi á flestum vinnuvélum og jeppum með því að taka tappann úr og skoða olíu.

Bifvélavirki
Óskum eftir að ráða bifvélavirkja eða mann vanan bílaviðgerðum sem fyrst. Upplýsingar á staðnum.
ÞJÓNUSTUAÐILI
CHEVROLET
OPEL
Wir leben Autos.
Bifreiðaverkstæði Grafarvogs
Gylfaflöt 24-30 | 112 Reykjavík | Sími 577 4477

LEIÐANDI FRAMLEIÐANDI Í INNRÉTTINGUM FYRIR NAUTGRIPI
JOURDAIN
WORLD LEADER IN CATTLE TUBULAR
Pierre Olivier býður alla íslenska bændur velkomna á 800m² sýningarsvæði
JOURDAIN SIMA Paris dagana 22. – 26. febrúar 2015 – www.jourdain.fr
G. Skaptason, Starengi 13, 800 Selfoss. Sími 481 1020 gsm 893 4334, netfang: gskapta@internet.is
Sala og ráðgjöf Norðurland: Benedikt Hjaltason, Akureyri. Sími 894 6946, netfang: bigben@simnet.is

Lesendabás

Það er víða fallegt í Rangárvallasýslu. Hér er Hekla í baksýn. Mynd / HKr.

Árnesingar ferðist og fundi

Félag sauðfjárbænda í Árnessýslu hefur haldið úti hóflegri starfsemi undanfarin ár, þó svo að stórhugur hafi einstaka sinnum gripið um sig meðal stjórnarmanna.

Í vetur stendur einmitt þannig á fyrir okkur í stjórninni og nú stendur til að fara í ferðalag. Að þessu sinni hyggjum við á dagsferð, laugardaginn 28. febrúar, til að heimsækja bændur og búalið í Rangárvallasýslu. Ferðinni er heitið að Skarði í Landsveit, en þar er nýbyggt fjárhús og margt fé. Einnig langar okkur að heimsækja Heklubæina Hóla og Næfurholt. Verði ófært þangað finnum við okkur aðra ákvörðunarstaði.

Ferðaáætlun er á þá leið að langferðabifreið leggur af stað frá Reykholti í Biskupstungum kl. 8.30 árdegis, verður á Borg í Grímsnesi um kl. 9.00, við þjóðþrifafyrirtækið Matvælastofnun á Selfossi kl. 9.30 og við Skeiðavegamót kl. 9.45. Félagið greiðir fyrir farið. Gert verður ráð fyrir hádegisverði einhvers staðar í Rangárvallasýslunni, sem ferðalangar greiða úr eigin vasa. Heimferð síðdegis.

Allir þeir sem áhuga hafa fyrir sauðfé og félagsskap okkar sauðfjárbænda eru velkomnir í ferðina. Skráið ykkur í síma hjá Ágústi Inga á Brúnastöðum 899-5494, Trausta í Austurhlíð 865-9284, Sigríði í Arnarholti 822-8421 eða 486-8621 fyrir þriðjudaginn 24. febrúar. Það hefur enginn svo mikið að gera þennan dag að geta ekki komið með.

Annar viðburður er fram undan hjá Félagi sauðfjárbænda í Árnessýslu, en það er aðalfundurinn. Hann verður haldinn í Þingborg mánudagskvöldið 9. mars kl. 20.30. Fylgist með vefnum saudfe.is þegar nær dregur, til að sjá hvort við höfum fundið einhvern almennilegan fyrirlesara til að koma á fundinn. Kaffiveitingar í boði félagsins. Við eigum í vændum notalega kvöldstund í Þingborg, eins og svo oft áður.

Umhleypingunum hér sunnanlands hlýtur að linna hvað úr hverju. Sýnum hugrekki og spörum ekki heyin.

Bestu kveðjur frá Félagi sauðfjárbænda í Árnessýslu.
Sigríður Jónsdóttir Arnarholti.

Jöfnun kostnaðar við húshitun og dreifingu raforku

Víða á landsbyggðinni var mikið fjallað um jöfnun raforkukostnaðar fyrir síðustu kosningar. Flestir stjórnmálaflokkar og þar með talinn Framsóknarflokkurinn lagði áherslu á að jafna þennan kostnað.

Til þess að það náist til frambúðar þá þarf að endurskoða núverandi löggjöf hvað þetta snertir. Þessi stefna er mörkuð í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar en þar segir orðrétt: „Unnið verður að jöfnun raforku- og húshitunarkostnaðar.“ Til að þrýsta á framgang málsins þá hefur undirritaður ítrekað tekið málið upp, nú síðast í umræðum á Alþingi 2. febrúar sl.

Staða málsins er sú að iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur lagt fram frumvarp um jöfnun á dreifingarkostnaði raforku en það mál er nú í vinnslu á Alþingi og klárast nú á vorþingi. Frumvarpið gerir ráð fyrir að lagt verði sérstakt jöfnunargjald á þá raforku sem fer um dreifikerfi dreifiveitna með það að markmiði að standa undir fullri jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku til almennra notenda, þ.e. heimila og fyrirtækja sem fá raforku sína beint frá dreifiveitunum. Þetta þýðir að kostnaður við dreifingu raforku verður sá sami óháð því hvort viðkomandi er búsettur í þéttbýli eða dreifbýli.

Það er einnig réttlætismál að jafna raforkukostnað þeirra sem búa á köldum svæðum og þar hafa verið til skoðunar ýmsar leiðir. Ríkisstjórnin mun á næstu vikum leggja fram þingmál á Alþingi sem miðar að því að jafna að fullu húshitunarkostnað á köldum svæðum. Það er síðan mikilvægt að Alþingi nái að klára það mál nú á vorþingi þannig að

Ásmundur Einar Daðason.

þetta komist til framkvæmda sem fyrst.

Ríkisstjórnin mun jafna húshitunarkostnað á köldum svæðum og dreifikostnað raforku í dreifbýli. Það er mikilvægt að aðgerðirnar séu til frambúðar og að þær komist til framkvæmda fyrr en síðar. Með tilliti til byggðasjónarmiða og jafnræðis til búsetuvals, er ekki verjandi að verð á jafn mikilvægum nauðsynjum og rafmagni og húshitunarkostnaði skuli vera jafn breytilegur milli landsvæða og raun ber vitni.

Ásmundur Einar Daðason
alþingismaður
Framsóknarflokksins.

Framtíð Bændasamtaka Íslands

Um síðustu áramót voru 20 ár liðin frá því að Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda sameinuðust. Á Búnaðarþingi sem haldið var í mars 1995 var nýja félaginu valið nafnið Bændasamtök Íslands. Meginmarkmiðin með sameiningunni voru að gera félagskerfi bænda einfaldara og skilvirkara og efla samtakamátt bænda.

Starfsemi samtakanna var fjölþætt og lengst af hefur stjórn þeirra unnið að þeim markmiðum sem sett voru í upphafi en á síðustu árum hefur hún fjarlægst þau. Í staðinn hafa ráðið þar sjónarmið sem ekki eru til þess fallin að efla Bændasamtök Íslands.

Hinn 1. janúar 2013 var leiðbeiningaþjónusta BÍ og búnaðarsambandanna sameinuð í einkahlutafélag sem heitir Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Sú sameining varð kostnaðarsöm en vonandi leiðir hún til öflugrar leiðbeiningaþjónustu. Leiðbeiningaþjónustan var í réttum farvegi og óþarfi að gera svo róttækar breytingar á henni. Breytingin hefur neikvæð áhrif á félagskerfið því bæði búnaðarsamböndin og BÍ hafa færri verkefni og minni starfsemi en þau höfðu.

Á Búnaðarþingi 2014 var samþykkt ályktun sem heimilar stjórn BÍ að stofna einkahlutafélag um rekstur og eignir Nautastöðvar BÍ. Einnig heimilaði þingið stjórn BÍ að selja eignarhlut í félaginu til aðildarfélaga samtakanna. Um framgang ályktunarinnar má lesa í fundargerðum stjórnar BÍ og fundargerðum stjórnar LK. Samkvæmt því sem þar kemur fram þá hefur stjórn BÍ ekki stofnað einkahlutafélag eins og ályktunin gerir ráð fyrir. Þrátt fyrir það ætlar hún að selja meirihlutann af eignum og rekstri Nautastöðvarinnar til félags sem Landssamband kúabænda hefur stofnað, ef Búnaðarþing samþykkir það.

Meðferð þessa máls er vandræðaleg fyrir stjórnir BÍ og LK meðal annars vegna þess að Guðný Helga Björnsdóttir á sæti bæði í stjórn BÍ og stjórn LK og er þess vegna vanhæf til að fjalla um málið.

Það má síðan öllum sem til þekkja vera ljóst að stjórn LK vill að leiðbeiningaþjónusta og kynbótastarf í nautgriparækt flytjist til Landssambands kúabænda. Í málflutningi þeirra kemur einnig fram að stefnt sé á innflutning erlends kúakyns. Það er fátt sem mælir með því að BÍ selji eignir og rekstur Nautastöðvar BÍ til Landsambands kúabænda enda jafngildir það stuðningi við framangreind atriði.

Félagskerfi landbúnaðarins var til umfjöllunar á Búnaðarþingi 2014 og um það var ályktað. Markmið ályktunarinnar var að finna leiðir til að fjármagna samtök bænda og koma með tillögur að fulltrúafjölda einstakra aðildarfélaga á Búnaðarþingi. Til að vinna að framgangi málsins var skipaður vinnuhópur. Í ályktun Búnaðarþings segir að tillögur vinnuhópsins skuli kynntar bændum og aðildarfélögum BÍ fyrir lok október 2014 og lagðar fyrir Búnaðarþing 2015.

Tillögur vinnuhópsins voru kynntar á fundi formanna aðildarfélaga BÍ þann 25. nóvember sl. Um þær þarf ekki að hafa mörg orð því þær eru ónothæfar og til þess eins fallnar að valda togstreitu og deilum. Verði þær samþykktar gæti það orðið banabiti Bændasamtaka Íslands.

Ég fer fram á að tillögur vinnuhópsins verði birtar sem fyrst í Bændablaðinu svo bændur geti kynnt sér efni þeirra.

Bjarni Ásgeirsson
bóndi, Ásgarði Dalasýslu

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300
Hafa áhrif um land allt!

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | Netfang: augl@bondi.is | Veffang: www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
Verð: Textaauglýsing kr. 1.900 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 4.900 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 12:00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.

Ert þú fædd(fæddur)
1945?
ef svo er þarftu nýtt ökuskírteini
með nýrri mynd. Ég gæti
tekið hana fyrir þig !

Jóhannes Long, ljósmyndari
Laugavegi 178, Bolholtsmegin
sími 552-2705 - gsm 8927404
jlong@ljosmyndarinn.is

Þessi frábæri strandveiði bátur er nú til sölu á góðu verði.
Tilbúinn til veiða
Frekari upls:
s:8945435 4567511



1. mars kemur út nýtt tímarit Bændablaðsins

Pöntun auglýsinga á ehg@bondi.is eða í síma 563-0303

Til sölu notaðir vörukassar, gætu nýst sem geymslur. Frekari uppl. í síma 893-1255.

Til sölu Land Rover Defender árg. '99. Bíll í toppstandi. Frekari uppl. í síma 862-6410.

Háþrýstibúnaður fyrir heitt vatn. Þrýstingur allt að 500 Bar @ 30 L / min. Hákonarson ehf., netfang hak@hak.is eða í síma 892-4163, www.hak.is

MMC L200, árg ´04. Ekinn 226 þ.km. Nýskoðaður. Verð 990 þús. í skiptum eða tilboð. Ýmis skipti koma til greina. Uppl. í síma 861-4030 eða á brekkubrun9@gmail.com

Til sölu Patrol, árg. ´00, ek. 186 þ. Góður bíll með 35" breytingu. Hefur fengið toppviðhald. Verð 1.000.000. Uppl. í síma 869-3242.

Til sölu MC 115, árg '02, ek 4000 tíma, dekurvél sem hefur alltaf verið geymd inni og fengið toppviðhald. Verð 4.5 + vsk. Uppl. í símum 899-6186 og 869-3242.

Til sölu er Ford Focus C-Max, árg. ´04, ekinn 122 þús. km. Bensín, 5 dyra og bsk. Hiti í sætum og framrúðu, geislaspilari, rafdrifnar rúður, vökvastýri, samlæsing og ABS-hemlar. Er á negldum dekkjum, sumardekk fylgja. Verðhugmynd 875 þús. Uppl. í síma 893-2761.

Getum útvegað þessi tæki í mörgum útfærslum og stærðum. Ryðfrítt stál eða ál, þola 120° hita. Fjölnota tæki sem eru hraðvirk og skila 100% vinnu. Sumar útfærslurnar gætu hentað vel í þrif á gólfum í gripahúsum. Hákonarson ehf. netfang: hak@hak.is, uppl. í síma 892-4163, www.hak.is

Væntanlegar Deutz/Stamford rafstöðvar, gott verð og toppgæði. Seljum einnig túrbínur og smávirkjanir, www.holt1.is eða í símum 435-6662 og 895-6662.

Brynningartæki. Úrval af brynningartækjum frá kr.5.900 m.vsk. Brimco ehf. www.brimco.is Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið kl.13.00-16.30.

Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. Sími 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13.00-16.30.

Cemtec sænskar skeifur og fjaðrir. Frábærar vörur framleiddar skv. reglum FEIF. Leitun að betri verðum. Afsláttur ef keypt er í magni. Sendum um land allt. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið frá kl.13.00-16.30. www.brimco.is

Til sölu Isuzu crew cap dlx, 3.1 dísel, árg. '97, ekinn 350.000 km. Verð kr. 350.000. Óska einnig eftir dekkjum undir Toyota Landcruiser 90 óbreyttur, stærð 265/70r16 eða 246765/75r16. Uppl. í síma 690-5461.

Airrex geislahitarar, byltingarkend nýjung, nýtast til húshitunar ofl. Stærðir 1.kw-23kw. Uppl. hjá JHM Sport í síma 567-6116 og á www.airrex.biz

Frábærir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða nær óbrjótanleg. Léttir og skemmtilegir. Sjá myndband á www.brimco.is . Verð kr. 9.885,:- m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið frá kl.13.00-16.30.

Kálfafóstra fyrir frjálsan aðgang kálfa að mjólk, annar allt að 30 kálfum, ryðfrí með hitastýringu og hræru. Verð frá 299.000 m/vsk. Uppl. í símum 650-5100 og 844-5586.

Nissan Patrol GR dísel, árg. '05, ekinn 200.000 km. Þjónustubók með upplýsingum frá upphafi. Góð dekk. Verð 2,1 m. Í eigu Búnaðarsambands Eyjafjarðar frá nýskráningu. Uppl. í símum 460-4477 og 863-1356, Sigurgeir.

Til sölu MF 390 T, árg. '90, notkun 5900 vinnust. Uppl. í síma 894-0218.

Trésmíðavélar til sölu, vélarnar voru í Dröfn í Hafnarfirði. Öflug límpressa, borðsagir, Stór bandsög, þykktarhefill og afréttari. Uppl. á voov@internet.is og í síma 660-9669.

Sláturfélag Suðurlands kynnir vörur fyrir nautgripi

Kálfaeldisfóður SS

Styður vel við vöxt og þroska kálfa. Inniheldur fjölbreytt hráefni með góðan lystugleika. Gott jafnvægi vítamína, stein- og snefilefna.

Nautaeldisfóður SS

Próteinrík en orkusnauð kjarnfóðurblanda sem hentar vel síðustu mánuði eldis. Án erfðabreytts hráefnis. Fjölbreytt og lystugt hráefni.

Yea-Mix

Bætiefnablanda hönnuð fyrir íslenskar kýr. Inniheldur Yea-Sacc lifandi ger. Eykur vambarheilbrigði og bætir örveruvirkni. Inniheldur lífrænt selen og náttúrulegt E-vítamín.
Dregur úr júgurbólgum og föstum hildum. Lækkar frumutölu í mjólk. Eykur niðurbrot á tréni og átgetu.

Vitlick Winter

Vitlick High-Mag

Bætiefnafötur fyrir mjólkurkýr. Hátt seleninnihald. Stein- og snefilefnaríkar. Innihalda A-, D- og E-vítamín.
Vitlick Winter hentar afar vel með vetrarfóðrun.
Vitlick High-Mag inniheldur meira af magnesíum.

Sláturfélag Suðurlands
Fosshálsi 1 • Reykjavík
Simi 575 6000
www.ss.is

Til sölu Toyota Landcrusier 90 vx diesel common rail, ekinn 270 þúsund, einn eigandi, verð 1690 þús. 33 tommu. Uppl. í síma 894-2606.

Geymslutjald til sölu. 150 fm. Röder 75 Alu gerð. Lengd 20.0m x Br. 7,5m. hæð 4,85 m og vegghæð 3,5 m. Gott skjól. Uppl. í síma 861-3840.

Til sölu Traktorsgrafa Fermec Viking 965, notuð 6200 tíma. Er á jafnstórum dekkjum að framan og aftan. Er á keðjum og með snjóskóflu og er klár í snjómokstur. Vélin getur verið fjórhjólastýrð. Vélin er 8,2 tonn. Verð 3.500.000 + vsk., engin skipti koma til greina. Ástand vélar á skalanum 1 til 5 væri 3,5. Staðsett á Akureyri. Leó Fossberg, símí 897-5300 eða á orlofshus.is@simnet.is

Fjórar Gröfur til sölu JCB 3CX ´03 Verð: 3290 þ. + vsk., Case 695SLE ´06. Verð: 5.9 m + vsk. CAT 442 ´05. Verð 6 m + vsk. Hanix H36C ´07 beltagrafa 3,5 tonn. Verð 3.9 m + vsk. Uppl. í síma 894-8620.

Til sölu Ford 6610. Árg. ´84. 82 hestöfl. 6.250 vinnust. Verð 1.490.000 kr. án vsk. Kraftvélar ehf. Símí 535-3500 og á www.kraftvelar.is

Útvegum allar stærðir af túrbínum og rafölum til virkjana. Vélaverkstæðið Holti www.holt1.is og í síma 895-6662.

Dodge Ram 2500, ek 140 þ. árg,´05, ný dekk, upptekin skipting, nýtt í bremsum, gott eintak. Verð 2790.000,-. Uppl. í síma 896-2772.

Til sölu Mercedes Benz Sprinter 413., árg´04, ekinn 130 þús. km., bssk. dísel. Verð 1990 + vsk. Uppl. í símum 896-8050 og 691-6801.

Harðbotna slöngubátur, Parker 900 Baltic, 2007 árgerð. 2 X 225 Mercury Optimax. Hægt að breyta í farþegabát. Nánari uppl. á www.hssk.is/stefnir

MB Sprinter 412 4x4 rúta, árg ´00, bsk., Ekinn 245 þús. km. Splittað drif og millikassi, 16+1 farþega. Hár toppur AC, ísskápur, olíumiðstöð og lofthurð, Nýleg dekk, Gott viðhald. Óska eftir tilboði. B. Sturluson ehf. í síma 577-1189 og á www.trucks.is

Vinnulyfta Octo Pussy 12, bensín og rafmagn. 3.000.000. Háþrýstidæla Oertzen 312 profi, rafmagn. 200.000. Solo 161 hekkklippur, bensín. 40.000. Flex gifsslípivél + ryksuga. 180.000. Craco 1095 málningarsprauta. 180.000. Masse Ferguson 35 x, árg.´58, ásamt slatta af varahlutum. 200.000. Uppl. í síma 893-2673.

Til sölu vel útbúinn og lítið keyrður sendibíll. DAF-L45-220 Árg. ´07, ekinn 115.000 km. Heildarþ: 10 Tonn. Burðargeta: 4,020 kg. Lyfta: DHOLLANDIA Lyftigeta: 2000 KG. o.m.fl. Ef þú hefur áhuga. Uppl. í síma 893-7769 eða á slindal@itn.is

Til sölu rafstöð 3.0 KW. Ónotuð. Uppl. í síma 860-0222.

Tilboð - 1200 þús! Isuzu Crew cab D-max, árg. ´06, ek. 200 þús. 5 gíra, dísel, dráttarkúla, vetrar- og sumardekk, sk. 2016. Verð 1.200.000 kr. Engin skipti. Uppl. í síma 892-7687.

Snjósleðakerra til sölu ásamt Polaris Indieclassic 500 sleða. Uppl. í síma 892-9610.

Mercedes-Benz Sprinter 416 Cdi, ssk, spólvörn. Nýskráning 6, árg. ´04, akstur 223 þ.km. Næsta skoðun 2015. Verð 1980 þús. Nánari uppl. í síma 899-9485.

Til sölu vörubílar,vinnuvélar og annað tengt landbúnaði sem og annari atvinnustarfsemi. Sjá á http://steintak.is/augl.php?fl=24 Uppl. í síma 770-2400 eða á steintak@simnet.is og http://steintak.is/

Spennandi tækifæri. Til sölu fjórhjólaleiga og allur búnaður sem henni tengist. Tilbúin hvert á land sem er, góð viðbót við aðra ferðaþjónustu eða ein og sér. Auðveld kaup. Uppl. í síma 864-3795, Pétur eða í síma 898-4670, Gunnar.

Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt) www.sogaenergyteam.com - Stærðir : 10,8 KW – 72 KW. Stöðvarnar eru með eða án, AVR (spennujafnara). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði, td. Mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum ofl. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum, fyrir magndælingu á, vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" – 3" – 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar : rafmagn, bensín / diesel, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur.Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak

Vökvunarbúnaður fyrir ræktunarsvæði í mörgum útfærslum. Sjálfvirk slöngukefli eða lausar slöngur með kúplingum. Sjálfsogandi traktorsdrifnar dælur. Bensínknúnar dælur með Honda mótorum, allt að 4" díseldrifnar dælur í mörgum stærðum. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Vökvaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og dráttarvélar. Sjálfsogandi dælur sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig Centrifugal dælur með mikinn þrýsting, allt að 10 BAR. Stuttur afgreiðslutími, hagstætt verð og örugg þjónusta. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com - Aflgjafar; rafmagn, Hondabensín, Yanmardísel, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Háþrýstibúnaður fyrir stíflulosun í skolp og drenrörum. Getum útvegað þennan búnað í mörgum útfærslum og styrkleikum. Fyrir rör frá 30 mm upp í 900 mm. Háþrýstilöngur allt að 150 metrar á lengd, 3/8" , ½" , 5/8" , ¾" . Bensín / diesel, vatnsflæði allt að:132 L / min @ 3000 Psi. Búnaður á sérsmíðuðum vagni með þrýstibremsum eða á stálgrind. Búnaðurinn hentar einnig vel fyrir öflugan háþrýstiþvott. Vandaður og hentugur búnaður, fyrir sveitafélög og verktaka. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Extech mælitæki í úrvali. Rafmagnsmælir og ampertöng í tösku, kr. 20.866. Rakamælar - Hitamælar frá kr. 6.777. Hljóðmælar kr. 37.540, o.m.fl. Ísmar, Síðumúla 28, símí 510-5100, www.ismar.is

Sparaðu áburð og olíu. GPS leiðsögutæki landbúnaðarins tryggir rétta áburðardreifingu og getur sparað olíukostnað. Ísmar, Síðumúla 28, símí 510-5100, www.ismar.is

Vagnasmiðjan auglýsir. Erum að selja síðustu 2 Hardox-pallana á útsöluverði. Lýsing, myndir, myndband og teikningar á www.vagnasmidjan.is Framleiðum skúffur, (palla). Uppl. í símum 898-4500 og 894-6000. Vagnasmiðjan ehf. Eldshöfða 21, Rvík.

Útvegum varhluti í Zetor á hagstæðu verði. Kraftvélar ehf. Símí 535-3500 og á www.kraftvelar.is

Liebherr L507 Speeder hjólaskófla
2005 árg.
Skófla, gaflar og hraðtengi.
Snyrtileg og vel með farin vél.
Verð 4,3 m + vsk

Liebherr R914 beltagrafa
2008 árg. 8.000 vst. 24 tonn
Skófla, hraðtengi, smurkerfi, hamar- og tiltlangir.
Verð 9,9 + vsk

Yanmar Vio57
2014 árg. 6 tonn
Steelwrist rótortil og 3 skóflur.

Ný Yanmar SV18 smágrafa
1,95 tonn
Lehnhoff Powertilt og 3 skóflur

Weber jarðvegsþjöppur og hopparar til á lager

Tsurumi-dælur í miklu úrvali

Uppl. í síma 660-6051.

MERKÚR
merkur.is

Smáauglýsinga-síminn er:

563 0300

Eldri blöð má finna hér á PDF:

Bændablaðið

Framleiðum krókheysisgrindur með eða án gámalása. Grunnaðar og/eða málaðar. Gott verð. vagnasmidjan.is - Eldshöfða 21 Rvk. Uppl. í símum 898-4500 og 894-6000.

Metar-Fact taðdreifari, 6 tonna. Búvís ehf. Sími 465-1332.

Weckman 6,5 tonna sturtuvagn. Verð kr. 1.195.000,- með vsk., (með lægri skjólborðunum). H. Hauksson ehf., Sími 588-1130.

Taðklær. Breidd 150 cm kr. 239.900.- án vsk. Breidd 180 cm kr 269.000.- án vsk. Búvís ehf. Sími 465-1332.

Haughrærur galvaníseraðar með eikarlegum. Búvís ehf. Sími 465-1332.

Lemigo Stígvél. Létt, stöðug og slitsterk. Tilvalin í göngur og haustverkin. kr. 7.990.- með vsk. Verslunin Skógar Egilsstöðum og Búval Kirkjubæjarklaustri. Búvís ehf. Sími 465-1332.

Kranzle þýskar háþrýstidælur í úrvali. Búvís. Uppl. í síma 465-1332.

Palmse malarvagn, fjaðrandi hásingar og beisli, burðargeta 18 tonn. Búvís ehf. Sími 465-1332.

Til sölu Musso, árg. ´00, 2,9 dísel, ekinn 294 þús., er á 35“ dekkjum. Verð 450 þús. Uppl. í síma 861-4240, Ómar.

Til sölu Musso, árg. ´98, 2,9 5 cyl, dísel, ekinn 285 þús., er á 35“ nýlegum dekkjum. Verð 550 þús. Uppl. í síma 861-4240, Ómar.

Traktorsdrifinn trjákurlari. Aflþörf 25 – 60 hö. Stillanlegt frálag. Vökvaknúinn matari. Hraðastilling á matara. Hæðarstilling á fótum. Tekur allt að 20 mm Ø. Nánari uppl. í síma 824-6610.

RAG import - export

Fliegl Mykjudreifarar

Flygel skítadreifarar. En hægt að afgreiða vagna fyrir vorið. RAG Import Export, Helluhrauni 4, Hafnarfirði. Uppl. í símum 565-2727 og 892-7502 eða á rag.is og rafn@rag.is

RAG import - export

JCB 3CX, árg. ´03, notuð 6000 vst. Verð: 3290 þ. + vsk. Uppl. í síma 894-8620.

Sumarhús, 35 fm., í Húsafelli til sölu. Rúmlega fokheldur, á besta stað, heitt og kalt vatn, rafmagn ofl. Verð 5,9 m. Skipti möguleg. Uppl. í síma 896-5001.

BOGS stígvélin eru mjúk og hlý. Þola frost. Renna ekki í hálku. Sterkur og góður sóli. Stærðir upp í 48. Actacor ehf. Uppl. í síma 899-6400.

Er rafhlaðan dauð? Endurnýjum alla rafhlöðupakka fyrir borvélar og önnur tæki. Rafhlöður eldvarnir ofl. Sjá www.fyriralla.is eða í síma 899-1549 eftir kl. 17 og um helgar.

Weckman flatvagn / rúlluvagn. Verð kr. 1.960.000,- með vsk. H. Hauksson ehf., Sími 588-1130.

Hljómsveitin Útlagar leika fjölbreytta danstónlist. Hafðu samband og kynntu þér málið. Uppl. gefa albert.ingason@gmail.com og gitarinn@gitarinn.is

Til sölu kranavigt. Uppl. í síma 893-1229.

Cherokee Laredo 03 V8, bensín. Mjög vel með farinn. Ný vetrard, nýjar bremsur og diskar að framan. Ek. 114 þ. míl. vh. 950 þ. Uppl. í síma 699-2878.

Til sölu MAN 26.502, árg ´98, Skipti mótor 362 hp, á fjöðrum, Ekinn 329 þús. Glussakerfi. Verð 1.7 m + vsk. B. Sturluson ehf. Uppl. í síma 577-11 89.

Vatnshitarar fyrir háþrýstiþvott. Max þrýstingur: 200 Bar, 250 Bar, 500 Bar. Vatnsflæði: 15 L / min, 25 L / min. Max hiti á vatni: 140°. Hákonarson ehf., Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is og á www.hak.is

Notaðir mjólkurtankar. Eigum og útvegum 3-5000 lítra notaða Mueller mjólkurtanka yfirfarna og með árs ábyrgð. Frekari uppl. veita sölumenn í síma 480-0400.

JÖTUNN VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Til sölu

Til sölu Master hitablásari lítið notaður. Uppl. í síma 892-5021.

Þriggja fasa spennir til sölu. 9000 VA 3x220/3x380. Kjörinn fyrir þá sem eru bara með 220 v en þurfa 380 v. Yfirfarinn af Spennubreytum. Verð kr. 100.000,- Frekari uppl. í síma 896-8978.

Fimm h. eignarlóð með 30 fm. steyptum grunni. Er til í að skipta á lítilli íbúð á Reykjanesi eða annars staðar. Nissan double cab, árg.´00 m. pallhúsi, 350 þús. Vagn á fjöðrum, 2x6, á ágætis sturtuvagnsdekkjum, 130 þús. Tjaldvagn sem fín farangursgeymsla, 110 þús. Zetor 6718, 150 þús. Massey Ferguson 35, þriggja sílendra,135 þús. Zetor 3511, verð 135 þús. Ursus 40 h, þarfnast viðg., verð 100 þús. Ford dráttarvélakúluhús, 75 þús. Sturtuvagn 50 þús. Vikon Lily diskasláttuvél, er biluð, verð 75 þús. 120 fm. einbýlishús og 50 fm. bílskúr í hjarta Rangárþings. Tilboð óskast. Uppl. í síma 865-6560.

Tromlusláttuvél til sölu. PZ 165 í þokkalegu lagi og talsvert endurnýjuð. Nýlegar reimar ofl. Verð 180.000. Uppl. í síma 696-8902.

Til sölu rúlla á bretti með 500 m af 8 m breiðu 180 my Agriclear Eva plasti fyrir gróðurhús. Selst í einu lagi á góðu verði. Hýsi – Merkúr hf., sími 534-6050 eða á www.hysi.is

Til sölu notaðir varahlutir í Mazda, Renault, Peugeot 307, Volvo S40,Ford Focus, mikið til af góðum hlutum í þessar tegundir, kaupum Mazda og Renault til niðurrifs. Fossbílar, bílapartasala, góðir varahlutir á góðu verði Uppl. í síma 774-7774 eða á flipp61@gmail.com

Olíumiðstöð, Webasto DBW2010, 11,6 kw tekur 60 w. í rafmagni, 24 v. Hitar vatn hentar í litla rútu. Uppl. í síma 862-1018.

Saumavélar til sölu. Tvær gamlar beinsaumsvélar og skábandsvél, iðnaðarvélar. Seljast ódýrt. Uppl. í síma 863-1315, Bylgja.

Musso jeppi, árg.´98. Aðeins ekinn 120 þús. km. Á góðum dekkjum, nýlegt púst. Tilbúinn í slaginn. Verð 300 þús. Uppl. í símum 554-2653 og 866-3175.

Til sölu Krone 360 miðjuhengd sláttuvel, árg. '13. Einnig Toyota Hilux, árg. '98, á 38" dekkjum, dísel og er dobbel cab, ekinn 215.00 km. Uppl. í síma 898-8357.

Til sölu vatnshitablásari með veggfestingum, Danfoss hitastýring, hitamælir og segulloki. Verð 50 þús. Einnig til sölu vel með farin bílkerra, Daxara 218, hægt að fella niður bæði fram- og afturhlera. Burðargeta 750 kg. Verð 150 þús. Kostar ný 267.990 kr. Uppl. í síma 820-4511.

Nissan Patrol, árg. ´96. Ekinn 340 þús. Verð: 400 þús. Uppl. í síma 824-2933.

Hertrukkur, 200 þús. Traktorsgrafa, 200 þús., þarfnast viðgerðar. Gömul Scania tveggja hásinga, 300 þús. Uppl. í síma 865-6560.

Til sölu Hobart 5216 kjötsög með þriggja fasa mótor, lítið notuð, er á hjólum. Uppl. í síma 849-6748.

Bækur fyrir bændur og búalið - bokin.is

Til sölu vinnuskúr með góðri rafmagnstöflu. Er á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í síma 863-9774.

Til sölu 2 folar undan Gróða frá Naustum, Snæf. 4 og 5 vetra. Báðir brúnir, efnilegir folar. Uppl. í síma 856-1821.

Til sölu overlock iðnaðarsaumavél, Juki Mo-2414. Lítið notuð. Verð 200 þús. Uppl. í síma 435-1388.

Þvottavélar, þurrkarar og vélar til notkunar í efnalaug og ýmsir lausir munir til sölu. Uppl. í síma 435-1388.

Til sölu snjóblásari, SCHULTE 9600 frá Þór, breidd 2,43, aflþörf 100 hestöfl, gott ástand. Einnig 2,5 m. breiður fjölplógur. Uppl. í síma 894-3000.

Til sölu Isuzu Trooper, árg. ´99, ekinn 294 þús. Ásett verð 550 þús. Skoða skipti á öllu ódýrara, t.d. folald í haust. Uppl. í síma 893-7050.

Parketundirlegg. 3 mm parketsvampur á lager. Verð kr. 200 per fermeter án vsk. Eikin ehf. Kleppsmýrarvegi 8, sími 577-2577, eikin@eikin.is

Ódýru furugólfborðin komin aftur. Verð kr. 2.500 per m2 án vsk. Pantanir óskast sóttar. Eikin ehf. Kleppsmýrarvegi 8, sími 577-2577, eikin@eikin.is

Kúlupanell, 14mm, kominn aftur. Breidd 95 og 120 mm. Verð 1.860 kr. per m2 án vsk. Eikin ehf. Kleppsmýrarvegi 8, sími 577-2577, eikin@eikin.is

Gæðingur til sölu: Toyota HiLux Extra Cap, árg.´91. Beinskiptur og 33" nýleg dekk. Profíltengi aftan og framan. Plast í palli. Vél ekin 180 þús. Skrnr. VX 793. Bíll með góða reynslu. Verð: 550 þús. stgr. Uppl. í síma 898-2514.

MMC Pajero GLS 2.8, árg.´00, ekinn 219 þús. Bíllinn þarfnast lagfæringar. Varahlutabíll getur fylgt. ´98 árg. Einnig þriggja hesta Haumbaur árg.´04. Uppl. gefur Óli í síma 895-1367.

Til sölu Sony heimabíó, 2+1. blu-ray, útvarp, CD, DVD, 3D, fjarstýring, Allt í toppstandi. Kostar nýtt í Nýherja 80 þ., selst á 45 þ. Uppl. í síma 692-3457.

Heyrúllur til sölu frá síðasta sumri og líka eldra, er í Flóahreppi. Uppl. í síma 862-7532.

Vantar þig tækifærisgjöf ? Á til nýsmíðaða spunarokka úr maghony. Albert Sigurjónsson í síma 893-7826.

Weckman þak-og veggstál. Dæmi um verð; 0,5 mm galv. Verð kr. 1.190 m2 0,6 mm.galv. Verð kr. 1.560 m2 0,45mm litað. Verð kr. 1.570 m2 0,5 mm litað. Verð kr. 1750 m2 Afgreiðslufrestur 4 - 6 vikur H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.

Fjárhúsmottur tilboð Verð kr. 9.350 stk. með virðisaukaskatti. Þykkari gerðin H. Hauksson ehf., Sími 588-1130.

Benz húsbíll 409, árg.´87. Með markísu, fortjaldi og sólarsellu. Svo til á nýjum dekkjum. Er í góðu lagi. Uppl. í síma 861-3715.

Til sölu orginal dekk og felgur á Can-Am fjórhjól. Ekið 2000 km. Verð kr. 90.000. Uppl. í síma 894-0920.

Tveggja hesta kerra til sölu. Uppl. í síma 897-4054.

Timbur í fjárhúsgólf 32 x 100 mm. Verð kr. 245 lm með vsk. 38 x 100 mm. Verð kr. 290 lm með vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.

Óska eftir

Setur um Gamla barnaskólann, Skógum, Fnjóskadal, leitar til fólks sem býr yfir gömlum ljósmyndum af fyrrum nemendum barnaskólans Skógum og væri tilbúið að gefa afrit. Myndirnar mættu vera fermingarmyndir eða hverslags myndir sem teknar voru af þeim í lífi og starfi. Frekari uppl. gefa Sigrún í síma 899-010 og Agnes símí 849-8902. Eins leitum við eftir munum og myndum er tengjast barnaskólanum (s.s.handverk, skólabækur, stílabækur) eins gömlum símum, póstkorti, póstlúðri og tösku (greiðsla í boði) fyrir póst og símhluta hússins. Uppl. í síma 849-8902 eða sendið fyrirspurn á aggatota@simnet.is

Óska eftir hitablásara fyrir heitt vatn með viftu. Einnig handdregnum vörulyftara sem lyftir vörubrettum í rekka. Uppl. í síma 892-0808.

Óska eftir sturtuvagni 3-6 tonna. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. gefur Einar í síma 899-7375.

Óska eftir að kaupa Massey Ferguson MF 135, MF 165, MF 185, MF 362, MF 365, MF 375, MF 390 og MF 399. Uppl. í síma 864-2484.

Karlmaður, 62 ára, óskar eftir vinnu á suðvesturhorni landsins. Er vanur sveitastörfum og er laginn við að gera við vélar. Hef meirapróf. Uppl. í síma 861-3152.

Kaupi allar tegundir af vínylplötum. Borga toppverð. Sérstaklega íslenskar. Vantar 45 snúninga íslenskar. Staðgreiði líka vínylplötusöfn. Uppl. gefur Óli í síma 822-3710 eða á netfangið olisigur@gmail.com

Óska eftir trjákurlara með sjálfstæðan mótor sem hægt er að hengja aftan í bíl. Þyrfti að ráða við allavega 15 cm þykka boli. Uppl. í síma 893-6103.

Skotbómulyftari óskast til kaups, má vera gamall en helst í þokkalegu ástandi, einnig er hugsanlegt að kaupa góðan lyftara. Uppl. í síma 774-7774.

Smáauglýsinga-síminn er:
563 0300

Atvinna

Par frá Litháen, Greta, 23 ára og Edvinas, 27 ára, leita að starfi á Íslandi, helst á sveitabæ. Þau hafa ökuréttindi og góða enskukunnáttu, tala einnig dönsku og eru áhugasöm að læra íslensku. Hafa reynslu af vinnu á kúabúi. Geta hafið störf strax. Uppl. í síma 852-0991 og á dnsedvinas@gmail.com

Miroslav, 27 ára gamall, frá Slóvakíu óskar eftir starfi í sveit á Íslandi. Hann hefur reynslu af sveitastörfum og hefur numið til dýralæknis. Er með bílpróf og talar ensku ásamt örlítilli þýsku. Uppl. á miroslav.urban23@gmail.com

Óska eftir að ráða manneskju til starfa á ferðaþjónustubæ á Suðurlandi. Um er að ræða öll almenn störf, æskilegt er að umsækjandi hafi góða enskukunnáttu, sé tölvufær, hafi góða þjónustulund, hafi frumkvæði til verka og ánægju af eldhústörfum. Uppl. í símum 840-1574 og 567-0045. www.hjardarbol.is

Óska eftir að ráða starfsmann á blandað bú, (aðallega kýr), á Vesturlandi, til almennra landbúnaðarstarfa. Allar uppl. í síma 893-7616, Kristinn.

Einkamál

Póstkort - Póstkort! Langar þig að fá sent póstkort einhvers staðar í heiminum? Skráðu þig á www.postcrossing.com - Þú sendir og færð sent.

Óska eftir að kynnast góðri konu 50+, helst á Eyjafjarðarsvæðinu, með vináttu og jafnvel meira í huga. Hef gaman af mannlegum samskiptum Uppl. í síma 462-1176.

Hæ Hæ. Ég er myndarlegur maður á fimmtugsaldri, tveggja barna faðir, óska eftir að kynnast konu á aldrinum 30-45 ára með samband í huga. Uppl. í síma 788-8670.

Húsnæði

Búslóðageymsla Norðurlands, Ólafsfirði, geymir á eurobrettum vafið plastfilmu, 3000 kr. brettið. Uppl. á midlarinn@midlarinn.is eða í síma 892-2074.

Leiga

Vantar sveitabæ til leigu í innan við tveggja klst. keyrslu frá Rvk. til að setja upp kennslumiðstöð fyrir vistræktaraðferðir (permaculture). Munum auka verðmæti leigulands. Uppl. á tofrar.com eða á permamoli@gmail.com

Spádómar

Andleg leiðsögn, spádómar, draumaráðningar og fyrirbænir. Er við eftir hádegi í símum 555-2927 og 847-7596, Hanna.

Þjónusta

Málningar- og viðhaldsvinna. Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf., Sigurður í síma 896-5758 og á siggi@litidmal.com

Vantar þig aðstoð við bókhaldið, ársreikninginn, vaskinn eða skattaskýrsluna? Hafðu þá samband í síma 892-3028. Ragnhildur, viðurkenndur bókari.

Hönnuður, húsasmíðameistari, byggingastjóri taka að sér teikningar, tilfallandi smíðar og e.t.v. byggingastjórn. Fyrirfram umsamin verð eða tímavinna. Uppl. hjá Birni í síma 869-2159 eða á bj.orn@internet.is

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission Akureyri, email einar.g9@gmail.com, Einar G.

Eldri blöð má finna hér á PDF:

Bændablaðið

Lausn krossgátu á bls. 31

MYND: ZAIRON (CC BY-SA 3.0)

				7	SLUMPUR	KRYDD-BLANDA	GUBB / FRAM-VEGIS	Æ		SNÍKJUR / FLÝTIR	S	SLÍMDÝR	NÚMER TVÖ / HALDA BROTT	A
				DULNEFNI	S	K	Á	L	D	A	N	A	F	N
				HANGA / BRAK	L	A	F	A	ÁSAMT / TVEIR EINS	S	A	M	A	N
				M	A	R	R	KRYDD / NÁÐ	P	I	P	A	R	A
				TRAÐK	T	R	A	M	P	KIND	KRÁ / HLJÓÐFÆRI	B	A	R
	F	KEYRA / ÚTMÁ	A	KLUKKU-STUND / KNÆPA	T	Í	M	I	IÐKA / TVEIR EINS	Æ	F	A	ÞAKBRÚN	FÆÐU
FLÍK / BOR	J	A	K	K	I	KJÖKUR	BLUNDA / ROTNA	L	Ú	R	A	KRINGUM / AFSPURN	U	M
N	A	F	A	R	TRÚAR-BRÖGÐ / LEGGJA AF	V	Ú	D	Ú	IM / BÓK-STAFUR	G	U	F	A
RÓMVERSK TALA / KLÚRYRÐI	L	M	ÁTÖLUR / LENGDAR-EINING	Á	M	Æ	L	I	NÁÐIR / PARTA	K	O	M	S	T
K	L	Á	M	LOGA / GÆFA	E	L	D	MÁTA / ÁMÆLA	H	Á	T	T	AF-FERMING	AFÞÍÐA
	L	SKÖRP BRÚN / AKFÆRI	E	G	G	HOLU-FISKUR	N	Á	L	HNAPPUR / KYRRÐ	T	A	L	A
SAM-KVÆMT	E	F	T	I	R	SÍLL / SKÍTUR	A	L	U	R	HRÓS / SVÖRÐUR	L	O	F
UNDIR-FLÍK	N	Æ	R	F	A	T	FRUMEIND / ÓNEFNDUR	A	T	Ó	M	ÆTÍÐ / GRÍSKUR BÓKSTAFUR	S	Í
FUGLA-SKÍTUR / HJÁ	D	R	I	T	SVARA	A	N	S	A	NÚMER TÖNVERKS	Ó	P	U	S
V	I	Ð	HAMINGJA	A	U	Ð	N	A	GRÁTA	H	R	Í	N	A

fremstir fyrir bragðið

Taktu þátt í að framleiða vinsælustu kjötvörur landsins

Óskum eftir afurðaviðskiptum við bændur til að framleiða meira af úrvals kjötvörum

Frá árinu 1907 hefur SS fært á borð landsmanna gæða kjötvörur unnar úr gripum sem notið hafa gæða náttúru landsins og metnaðar bænda til að skapa úrvals hráefni.

Við leggjum áherslu á góða þjónustu við bændur og vönduð flutningstæki.
Nánari upplýsingar og sláturpantanir eru í stöð félagsins á Selfossi í síma 480 4100

SS var stofnað árið 1907 og er samvinnufélag búvöruframleiðenda. Það er markmið SS að vinna úr afurðum bænda úrvals vörur með hagkvæmum hætti neytendum til hagsbóta en með því stuðlum við að samkeppnishæfi innlendrar búvöruframleiðslu og hag bænda.

Sláturfélag Suðurlands svf · Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík · 575 6000 · www.ss.is